# FRÉTTABLAÐIÐ

275. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 21. NÓVEMBER 2018




Loftgæði á Akureyri voru afar slæm í gær. Þá fór styrkur svifryks í andrúmslofti yfir 200 míkrógrömm á rúmmetra um hádegisbilið. Mengunin var vel sýnileg þegar Auðunn Níelsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, átti leið um Þórunnarstræti. Hlýindi síðustu daga hafa þurrkað götur og í köldu og stilltu loftinu í gær mynduðust kjöraðstæður fyrir svifryk. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Um þriðjungur upplifði einelti hjá OR

**Rúm þrjátíu prósent fyrrverandi starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur sögðust hafa upplifað einelti á vinnustað. Rýnt verður í niðurstöðurnar í þágu úrbótastarfs. Framkvæmdastjóra sem fengið hefur áminningu fyrir áreitni hvergi getið í skýrslu Innri endurskoðunar.**

**STJÓRNSÝSLA** Yfir þrjátíu prósent fyrrverandi starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur sem tóku þátt í könnun Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar upplifðu einelti á vinnustað meðan þeir störfuðu hjá fyrirtækinu.

Töluverður munur er á svörum núverandi og fyrrverandi starfsmanna fyrirtækisins þegar spurt er um einelti en einungis sjö prósent núverandi starfsmanna segjast hafa upplifað einelti á vinnustaðnum. Þrátt fyrir þetta háa hlutfall var því viðhorfi lýst af hálfu Orkuveitunnar, með vísan til niðurstöðu úttektarinnar, að vinnustaðamenning væri betri hjá fyrirtækinu en gengur og gerist á vinnumarkaði.

Fréttablaðið sendi Helgu Jónsdóttur, sitjandi forstjóra Orkuveitunnar, fyrirspurn um hvernig yfirlýsingin samræmdist fyrrgreindri upplifun fyrrverandi starfsmanna en fékk ekki svar. Aðspurður segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, að niðurstöður könnunar eldri starfsmanna séu vitaskuld meðal þeirra gagna sem verið sé að rýna hjá fyrirtækinu í þágu úrbótastarfs.

Máls Ingvars Stefánssonar, framkvæmdastjóra fjármála, sem var veitt formleg áminning vegna kynferðislegrar áreitni árið 2015, er hvergi getið í skýrslu Innri endurskoðunar um vinnustaðamenningu

> **Töluverður munur er á svörum núverandi og fyrrverandi starfsmanna þegar spurt er um einelti.**

hjá Orkuveitunni. Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að mál Ingvars hafi verið tekið til skoðunar hjá Innri endurskoðun eftir að yfirlýsing frá honum barst fjölmiðlum. Eftir viðtal við hann sjálfan, samstarfsmenn og fulltrúa starfsmannahalds, var ekki talin ástæða til að fjalla frekar um mál hans og því talið lokið enda hefði hvorki Ingvar sjálfur né fyrirtækið gert athugasemd við málsmeðferðina sem málið hlaut á sínum tíma.

Ekki var rætt við þolendur áreitninnar en kvartanir kvennanna tveggja sem áminningin laut að voru nafnlausar. – aá

## Krónuskortur gæti hamlað fjárfestingu



**VIÐSKIPTI** Forstöðumaður greiningardeildar Arion banka segir margt benda til þess að eftirspurn eftir lánsfé sé orðin eða muni brátt verða mun meiri en framboðið.

„Ég óttast að við gætum siglt inn í peningalegt aðhald sem er mun meira en vextir Seðlabankans einir og sér gefa til kynna. Að við sköpum hér ástand þar sem skortur á krónum dregur úr fjárfestingum og kælir hagkerfið mun meira en ástæða er til,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson.

Sumir tala um krónuskort og að í einstaka bönkum sé orðið auðveldara fyrir fyrirtæki að fá lán í erlendri mynt en krónum. – kij / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Lára Magnúsardóttir skrifar um framtíð hinna dauðu. 13

**SPORT** Velgengni fótboltalandsliðs karla er ekki lokið, segir Arnar Grétarsson. 14

**TÍMAMÓT** Rafbókin Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi er komin út og er aðgangur að henni opinn á vef Landsbókasafnsins. 16

**LÍFIÐ** Ein af þekktustu myndum Eddu Heiðrúnar Backman heitinnar er nú fáanleg á sængurveri. 26




PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg austlæg átt og skýjað með köflum og þurrt að kalla en norðvestlæg átt 5-10 og dálítil rigning NV-til síðdegis. Hiti 3 til 8 stig, en fer heldur kólnandi er líður á daginn.
SJÁ SÍÐU 18



Jacob Rees-Mogg. NORDICPHOTOS/AFP

## Gengur illa að steypa May

**BRETLAND** Harðir Brexit-sinnar innan breska Íhaldsflokksins hafa ekki enn náð þeim þröskuldi sem þarf til að lýsa yfir vantrausti á Theresu May forsætisráðherra og knýja fram leiðtogakjör. Alls þurfa 48 þingmenn, eða fimmtán prósent þingflokksins, að senda svokallaðri 1922-nefnd flokksins bréf þar sem þess er óskað og stóðu vonir fylkingarinnar til að það myndi nást í vikunni.

Jacob Rees-Mogg, sem er einna mest áberandi þessara andstæðinga May, sagði í gær að þolinmæði væri dyggð. „Við skulum sjá til hvort bréfin berist ekki með tíð og tíma,“ hafði Reuters eftir Rees-Mogg. **– þea**

## Leita aðstoðar Bandaríkjanna

**ÍSRAEL** Yfirvöld í Ísrael munu leita ráða hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna eftir að Airbnb fjarlægði eignir á Vesturbakkanum sem skráðar voru til útleigu af síðu sinni. Þetta sagði Gilad Erdan, öryggis- og upplýsingamálaráðherra Ísraels.

„Við munum hafa samband við Bandaríkin þar sem 25 ríki þeirra hafa samþykkt lög um þvinganir gegn fyrirtækjum sem sniðganga Ísrael. Í þessu tilfelli er enginn munur á því um hvaða svæði Ísraels er að ræða,“ sagði Erdan og fullyrti að Vesturbakkinn, sem Ísraelar hafa hernumið, falli undir téð lög. **– þea**






## Eitt yngsta þing heims



Barnaþing fór fram í Laugarnesskóla í gær og stýrðu börn í 6. bekk þinginu en yngri börn tóku þátt í umræðum. Þingið fór fram í tilefni alþjóðadags barna. Meðal annars var rætt um einelti, matarsóun, hreint vatn og líðan og öryggi barna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af þinginu er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**



**Á vettvangi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Vilja ræða við vitni að bruna

**LÖGREGLUMÁL** Ekkert liggur fyrir um eldsupptök í iðnaðarhúsi við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði fyrir helgi.

Rannsókn er hins vegar enn í fullum gangi og óskar lögreglan eftir því að ná tali af fólki sem var á ferðinni, bæði á ökutækjum og gangandi, í nágrenni við brunavettvang áður en slökkvilið og lögregla komu á staðinn. Ökutækin og fólkið sést að sögn lögreglu á myndefni sem borist hefur til hennar. Að sögn lögreglunnar er mikilvægt að þetta fólk hafi samband sem fyrst. **– smj**

# Norðsnjáldri í fjörunni í Höfðavík á Heimaey

Sjaldgæfan hval langt djúpt úr úthafinu sunnan við Ísland rak á land á Heimaey. Hafrannsóknastofnun tók sýni úr hvalnum en gaf uppstoppara eftir hausinn til að verka hauskúpuna. Um er að ræða fjögurra metra langan norðsnjáldratarf.

**NÁTTÚRA** Tarfur af hinni sjaldséðu norðsnjáldrategund fannst á sunnudag rekinn á land í Höfðavík við Stórhöfða í Vestmannaeyjum.

Gísli Á. Víkingsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, segir sýni hafa verið tekið úr norðsnjáldranum til greiningar. Ekki sé algengt að hvali þessarar tegundar reki á fjörur hérlendis. Vitað sé um nærri tíu tilvik. „Fyrsta viðurkennda dæmið um norðsnjáldra var 1992,“ segir hann.

Aðalútbreiðslusvæði norðsnjáldra er djúpt í úthafinu sunnan við Ísland. Hann leitar sjaldan inn á lundgrunnið að sögn Gísla. Dýrið í Höfðavík sé fjögurra metra langur tarfur sem sennilega sé fullvaxinn.

„Svínhvalir almennt er mjög illa þekkt ætt hvala. Þeir halda til í úthafinu og kafa mjög djúpt og lengi þannig að þetta er sennilega einna verst rannskaða tegund hvala,“ segir Gísli. Þessir hvalir lifi mest á smokkfiski ýmiss konar og ef til vill kolkröbbum. „Upplýsingar eru mjög takmarkaðar vegna þess að það er sjaldgæft að norðsnjáldra reki á land.“

Þá segir Gísli að hvalatalningar nái mjög ógjarnan út á úthafið. „Og þar að auki kafa þeir það lengi að þeir koma illa fram í talningum,“ útskýrir hann. Ekki sé því vitað um stofnstærðina.

Tekin voru magasýni og sýni af spiki og kjöti til efnagreiningar. Einnig af æxlunarfærum. „Hvert nýtt sýni af þessari tegund er hlutfallslega meira virði en af öðrum tegundum,“ undirstrikar Gísli. Þannig má segja að um sannkallaðan hvalreka sé að ræða í vísindalegu tilliti. Sýnin verði einnig aðgengileg erlendum vísindamönnum sem eru að skoða tegundina. „Þetta endar oft í stærra samstarfsverkefni við erlenda vísindamenn.“

Uppstoppari í Vestmannaeyjum sagaði hausinn af skepnunni með samþykki Hafrannsóknastofnunar til að verka hauskúpuna. Á tveimur tönnum sem tarfar norðsnjáldra hafa í neðri gómi voru sníkjudýr sem bíða stofnunarinnar hjá uppstopparanum sem baðst undan að vera nefndur. Gísli segir Hafrannsóknastofnun sjálfa eiga beinagrind úr norðsnjáldra. Hún hafi verið lánuð til Hvalasafnsins á Húsavík.

Að sögn Gísla er það Umhverfisstofnunar og Vestmannaeyjabæjar að ákveða hvað verður um hræið. Það gæti verið grafið á staðnum eða ýtt út í sjó til að sökkva þar.
gar@frettabladid.is



**Hausinn á norðsjáldranum var sagaður af.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

### Norðsnjáldri

Norðsnjáldrar eru af ætt svínhvala og eina tegundin sem fundist hefur við Ísland af þeim fimm tegundum sem fundist hafa í Norður-Atlantshafi.

Norðsnjáldri er 5 til 5,5 metrar og allt að 1,5 tonn. Hausinn er fremur lítill og frammjór og undir honum eru tvær húðfellingar sem liggja samsíða kjálkabeinunum. Trýnið er meðallangt og ekki afmarkað frá enninu. Oftast eru dýrin grá. Það sérkennilegasta við norðsnjáldra og aðra svínhvali er að dýrið hefur bara eitt par af tönnum. Kýr norðsnjáldra eru þó tannlausar.
**Heimild: Wikipedia**



Um er að ræða samstarfsverkefni meðal annars UNICEF á Íslandi, embættis umboðsmanns barna, Félags Sameinuðu þjóðanna og Laugarnesskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fjölmennt á barnaþingi

Börn í 6. bekk stýrðu Barnaþingi í Laugarnesskóla í tilefni alþjóðadags barna í gær þar sem yngri nemendur ræddu meðal annars um réttindi barna, líðan, einelti, mengun og matarsóun. Einnig þinguðu nemendur sex skóla í Þróttara- og Framheimilunum.









Snertilausar greiðslur Íslandsbanka
islandsbanki.is
Borgaðu með símanum í næsta posa
Sæktu kortaappið og tengdu kreditkortið þitt.
Þú borgar snertilaust í posum um allan heim með
Android og innan skamms með iOS og snjallúrum.
Nánar á islandsbanki.is
440 4000
12:30
Almennt
Credit
Endar á 7242
Notkun á tímabili
120.450 kr.
Til ráðstöfunar
279.550 kr.
Engir ógreiddir reikningar

# Sálfræðingar kallaðir til vegna deilna í Landbúnaðarháskólanum

**MENNTAMÁL** Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta Jóhanns Inga Gunnarssonar var fengin til að vinna úttekt innan Landbúnaðarháskóla Íslands. Rektor skólans segir að ástæðan sé deilumál innan skólans.

„Þetta var ákveðið deilumál innan skólans en ég get ekki sagt meira, því miður,“ segir Sæmundur Sveinsson, rektor Landbúnaðarháskólans, aðspurður um málið. Samkvæmt vefsíðunni opnirreikningar.is greiddi mennta- og menningarmálaráðuneytið Sálfræðiþjónustu Jóhanns Inga 1.250 þúsund krónur í síðasta mánuði vegna vinnunnar. Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um reikninginn hjá ráðuneytinu og fékk þau svör að hann tengdist starfsmannamálum Landbúnaðarháskóla Íslands.

Rektor skólans segir sálfræðingana hafa skilað af sér skýrslu en að efni hennar sé bundið slíkum trúnaði með vísan í nýju persónuverndarlögin að hann þori ekki að segja meira um það. Ráðuneytið muni síðan birta honum niðurstöður í málinu sem séu opinberar.

„En þessi skýrsla sem þessi þjónusta vann fyrir okkur, ég þori ekki að segja neitt um hana,“ segir Sæmundur.

Fyrir ári fjallaði Stundin um átök innan skólans milli rektors og þáverandi prófessors sem gagnrýnt hafði samstarfsfólk sitt. Engar upplýsingar er þó að fá um hvort úttektin nú tengist því þar sem bæði stjórnendur og starfsfólk þegja þunnu hljóði um heimsókn sálfræðinganna að sunnan. – smj



**Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri.**

## Seldi dóttur sína á Facebook

**SUÐUR-SÚDAN** Karlmaður í Suður-Súdan hélt uppboð á Facebook og fékk 500 kýr, þrjá bíla og andvirði um milljónar króna. Í staðinn fékk kaupandinn að giftast sextán ára dóttur mannsins. Frá þessu greindu mannréttindabaráttusamtökin Plan International en uppboðssigurvegarinn kvæntist stúlkunni þann 3. nóvember síðastliðinn.

„Þessi villimannslega notkun tækninnar minnir á þrælauppboð fortíðarinnar. Það er gjörsamlega með ólíkindum að hægt hafi verið að selja stelpu í hjónaband á stærsta samfélagsmiðli nútímans. Og þótt það sé algengt að brúðarverð sé greitt í Suður-Súdan afsakar það ekki meðferð á þessari stelpu, sem er enn á barnsaldri,“ var haft eftir George Otim, æðsta erindreka samtakanna í Suður-Súdan. Hann sagði jafnframt að samtökin kölluðu eftir rannsókn yfirvalda á málinu.

Facebook sagði í svari við fyrirspurn CNet að uppboð sem þessi væru ekki liðin á Facebook. Innleggið hefði verið fjarlægt af samfélagsmiðlinum og faðirinn settur í bann. – þea

### LEIÐRÉTTING

*Í Fréttablaðinu á mánudag var Sigríður Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju, rangnefnd Sigrún. Beðist er velvirðingar á þessu.*


FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Pólskættaðir sækja þjónustu heim til að forðast bið á Íslandi

**Langur biðtími, samskiptaörðugleikar og framboð á lyfjum er meðal ástæðna fyrir því að hluti pólskættaðra Íslendinga og Pólverja hér á landi flýgur til Póllands til að fá heilbrigðisþjónustu. Oft sparast fjármunir með förinni. Pólskættaður hjúkrunarfræðingur segir kerfið hér ekki á sömu forsendum og þau eru vön.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslendingar af pólskum ættum og Pólverjar búsettir hér á landi virðast að hluta sækja heilbrigðisþjónustu til gamla heimalandsins að sögn pólskættaðs hjúkrunarfræðings. Virðist það jafnt gilda um þá sem eru sjúkratryggðir hér á landi og ósjúkratryggða.

„Það býr engin rannsókn að baki ályktunum mínum heldur byggja þær á minni reynslu og frásögnum fólks sem ég þekki. Þetta virðist ekki vera í stórum stíl en það eru þó margir sem nota heilbrigðiskerfið úti,“ segir hjúkrunarfræðingurinn Grazyna María Okuniewska. Grazyna flutti erindi um efnið á morgunverðarfundi Lyfjastofnunar um lestur lyfseðla í liðinni viku.

Að sögn Grazynu eru ástæðurnar fyrir slíkum ferðum jafn misjafnar og fjöldi þeirra sem fer í þær. Tungumálið spili rullu en sumir tali takmarkaða íslensku og ensku. Því getur samtalið við lækni hér á landi reynst erfitt. Hið sama gildi um lestur fylgiseðla sem flestir eru á íslensku. Upplýsingar um aukaverkanir og meðhöndlun lyfja geti því misfarist.

„Þá hefur það einnig áhrif hve auðvelt það er að komast að hjá lækni í Póllandi. Hér er víða langur biðtími eftir þjónustu. Ég þekki persónulega dæmi um einstaklinga sem höfðu beðið meira en þrjá mánuði eftir meðferð hér. Það tók nokkra daga að fá tíma í rannsókn með sérfræðingi í Póllandi,“ segir Grazyna.

Framboð lyfja hér á landi spili einnig inn í. Í Póllandi búi 40 milljónir manna en Ísland er aðeins rúmlega 300 þúsund manna markaður.



**Mun styttri bið er eftir læknisþjónustu í Póllandi en hér á landi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Flestir pólskættaðir sem ég þekki hér myndu frekar vilja nota þjónustuna á Íslandi en hún er ekki boðin á þeim forsendum sem við erum vön.**
>
> Grazyna María Okuniewska, hjúkrunarfræðingur



Sumir sem hingað koma hafi fengið lyf í ættlandinu sem ekki sé aðgengilegt hér. Þau lyf sem hér hafi fengist hafi ekki gefið jafn góða raun og því þekkist það að fólk sæki lyfin út.

„Það hefur líka áhrif ef þú ert búsettur í 800 manna bæ á Íslandi. Þar eru sjaldnast sérfræðingar en úti er fjöldi sérfræðinga og biðtíminn styttri,“ segir Grazyna.

Í Póllandi er heilbrigðiskerfið tvöfalt í þeim skilningi að fólk getur valið á milli niðurgreiddrar heilbrigðisþjónustu ríkisins eða að fara á einkareknar stöðvar lækna. Þá segir Grazyna að munurinn á verði á tíma hjá sérfræðingi ytra, að teknu tilliti til flugfargjalda, samanborið við verðið á Íslandi, sé oft þannig að fé sparist á ferð út. Ferðina megi síðan nýta til að heimsækja ættingja.

„Flestir pólskættaðir sem ég þekki hér myndu frekar vilja nota þjónustuna á Íslandi en hún er ekki boðin á þeim forsendum sem við erum vön. Það hefur áhrif á val okkar,“ segir Grazyna. joli@frettabladid.is





JEEP COMPASS LIMITED

JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR Á GAMLA GENGINU

EINI JEPPINN Í ÞESSUM STÆRÐARFLOKKI SEM BÝÐUR UPP Á LÁGT DRIF.

Jeep Compass er útbúinn með alvöru fjórhjóladrifi: Jeep Active Drive, sem gerir ökumanni kleift að velja um fjórar drifstillingar sem taka mið af akstursundirlagi hverju sinni, Auto, Snow, Sand og Mud ásamt því að læsa milli fram- og afturdrifs í Limited og til viðbótar í Trailhawk er fimmta stillingin Rock ásamt lágu drifi. 2.0 lítra dísel 140 hö. eða 170 hö. og 170 hö. bensínvél. 9 gíra sjálfskipting.

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep THERE'S ONLY ONE

**BLACK FRIDAY VIKA!**
**19-24. NÓVEMBER**

# Stórlækkað verð af völdum bílum!

**Gjafabréf í Smáralind að verðmæti 50.000 kr. fylgir öllum tilboðsbílum.**

**50% afsláttur af lántökugjöldum hjá Lykli.**

Lykill fjármögnun

**1.290.000 kr. afsláttur**



Verð nú
**6.490.000 kr.**
verð áður 7.780.000 kr.

## Mercedes-Benz E Station
Nýskráður 5/2017, ekinn 17 þús. km, dísil, 1950 cc, 195 hö, sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993023

**300.000 kr. afsláttur**



Verð nú
**1.190.000 kr.**
verð áður 1.490.000 kr.

## Volvo S80
Nýskráður 12/2007, ekinn 196 þús. km, bensín, 2521 cc, 200 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993470

**610.000 kr. afsláttur**



Renault
## Megane
Nýskráður 7/2014, ekinn 76 þús. km, dísil, 1461 cc, 110 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993030
verð áður 2.100.000 kr.
**1.490.000 kr.**

**1.540.000 kr. afsláttur**



Mercedes-Benz
## GL
Nýskráður 9/2016, ekinn 44 þús. km, dísil, 2987 cc, 259 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993032
verð áður 12.490.000 kr.
**10.950.000 kr.**

**300.000 kr. afsláttur**



Kia
## Sportage
Nýskráður 7/2016, ekinn 105 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 291744
verð áður 3.650.000 kr.
**3.350.000 kr.**

**800.000 kr. afsláttur**



Mercedes-Benz
## GLK
Nýskráður 4/2015, ekinn 51 þús. km, dísil, 2143 cc, 170 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 340683
verð áður 5.250.000 kr.
**4.450.000 kr.**

**400.000 kr. afsláttur**



VW
## Passat
Nýskráður 2/2012, ekinn 86 þús. km, bensín-metan, 1390 cc, 86 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993070
verð áður 1.790.000 kr.
**1.390.000 kr.**

**360.000 kr. afsláttur**



Kia
## Ceed
Nýskráður 6/2017, ekinn 31 þús. km, dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 340700
verð áður 2.550.000 kr.
**2.190.000 kr.**

**260.000 kr. afsláttur**



Ford
## Focus
Nýskráður 5/2015, ekinn 53 þús. km, bensín, 1498 cc, 150 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993332
verð áður 2.250.000 kr.
**1.990.000 kr.**

**200.000 kr. afsláttur**



Renault
## Trafic
Nýskráður 6/2014, ekinn 30 þús. km, dísil, 1995 cc, 115 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993276
verð áður 2.715.000 kr.
**2.350.000 kr.**

**150.000 kr. afsláttur**



Kia
## Picanto
Nýskráður 10/2015, ekinn 40 þús. km, bensín, 998 cc, 66 hö, beinskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 390202
verð áður 1.240.000 kr.
**1.090.000 kr.**

**600.000 kr. afsláttur**



Peugeot
## 5008
Nýskráður 5/2015, ekinn 97 þús. km, dísil, 1560 cc, 115 hö, sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
Raðnúmer: 993324
verð áður 2.390.000 kr.
**1.790.000 kr.**

**600.000 kr. afsláttur**



Ford
## Mondeo
Nýskráður 1/2018, ekinn 12 þús. km, dísil, 1997 cc, 180 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 142699
verð áður 5.890.000 kr.
**5.290.000 kr.**

**340.000 kr. afsláttur**



VW
## Golf
Nýskráður 5/2016, ekinn 47 þús. km, dísil, 1598 cc, 110 hö, beinskiptur, fjórhjóladrifinn.
Raðnúmer: 390287
verð áður 2.690.000 kr.
**2.350.000 kr.**

ASKJA
**NOTAÐIR BÍLAR**
www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndavíxli




**Barnaklám fannst á samfélagsmiðlinum Tumblr.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Tumblr hent úr App Store vegna barnakláms

**TÆKNI** Bandaríski tæknirisinn Apple fjarlægði snjallforrit samfélagsmiðilsins Tumblr úr snjallforritaverslun sinni, App Store, þann 16. nóvember síðastliðinn. Tæknimiðillinn Download greindi svo í gær frá því að ástæðan væri sú að barnaklám kæmist reglulega í gegnum síur miðilsins og mætti því finna inni á Tumblr.

Tumblr sagði í svari við fyrirspurn Download að barnaklám væri ekki liðið á miðlinum og að unnið væri með öðrum tæknifyrirtækjum og stofnunum að því að koma í veg fyrir að slíku efni yrði hlaðið upp. Regluleg skoðun hafi hins vegar leitt í ljós að barnaklám hafi komist í gegnum síu miðilsins og var því tafarlaust eytt út. „Við erum sífellt að endurmeta verkferla og skoða hvernig við getum bætt okkur. Ekkert mál er í meiri forgangi,“ sagði í svarinu. – þea

## Hryðjuverk í Kabúl



**Afganskir klerkar söfnuðust saman fyrir utan sjúkrahús í afgönsku höfuðborginni Kabúl í gær eftir að sjálfsmorðssprengjuárás var gerð á fund þeirra í veislusal þar sem þeir héldu upp á afmæli Múhameðs spámanns. Samkvæmt yfirvöldum fórust að minnsta kosti 43 í árásinni. Ashraf Ghani forseti hefur fordæmt verknaðinn og kallað hann hryðjuverkaárás. Enginn hefur lýst yfir ábyrgð en Talíbanar hafa neitað sök.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fá tækifæri til að hlusta betur á íbúana

**Eigendur kísilverksmiðju í Helguvík ætla að verja 4,5 milljörðum í úrbætur og til að tryggja rekstur hennar. Boðað er til íbúafundar um málefni verksmiðjunnar í kvöld. Andstæðingar stóriðju í Helguvík hyggjast fjölmenna á fundinn og vinna áfram að hópmálsókn.**

**REYKJANESBÆR** „Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir alla að fá að hittast,“ segir Þórður Ólafur Þórðarson, framkvæmdastjóri Stakksbergs.

„Þetta er klárlega tækifæri fyrir okkur til að segja fólki frá þeirri miklu vinnu sem átt hefur sér stað við að undirbúa umbætur á verksmiðjunni. Þetta er líka tækifæri fyrir okkur að heyra sjónarmiðin og skilaboðin kannski enn hærra en við heyrðum þau með athugasemdunum sem bárust í sumar.“

Stakksberg vinnur að því að koma kísilverksmiðju sinni í Helguvík í gang. Hún var áður rekin af United Silicon. Framtíð kísilverksmiðjunnar hefur verið mjög umdeild meðal bæjarbúa. Stakksberg boðar til íbúafundar í Stapa í kvöld.

„Ég ætla að gera mitt besta til að fylla salinn. Ég hef ekki trú á öðru en að það takist. Ef fólk er á móti þessu þá kemur á fundinn,“ segir Einar Már Atlason, formaður samtakanna Andstæðingar stóriðju í Helguvík.

Í gær var birt á vef Skipulagsstofnunar endurskoðuð tillaga að matsáætlun fyrir nýtt umhverfismat verksmiðjunnar. Frestur til að gera athugasemdir er til 5. desember. Í tilkynningu segir að Stakksberg ætli að verja 4,5 milljörðum króna til að gera nauðsynlegar úrbætur.

„Við höfum sagt frá upphafi að við hygðumst koma þessari verksmiðju í það horf sem best gerist í þessum geira. Þannig að þessi kostnaður lýtur bæði að hreinum úrbótum á þeim þáttum sem Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við en líka að því að styrkja innviði verksmiðjunnar gagngert til að tryggja reksturinn,“ segir Þórður.



**Kísilverksmiðjan sem United Silicon rak áður í Helguvík.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Aðspurður segist Þórður eiga von á því að fjárfestingin skili sér. „Ég á von á því miðað við þann áhuga fjárfesta sem hafa lýst sig áhugasama um verksmiðjuna þannig ég á von á því að þetta fari vel.“

Einar Már hvetur fólk til að senda inn athugasemdir. Hann hafi áhyggjur af því að bæjarstjórn Reykjanesbæjar hafi þegar ákveðið að verksmiðjan fari aftur í gang og að verksmiðja Thorsil rísi. Vísar hann þar í ummæli Kjartans Más Kjartanssonar bæjarstjóra um að rekstur verksmiðjanna tveggja geti bjargað rekstri Helguvíkurhafnar.

„Mér finnst mjög óábyrgt af bæjarstjóranum að tala svona um þessi mál. En við munum berjast áfram með kjafti og klóm,“ segir Einar.

Að sögn Einars er vinna við hópmálsókn samtakanna langt komin. Snýr hún að því að koma í veg fyrir rekstur verksmiðjanna tveggja í Helguvík. „Vonandi klárast það í lok nóvember eða byrjun desember áður en það fer eitthvað meira í gang þarna.“ sighvatur@frettabladid.is



# SVARTUR FÖSSARI

Alla þessa viku

## ÖFLUGAR OG ÁREIÐANLEGAR SAMSUNG SPJALDTÖLVUR



MIÐ

-41%

-33%

AÐEINS 50 STK.

AÐEINS 140 STK.

VERÐ ÁÐUR: 84.495

WIFI 49.995

EÐA 4.702 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN - ALLS 56.425 KR. - ÁHK 23,18%

VERÐ ÁÐUR: 89.495

4G 59.995

EÐA 5.565 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN - ALLS 66.775 KR. - ÁHK 20,23%

**SAMSUNG**
**TAB S3 SPJALDTÖLVA**
SAMT820BLA SAMT820SIL SAMT825BLA SAMT825SIL

---

FJÖLBREYTT ÚRVAL BRAGÐEFNA Í BOÐI



MIÐ

-30%

AÐEINS 150 STK.

VERÐ ÁÐUR: 6.995

4.895

**SODASTREAM**
**JET**
S1012101775

---

A++ Orkuflokkur | 44 dB Hljóðstyrkur | 14 Manna



MIÐ

-26%

AÐEINS 50 STK.

VERÐ ÁÐUR: 64.995

47.995

EÐA 4.486 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN - ALLS 53.837 KR. - ÁHK 24,12%

**LOGIK**
**UPPÞVOTTAVÉL**
LDW60X18N

---



MIÐ

-50%

AÐEINS 50 STK.

VERÐ ÁÐUR: 29.990

14.995

**HP**
**OFFICEJET 9670 FJÖLNOTATÆKI**
HPOJ6970

---

A++ Orkuflokkur | 100L Kælir | 14L Frystir | 85CM Hæð



MIÐ

-30%

AÐEINS 40 STK.

VERÐ ÁÐUR: 32.995

22.995

**LOGIK**
**KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI**
LUR55W18E

---




MIÐ

-25%

AÐEINS 20 STK.

VERÐ ÁÐUR: 99.990

74.995

EÐA 6.858 KR. Á MÁNUÐI

M.V. 12 MÁN. VAXTAL. KORTALÁN - ALLS 82.300 KR. - ÁHK 17,31%

**SONY**
**ALPHA A68K MYNDAVÉL**
DSLTA68K

---




MIÐ

-30%

AÐEINS 150 STK.

LÍKA TIL Í SVÖRTU

VERÐ ÁÐUR: 24.994

17.495

**MARSHALL**
**ACTON BLUETOOTH HÁTALARI**
ACTONBTBL ACTONBTCR

---

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

# Karlsvæðisstjórar mega hafa hærri laun

**Kærunefnd jafnréttismála mat kæru Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga tilefnislausa og felldi málskostnað á félagið. Málið varðaði kvenkyns hjúkrunarfræðimenntaða svæðisstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem fengu lægri laun en karlkyns læknar.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Kærunefnd jafnréttismála hafnaði í nýbirtum úrskurði sínum að það bryti í bága við jafnréttislög að greiða hjúkrunarfræðimenntuðum svæðisstjórum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins lægri laun en svæðisstjórum með læknisfræðimenntun. Í þokkabót úrskurðaði nefndin að Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) bæri að greiða 250 þúsund krónur í málskostnað þar sem kæran hefði verið „tilefnislaus“.

Málið á sér nokkra forsögu. Árið 2015 var gerð skipulagsbreyting hjá heilsugæslunni þar sem störf yfirhjúkrunarfræðinga og yfirlækna voru lögð niður. Þess í stað voru stofnuð störf fagstjóra hjúkrunar annars vegar og lækninga hins vegar. Á hverja stöð var ráðinn svæðisstjóri sem annaðhvort var hjúkrunarfræðingur eða læknir. Svæðisstjóri var jafnframt fagstjóri síns sviðs. Á þeim stöðvum þar sem svæðisstjóri var fagstjóri lækninga var þessu næst ráðinn fagstjóri hjúkrunar og öfugt.

Svæðisstjórarnir eru alls fimmtán. Sjö eru kvenkyns hjúkrunarfræðingar en átta eru læknar að mennt, þrír karlar og fimm konur. Árið 2016 leituðu fimm hjúkrunarfræðimenntaðir svæðisstjórar til FÍH þar sem laun þeirra voru lægri en karlkyns kollega þeirra. Málið fyrir nefndinni nú snerist um það hvort það stæðist jafnréttislög.



Starf svæðisstjóra er ekki það sama og starf svæðisstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í málsrökum heilsugæslunnar kom fram að launamuninn mætti rekja til þess að svæðisstjórar væru ýmist fagstjórar lækninga eða hjúkrunar. Þar myndaðist launamismunurinn þar sem fagstjórar lækninga fengju hærri laun en fagstjórar hjúkrunar. Þann mun mætti síðan rekja til lengri menntunar lækna, klínísk störf þeirra væru umfangsmeiri en hjúkrunarfræðinganna og þeir væru að auki ábyrgir fyrir færslu og varðveislu sjúkraskrár.

FÍH taldi á móti að starf svæðisstjóra væri eitt og sama starfið óháð því hvort svæðisstjóri væri hjúkrunarfræðingur eða læknir. Starfið væri stjórnunarstarf í eðli sínu og bæri starfslýsing svæðisstjóra þess glögg merki. Ekki væri því réttlætanlegt að greiða mishá laun fyrir sama starf eftir því hvaða menntun svæðisstjóri hefur.

> **Það sem kærunefndin horfir til er að þar sem það eru svæðisstjórar sem eru samtímis konur og læknar þá sé þetta ekki launamunur á grundvelli kynferðis.**
>
> Gunnar Helgason, sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs FÍH



Að mati kærunefndarinnar færði heilsugæslan málefnaleg rök fyrir launamuninum. Hann mætti rekja til þeirra starfa sem hjúkrunarfræðingar og læknar sinna og kjarasamninga við hlutaðeigandi stéttarfélög. Þá benti nefndin á að kvenkyns svæðisstjórarnir, sem jafnframt voru læknar, væru á hærri launum en karlkyns kollegar þeirra. Í ljósi þess að FÍH skautaði alfarið framhjá því í málatilbúnaði sínum, þrátt fyrir að hafa allar upplýsingar um laun hlutaðeigandi í sínum fórum, varð til þess að nefndin taldi málið tilefnislaust með öllu og felldi málskostnað á félagið.

„Það sem kærunefndin horfir til er að þar sem það eru svæðisstjórar sem eru samtímis konur og læknar þá sé þetta ekki launamunur á grundvelli kynferðis. Það eru mikil vonbrigði,“ segir Gunnar Helgason, sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs FÍH.

Aðspurður segir Gunnar að launamunurinn hlaupi á hundruðum þúsunda. Það að fara með málið fyrir kærunefndina hafi verið þrautaleið. Áður hafi félagið reynt að ræða við heilsugæsluna en ekki verið virt svars.

„Staðan sem var auglýst var stjórnandastaða en nefndin og heilsugæslan virðast telja það svo að þú sért fyrst læknir eða hjúkrunarfræðingur og síðan stjórnandi. Mér finnst það eiginlega ekki ganga upp. Starfið var auglýst sem stjórnunarstarf og af félagsmönnum okkar má ráða að það sé stærsti hluti starfsins,“ segir Gunnar.

„Við vísum því á bug að kæran hafi verið tilefnislaus og munum kæra þann hluta málsins til héraðsdóms. Hvað úrskurðinn í heild varðar þá erum við að skoða réttarstöðu okkar.“ joli@frettabladid.is





ENNEMM / SÍA / NM90749

**Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.**

Við kynnum nýjan Hyundai i20 sem er enn betur útbúinn en eldri gerðir af i20. Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaða yfirbragð, og í nýjum 7" snertiskjá er hægt að nýta sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™. Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is




B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Hafnar forsæti hæstaréttar vegna skilaboðaleka Lýðflokksmanns

**SPÁNN** Manuel Marchena, spænskur hæstaréttardómari, hefur hafnað því að taka við embætti forseta hæstaréttar og spænska dómskerfisins alls. Sósíalistaflokkurinn, sem er í minnihlutastjórn, og Lýðflokkurinn, langstærsti flokkur stjórnarandstöðu, höfðu samið um að hann fengi sætið og var það samkomulag hluti samkomulags um skipan í embætti innan dómskerfisins.

Ákvörðunina tók Marchena eftir að spænskt vefrit lak WhatsApp-skilaboðum Ignacios Cosidó, þingflokksformanns Lýðflokksins í öldungadeildinni, þar sem fram kom að með samkomulagsgerðinni fengi flokkurinn völd yfir dómskerfinu og gæti stýrt sakamáladeild hæstaréttar úr bakherberginu.

Aðskilnaðarsinnar í Katalóníu gagnrýndu skilaboðin harðlega enda eru níu þeirra nú í fangelsi, ákærðir fyrir uppreisnaráróður og uppreisn gegn spænska ríkinu, og með mál fyrir sakamáladeildinni á meðan Lýðflokkurinn beitti sér af hörku gegn aðskilnaðarsinnum. Flokkurinn var við völd síðasta haust þegar Katalónarnir voru handteknir eftir ólöglega atkvæðagreiðslu og sjálfstæðisyfirlýsingu.

Marchena sagði í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér að hann hafi aldrei litið svo á að dómskerfið ætti að vera verkfæri sem stjórnmálamenn geta nýtt sér og sagðist vera sjálfstæður í störfum. En Marchena mun þó áfram stýra sakamáladeild hæstaréttar, líkt og undanfarin ár.

Sex þeirra níu Katalóna sem eru í haldi sendu hæstarétti bréf í gær þar sem þess var krafist að Marchena myndi víkja úr því embætti. Hann var sakaður um hlutdrægni í garð Lýðflokksins og Sósíalistaflokksins og hreykti Cosidó sér af skipan hans.

Pedro Sánchez forsætisráðherra sagðist í gær harma ákvörðun Marchena. **– þea**



**Manuel Marchena hæstaréttardómari sést hér á miðri mynd.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Komsic, Dodik og Dzaferovic.** NORDICPHOTOS/AFP

## Átök á meðal forseta Bosníu

**BOSNÍA OG HERSEGÓVÍNA** Nýir meðlimir í þriggja manna forsetaráði Bosníu og Hersegóvínu voru settir í embætti í gær. Óhætt er að segja að lítill samhljómur sé innan hins nýja forsetaráðs.

Fyrirkomulagið í Bosníu er þannig að þrír menn eru kjörnir í forsætisnefndina og velur hvert þjóðarbrot í ríkinu sinn fulltrúa. Það er að segja Bosníu-Serbar, Bosníu-Króatar og Bosníumúslimar. Forsetarnir þrír skipta með sér völdum.

Milorad Dodik heitir fulltrúi Bosníu-Serba í forsetaráðinu. Sá hefur lengi rætt um að serbneski hluti Bosníu stofni nýtt, sjálfstætt ríki og er serbneskur þjóðernissinni. Hann er, samkvæmt Reuters, hliðhollur Rússum, andvígur NATO en segir aðild að ESB í forgangi.

Bosníu-Króatinn Zeljko Komsic og Bosníumúsliminn Sefik Dzaferovic eru aftur á móti sagðir hlynntir Atlantshafsbandalaginu og fjölþjóðlegri Bosníu og Hersegóvínu. **– þea**

# Gert að leysa Kúrda úr haldi

**Mannréttindadómstóllinn skipaði Tyrkjastjórn að leysa einn af stjórnmálaleiðtogum Kúrda úr haldi. Handtekinn fyrir tveimur árum vegna meintra tengsla við PKK. Fangelsunin sögð brot gegn réttindum hans. Tyrkjaforseti segir úrskurðinn ekki bindandi.**

**TYRKLAND** Mannréttindadómstóll Evrópu hefur skipað yfirvöldum í Tyrklandi að leysa Selahattin Demirtas, fyrrverandi forsetaframbjóðanda og leiðtoga HDP-flokks Kúrda, úr haldi. Demirtas hefur verið í fangelsi síðan í nóvember 2016, sakaður um tugi brota og á yfir höfði sér allt að 142 ára fangelsisdóm að því er BBC greindi frá.

Upphafleg ástæða fangelsunar Demirtas var ákæra fyrir að beina áróðri að hersveitum er berjast gegn Tyrkjum og að sýna rannsakendum ekki samstarfsvilja. Síðan þá hefur hann verið sakaður um að leiða hinn útlæga Verkamannaflokk Kúrda (PKK) sem Tyrkir flokka sem hryðjuverkasamtök, og um að hvetja til ofbeldis og skipuleggja ólögleg mótmæli. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þótt ásakanirnar gegn Demirtas væru byggðar á rökstuddum grunsemdum hefðu Tyrkir brotið á réttindum hans. Meðal annars með því að leiða hann ekki tafarlaust fyrir dómara og með því að tálma þátttöku hans í kosningum. Þá voru framlengingar á gæsluvarðhaldsúrskurðum sagðar órökstuddar.



**Selahattin Demirtas verður þó ekki leystur úr haldi, ef marka má orð Receps Tayyips Erdogan forseta.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Demirtas á yfir höfði sér 142 ára fangelsisdóm fyrir tugi meintra brota.**

„Tálmun á þátttöku hans á þingi fól í sér óréttlát afskipti af tjáningarfrelsinu og brot á rétti hans til kjörs og þingsetu. Það er hafið yfir vafa að fangelsun hans er meðal annars til þess gerð að draga úr fjölhyggju og takmarka frelsi stjórnmálaumræðunnar," sagði í tilkynningu frá dómstólnum.

Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, sagði í samtali við Anadolu í gær að hann liti svo á að úrskurðurinn væri ekki bindandi.

Demirtas sagði í yfirlýsingu að málið gegn honum væri nú „algjörlega hrunið". Barátta hans fyrir réttlæti myndi halda áfram sama hvað.

Mahsuni Karaman, lögmaður Demirtas, sagði eftir uppkvaðningu að hann hefði nú þegar farið fram á tafarlausa lausn skjólstæðings síns úr haldi í Ankara.

„Nú þegar þessi úrskurður hefur verið kveðinn upp er ljóst að hver einasta sekúnda sem Demirtas er áfram í haldi telst til brota á réttindum hans."

**thorgnyr@frettabladid.is**





**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Það er til lausn



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Nú leggur hópur þingmanna í stjórnarandstöðu til að snúa frá þeirri stefnu heilbrigðisráðherra að ríkið borgi tvöfalt uppsett verð fyrir algengar og sjálfsagðar læknisaðgerðir. Eins og sakir standa sendir ríkið sjúklinga í aðgerðir á einkareknum heilbrigðisstofnunum í Danmörku og í Svíþjóð þar sem íslenska ríkið ofgreiðir fyrir aðgerðir sem vel væri hægt að framkvæma hér á landi fyrir minna fé.

Ekkert bendir til þess að þjónustan sé betri í útlöndum, þrátt fyrir verðmiðann. Raunar fylgir gjarnan með í för íslenskur læknir sem jafnframt framkvæmir aðgerðirnar. Hins vegar má færa góð rök fyrir því að í ferðalögum sjúklinganna, sem sumir hverjir eru sárþjáðir, felist talsvert meiri óþægindi en ella.

Stjórnmálamenn bera ábyrgð. Alþingi hefur staðfest með lögum rétt fólks á að sækja sér læknismeðferð sem það þarf á að halda og að ásættanleg bið eftir aðgerðum sé 90 dagar. Því annar Landspítalinn ekki í öllum tilfellum og ekkert bendir til þess að von sé á því í nánustu framtíð að biðlistar í hinar ýmsu aðgerðir styttist að ráði.

Að 90 dögunum liðnum á fólk rétt á að leita sér þjónustu annars staðar á EES-svæðinu á kostnað ríkisins, í gegnum Sjúkratryggingar Íslands. Slíkt er ef til vill stundum óhjákvæmilegt, en í mörgum tilfellum óþarfi. Sjúkratryggingar mega nefnilega ekki greiða kostnað sjúklinga við sams konar aðgerð hér á landi, þrátt fyrir að hún sé gerð á stofu sem uppfyllir öll lagaskilyrði. Synjun um slíkt er sögð vegna þess að ekki sé samningur milli Sjúkratrygginga og viðkomandi læknis um framkvæmd aðgerðanna.

Stofnunin hefur talið sér óheimilt að gera slíkan samning vegna skýrrar afstöðu heilbrigðisráðherra, um að öll heilbrigðisþjónusta skuli vera á höndum hins opinbera. Ekki er ljóst hver munurinn er í huga ráðherrans á einkarekinni stofu í Svíþjóð og á Íslandi, en eitt er víst að aðeins önnur þeirra borgar skatta og skyldur hér á landi.

Þingmenn Viðreisnar og Miðflokks leggja nú til að snúið verði af þessari braut og íslenskum, einkareknum stofum sem uppfylla skilyrði verði leyft að framkvæma aðgerðir sem Landspítalinn annar ekki. Einn flutningsmanna og formaður Viðreisnar hefur sagt að 130 milljónum sé varið árlega í að senda fólk út í aðgerðir. Fyrir þá upphæð séu gerðar 70 aðgerðir í útlöndum, en hægt væri að gera ríflega 120 aðgerðir hér á landi.

Ef Alþingi lánast að samþykkja þessa breytingu á lögunum myndi nauðsynlegum aðgerðum fjölga hér á landi og biðtími styttast á ríkisspítalanum um leið. Lífshamingja fólks aukast. Sjúklingum fækka.

Svo getur ráðherrann tekið stöðuna aftur þegar fólk þarf ekki að bíða í mánuði og ár eftir sjálfsagðri, lögbundinni þjónustu í heimalandinu.

**Ef Alþingi lánast að samþykkja þessa breytingu á lögunum myndi nauðsynlegum aðgerðum fjölga hér á landi og biðtími styttast á ríkisspítalanum um leið. Lífshamingja fólks aukast. Sjúklingum fækka.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Meinlausir handrukkarar**
**Miklar vangaveltur eru uppi um hvort í tölvubréfi Einars Bárðarsonar til stjórnenda Orkuveitunnar kunni að leynast lítt dulbúin hótun, jafnvel tilraun til fjárkúgunar. Einar fer fram á fébætur fyrir hönd eiginkonu sinnar, Áslaugar Thelmu Einarsdóttur, og segist tilbúinn til þess að blanda mun fleirum í baráttu sína fyrir réttlátum málalokum. Tónninn er harður en nokkuð dregur úr slagkraftinum að Einar nefnir sérstaklega Dag B. Eggertsson borgarstjóra og Ragnar Þór Ingólfsson, formann VR, en auðveldlega má hugsa sér háskalegri menn til innheimtustarfa í nafni réttlætis en þessi prúðmenni tvö.**

**Sögulegt faðmlag**
**Doktor Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og þingmaður Flokks fólksins, hefur á síðustu árum verið reglulegur vikulegur gestur og álitsgjafi í síðdegisþætti Útvarps Sögu. Eitthvað virðist hann þó hafa unnið sér til óhelgi í vor þegar hann hætti skyndilega að heimsækja þáttastjórnandann Pétur Gunnlaugsson. Fastir hlustendur fengu því óvænt og kærkomið tilefni til að fagna í síðustu viku þegar Ólafur sneri aftur. Sjálfur réði hann sér vart fyrir kæti og upplýsti á Facebook að þeir Pétur, sem hann kallar „sterkustu útvarpssleggju landsmanna“, hafi fallist í faðma áður en þeir fóru yfir helstu mál.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Kosið í dag!



Ágúst Ólafur Ágústsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Fjárlög næsta árs eru fjárlög hinna glötuðu tækifæra þar sem öryrkjar, eldri borgarar, ungt fólk og millistéttin eru skilin eftir. Þrátt fyrir ummæli verkalýðshreyfingar um að húsnæðismálin séu eitt stærsta baráttumálið mun opinber húsnæðisstuðningur haldast nánast óbreyttur milli ára. Samfylkingin leggur hins vegar til að stofnframlög til almennra íbúða verði stóraukin og hækkunar vaxtabóta.

Á fundi fjárlaganefndar sögðu forsvarsmenn hjúkrunarheimila að ef ekki yrði bætt í, myndu sum hjúkrunarheimili neyðast til að skera niður í gæði matar til eldri borgara s.s. á sunnudögum og jólum. Samfylkingin leggur til hækkun hér upp á milljarð.

Þeir fjármunir sem eiga að renna til öryrkja umfram fjölgun þeirra, duga einungis fyrir um fjórðungi af því sem kostar að afnema krónu á móti krónu skerðingu. Meirihlutinn lækkaði meira að segja framlög til öryrkja frá því frumvarpið var kynnt í haust. Samfylkingin leggur hins vegar til að fjórir milljarðar króna renni til viðbótar til öryrkja og aðrir fjórir milljarðar til aldraðra. Þá leggur Samfylkingin til aukna fjármuni til barnabóta, almennrar löggæslu, samgöngumála, ásamt auknum framlögum til skóla og leikins sjónvarpsefnis.

Samfylkingin leggur til aukna fjármuni til sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni og SÁÁ en meirihluti fjárlaganefndar lagði einungis til helming af því sem SÁÁ þarf til að vinna á biðlistum. Þá leggur Samfylkingin til að 400 m.kr. renni til barna í Jemen og að gistináttagjald renni til sveitarfélaga.

Í fjárlagafrumvarpinu er enn vannýtt tekjuúrræði gagnvart hinum tekjuhæstu, s.s. hækkun fjármagnstekjuskatts, álagning tekjutengds auðlegðarskatts og sykurskatts, auknar tekjur af erlendum ferðamönnum, hækkun kolefnisgjalds og aukin auðlindagjöld. Veiðileyfagjöld eiga að lækka um 3-4 milljarða milli ára og verða nú svipuð og tóbaksgjaldið. Með breyttri forgangsröðun í skattamálum væri hægt að fjármagna ofangreindar breytingartillögur og gera ráð fyrir hærri afgangi. Í dag verður kosið á þingi um þessar breytingartillögur og mun þá þjóðin sjá hið rétta andlit stjórnmálanna.

**Í dag verður kosið á þingi um þessar breytingartillögur og mun þá þjóðin sjá hið rétta andlit stjórnmálanna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Leiðin til nýrra lesenda



Hrefna Haraldsdóttir
framkvæmdastjóri Miðstöðvar íslenskra bókmennta

Við skrifum á fámennis tungumáli og treystum á þýðendur. Þess vegna tileinka ég þeim þessi verðlaun," sagði Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur þegar hún tók við bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs nýlega.

Með því að tileinka þýðendum verðlaunin undirstrikar Auður Ava mikilvægi þeirra fyrir höfunda sem skrifa á litlum málsvæðum eins og Íslandi. Með þýðingum bókanna margfaldast lesendahópurinn og hugmyndir og erindi höfundanna ná athygli langt út fyrir landsteinana; röddin berst um heiminn.

Áhugi á íslenskum bókmenntum erlendis er mikill og fer vaxandi. Árið í fyrra var metár í þýðingum íslenskra bóka á erlend mál þegar 100 verk voru þýdd á 30 tungumál.

Aukna útbreiðslu íslenskra bókmennta um heiminn má að hluta rekja til áhuga á landi og þjóð, en ekki síður til markviss kynningarstarfs erlendis á undanförnum árum, meðal annars með þátttöku í helstu bókasýningum sem haldnar eru árlega víða um heim. Eitt af hlutverkum Miðstöðvar íslenskra bókmennta er að koma íslenskum bókmenntum á framfæri erlendis. Íslenskir bókaútgefendur eru líka mikilvirkir í því starfi. Þá eru höfundarnir sjálfir ötulir við að fylgja eftir þýðingum bóka sinna erlendis, koma fram á ýmsum bókmenntaviðburðum og hitta lesendur. En lykilhlutverki í þessari þróun gegna þýðendur úr íslensku á erlend mál og þess vegna er mikilvægt að treysta böndin við þá og hvetja til enn frekari dáða.

**Lykilhlutverki í alþjóðlegri sókn bókmenntanna gegna þýðendur úr íslensku á erlend tungumál.**

Til að sýna í verki hve mikils metin vinna þeirra er, jafnframt því að greiða götu nýrra þýðenda, hélt Miðstöð íslenskra bókmennta alþjóðlegt þýðendaþing hér á landi á síðasta ári, fyrir þýðendur íslenskra bóka víðs vegar um heiminn. Þingið tókst afar vel og þegar er hafinn undirbúningur að næsta þýðendaþingi sem haldið verður vorið 2019. Einnig er Orðstír veittur annað hvert ár, en það er heiðursviðurkenning þýðenda íslenskra bókmennta á erlend tungumál.

Góðir þýðendur eru dýrmætir sendiherrar íslenskra bókmennta á erlendri grundu og vinna metnaðarfullt starf í þágu íslenskrar menningar – „með því að skrifa bækurnar okkar aftur á sínum tungumálum" – eins og Auður Ava orðaði það svo fallega á verðlaunahátíð Norðurlandaráðs.

# Framtíð hinna dauðu



Lára Magnúsardóttir
sagnfræðingur

Vaxandi átök standa nú um byggingarleyfi fyrir hóteli sem verður svo stórt að það nær inn á gamlan kirkjugarð í Reykjavík. Þar kemur margt til, en í stuttu máli áforma eigendur tiltekinnar lóðar að hámarka fjárfestingu og á móti taka þeir sem réttilega telja friðhelgi hinna látnu eiga að vega þyngra á metunum.

**Helgi**
Dáið fólk og grafið er efnislegur og pólitískur raunveruleiki og þess vegna gilda um það ýmis lög, meðal annars um grafarhelgi.

Helgi táknar að sérstakar reglur gilda um tiltekinn stað, tímabil, dag eða hlut og það þýðir alltaf að skylt sé að láta hið helgaða í friði í bókstaflegri merkingu. Önnur dæmi eru t.d. þinghelgi, landhelgi og friðhelgi einkalífsins.

Í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu segir í 6. gr.: „Kirkjugarðar og grafreitir eru friðhelgir, sbr. og almenn hegningarlög." Á þessu eru engin tímatakmörk og er friðhelgin því ævarandi.

**Umgengni við hina látnu**
Í 124. gr. almennra hegningarlaga er kveðið á um refsingu fyrir að raska grafarhelgi og ósæmilega meðferð á líki og fullyrða má að almennt samkomulag sé um að vanda alla meðferð og umgengni við hina látnu. Reglan er að þar sé engu raskað nema mjög sérstakar kringumstæður kalli á.

Krufning fer fram eftir fyrirmælum í sérstökum lögum, en um meðferð stakra líkamshluta er getið annars vegar í lögum um brottnám líffæra og hins vegar lögum um menningarminjar.

Fleiri lagagreinar kunna að vera til um meðferð dauðra, en öll meðferð á líkama eða líkamshluta látinna er ósæmileg ef hún er ekki í samræmi við sértæka löggjöf.

**Ofan- eða neðanjarðar**
Um það sem varðar kirkjugarða gera lög greinarmun á því sem er ofan- og neðanjarðar og setja skýrari takmörk um hið síðarnefnda, enda má segja að þar sé hið eiginlega viðfang friðhelginnar.

Um það sem er neðanjarðar í niðurlögðum kirkjugarði segir í 33. gr. laga um kirkjugarða: „Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki." Frá þessu getur dómsmálaráðuneytið veitt undanþágu, en þarf þó fyrst samþykki kirkjugarðaráðs.

Dómsmálaráðherra fer með yfirvald yfir kirkjugörðum. Skv. 32. gr. laga um kirkjugarða færist valdið ekki á aðrar hendur þótt kirkjugarður sé lagður af. Dómsmálaráðuneytið getur leyft að sléttað sé yfir niðurlagðan kirkjugarð og að sveitarfélag fái aflagðan garð til afnota sem almenningsgarð. Þetta á aðeins við yfirborðið.

**Ágreiningur um forræði**
Kirkjugarðar falla einnig undir lög um menningarminjar sem eru á forræði mennta- og menningarmálaráðherra. Komið hefur upp ágreiningur um það hvort minjastofnun hafi sjálfstæða heimild til þess að gefa út leyfi til að „grafa upp kirkjugarð, þótt um fornleifauppgröft sé að ræða" eða hvort fyrst þurfi að liggja fyrir samþykkt kirkjugarðaráðs og dómsmálaráðuneytis (Fundargerð kirkjugarðaráðs 147. fundur 5.2.2018).

**Menntamálaráðherra ofanjarðar**
Lögin sýna þó að menningarminjar liggja ofanjarðar en grafarhelgin á við það sem er undir grænni torfu og þar skilur á milli valdsviðs ráðherranna.

Í 3. gr. laga um menningarminjar er fornminjum skipt í tvennt, forngripi og fornleifar: Kirkjugarður telst til fornleifa samkvæmt skilgreiningu 3. mgr., en það á aðeins við um yfirborðið, legsteina og minningarmörk, sögulegt og listrænt gildi, sbr. 41. gr. 1. mgr. Þetta hefur þetta því enga þýðingu í deilunni um Víkurgarð.

Leifar af líkömum manna sem „finnast í fornleifum" eru hins vegar forngripir skv. 3. gr. 2. mgr.

Þetta gefur þó ekki tilefni til að ætla að heimild minjastofnunar nái að jafnaði til þess sem er neðanjarðar í þekktum kirkjugarði, hversu gamall sem hann kann að vera. Minjastofnun getur ekki undir neinum kringumstæðum haft vald til að ákveða af eða á um grafarró.

**Ábyrgð dómsmálaráðherra**
Skapist svo sérstakir hagsmunir að ástæða þyki til að raska grafarhelgi lítur út fyrir að það verði ekki gert refsilaust nema með leyfi dómsmálaráðherra, sbr. það sem sagt er að framan um 33. gr. kirkjugarðslaga um undanþágu frá banni við raski í aflögðum garði.

Spurningarnar um leyfisveitingu fyrir hótelbyggingu í kirkjugarði snúast því um það hvort fyrirtækjahagsmunir séu yfirsterkari grundvallarreglu um grafarhelgi.

Þar má segja að allir landsmenn eigi hagsmuni, því ef raunin verður að dómsmálaráðherra telji ekki ástæðu til að skipta sér af afdrifum þessa ævagamla garðs í hjarta höfuðborgarinnar, má ætla að þar með hafi verið tekin ný stefna um framtíð hinna dauðu á Íslandi.

VÍS

**Hluthafafundur í Vátryggingafélagi Íslands hf.**

verður haldinn 14. desember 2018.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til hluthafafundar í félaginu og verður hann haldinn á skrifstofu félagsins að Ármúla 3, Reykjavík, þann 14. desember 2018 og hefst hann stundvíslega kl. 16:00.

Drög að dagskrá frá stjórn eru svohljóðandi:

1. Kosning stjórnar
2. Önnur mál

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Einnig getur hluthafi falið umboðsmanni sínum að sækja fyrir sig fund og skal hann þá leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin fyrir á hluthafafundi, ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til stjórnar félagsins (stjorn@vis.is), með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, en eigi síðar en föstudaginn 7. desember 2018 kl. 16:00. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir hluthafafund á stjorn@vis.is eða á hluthafafundinum sjálfum.

Stjórnarkjör til stjórnar fer fram skv. hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins. Vakin er athygli á ákvæðum 16. gr. samþykkta félagsins um stjórnarkjör þar sem fjallað er um kynjakvóta. Þá er jafnframt vakin athygli á því að skv. 15. gr. a. í samþykktum félagsins starfar tilnefningarnefnd sem skal tilnefna frambjóðendur til setu í aðal- og varastjórn félagsins. Tilnefningarnefnd gegnir ráðgefandi hlutverki við val á stjórnarmönnum. Hlutverk nefndarinnar skal m.a. felast í því að óska eftir framboðum til stjórnarsetu í VÍS. Nefndin hefur þegar tekið til starfa og óskar eftir framboðum til stjórnarsetu í aðal- og varastjórn VÍS. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu tilkynna tilnefningarnefnd um framboð sitt skemmst fjórtán dögum fyrir hluthafafund, eða fyrir 30. nóvember 2018, á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu félagsins. Framboð skulu berast á netfangið tilnefningarnefnd@vis.is.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta þó óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist á heimili félagsins fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna á heimili félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

Hluthafar munu geta fylgst með fundinum með rafrænum hætti en hluthafar þurfa að sækja um aðgang hjá félaginu eigi síðar en 7. desember 2018 til þess að nýta sér þessa lausn með því að senda póst á fjarfestatengsl@vis.is. Óski hluthafar eftir enskri túlkun á fundinum skal senda skriflega beiðni þess efnis á netfangið fjarfestatengsl@vis.is fyrir lok dags. 7. desember 2018. Tekið skal fram að rafrænt áhorf jafngildir ekki mætingu á fundinn og veitir því ekki rétt til þátttöku í fundinum að öðru leyti, þ.m.t. atkvæðagreiðslum. Þeir hluthafar sem hyggjast neyta atkvæðaréttar síns á fundinum eru því hvattir til að mæta á fundinn eða láta umboðsmann sinn sækja fundinn fyrir sína hönd. Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Endanleg dagskrá verður birt á vefsíðu félagsins og mun liggja frammi á skrifstofu þess að Ármúla 3, 108 Reykjavík, viku fyrir hluthafafundinn. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar.

Reykjavík, 19. nóvember 2018.
Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

# Rothöggið í Sviss virðist hafa dregið úr tiltrú innan liðsins

**Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu er búið leika þrettán leiki í röð án sigurs. Meiðsli hafa leikið íslenska liðið grátt undir stjórn Eriks Hamrén og var aðeins einn leikmaður í liðinu sem byrjaði alla fjóra leikina í Þjóðadeildinni. Neyðarlegt tap í fyrsta leik gegn Sviss virðist hafa dregið úr tiltrú innan landsliðsins.**



**Strákarnir okkar þakka fyrir stuðninginn á Laugardalsvelli eftir 0-3 tap gegn Belgíu í Þjóðadeildinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu tókst ekki að enda árið á sigri í 2-2 jafntefli gegn Katar í Belgíu á mánudaginn. Íslenska liðið komst yfir í upphafi seinni hálfleiks en mistök hjá íslenska liðinu hleyptu Katar inn í leikinn á ný og má segja að Ísland hafi einfaldlega verið heppið að Katar skyldi ekki hafa bætt við marki. Frá því að íslenska landsliðið vann tvo sigra á Indónesíu, samanlagt 10-1 í janúar síðastliðnum hefur liðið ekki unnið leik né haldið hreinu í þrettán leikjum.

Arnar Grétarsson sem lék á sínum tíma 71 leik fyrir hönd Íslands segir að það hafi verið ljóst að verkefni Eriks Hamrén yrði strembið í fyrstu.

„Það var vitað fyrirfram að þetta yrði erfitt byrjun gegn Belgíu og Sviss í Þjóðadeildinni en mín upplifun er sú að það hefur vantað tiltrú. Hér áður fyrr fór liðið inn í alla leiki, sama hver mótherjinn væri vitandi að þeir gætu náð úrslitum en það virðist sem svo að rothöggið sem þeir fengu út í Sviss hafi dregið úr tiltrú þeirra," sagði Arnar, aðspurður hvað hefði farið úrskeiðis.

„Verkefnið fram undan fyrir nýja þjálfarateymið er erfitt en það er eðlilegt. Þetta er ekki það sem menn vonuðust eftir þrátt fyrir að leikurinn gegn Frakkland sé ljósið í myrkrinu. Þegar þú kemur inn í nýtt umhverfi tekur það tíma," sagði Arnar og bætti við:

„Þeir hafa verið þvingaðir út í breytingar vegna meiðsla og það hjálpaði ekki til. Það hefur einkennt liðið undanfarið ár að það voru átta til tíu leikmenn sem voru pottþétt inni og liðið naut góðs af því að allir þekktu sín hlutverk upp á tíu."

Arnar telur ekki hægt að tala um að gullöld íslenska karlalandsliðsins sé lokið.

„Stærstur hluti liðsins er á besta aldri og margir ungir og efnilegir sem eru að koma inn í liðið. Hópurinn er að breikka þannig að velgengnin ætti að geta haldið áfram. Þeir hafa oft komið manni á óvart og ég er viss um að velgengninni er ekki lokið."

Þjálfarastarfið er ekki þolinmæðisstarf.

„Ef illa gengur í byrjun undankeppni EM munu spjótin eflaust fara að beinast að honum en ég held að Erik sé flottur þjálfari. Það ber að líta til þess við hvaða aðstæður hann hefur þurft að vinna ofan á það að hlutirnir hafa ekki verið að falla með okkur þetta árið."

kristinnpall@frettabladid.is

> **Þjálfarateymið hefur verið þvingað út í breytingar vegna meiðsla og það hefur ekki hjálpað til.**
>
> Arnar Grétarsson

### Árið 2018 hjá karlalandsliðinu

15 leikir
2 sigrar,
4 jafntefli,
9 töp.
Markatala: 22-34
1 sinni haldið hreinu
5 sinnum ekki skorað í leik

***13 leikir í röð án sigurs***

**Keppnisleikir 2018**
7 leikir
0 sigrar,
1 jafntefli,
6 töp.
Markatala: 3-18

## Nýjast

**Þjóðadeildin**

**A-deild**

**Riðill 3**

**Portúgal - Pólland 1-1**
1-0 Andre Silva (34), 1-1 Arkadiusz Milik, víti (66.).
**Rautt spjald:** Danilo Pereira (63.).
**Staðan:** Portúgal 8, Ítalía 5, Pólland 2.

**B-deild**

**Riðill 2**

**Svíþjóð - Rússland 2-0**
1-0 Victor Lindelöf (41.), 2-0 Marcus Berg (72.).
**Staðan:** Svíþjóð 7, Rússland 7, Tyrkland 3.

**C-deild**

**Riðill 1**

**Skotland - Ísrael 3-2**
**Staðan:** Skotland 9, Ísrael 6, Albanía 3.

**Riðill 1**

**Serbía - Litháen 4-1**

**Svartfjallal. - Rúmenía 0-1**
**Staðan:** Serbía 14, Rúmenía 12, Svartfjallaland 0, Litháen 0.

**D-deild**

**Riðill 3**

**Kósovó - Aserbaídsjan 4-0**

**Malta - Færeyjar 1-1**
**Staðan:** Kósovó 14, Aserbaídsjan 9, Færeyjar 5, Malta 3.

**Olís-deild karla**

**ÍBV - KA 30-32**
**ÍBV:** Theodór Sigurbjörnsson 7, Kristján Örn Kristjánsson 6, Sigurbergur Sveinsson 5, Dagur Arnarsson 3, Kári Kristján Kristjánsson 3, Fannar Þór Friðgeirsson 2 .
**KA:** Tarik Kasumovic 7, Einar Birgir Stefánsson 7, Aki Egilsnes 5, Andri Snær Stefánsson 5, Dagur Gautason 3, Jón Heiðar Sigurðsson 2.

**Vináttulandsleikur**

**Ísland - Kína 30-24**
**Ísland:** Þórey Rósa Stefánsdóttir 7, Arna Sif Pálsdóttir 5, Steinunn Hansdóttir 4, Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir 4, Thea Imani Sturludóttir 4, Eva Björk Davíðsdóttir 2, Andrea Jacobsen 1, Lovísa Thompson 1, Perla Ruth Albertsdóttir 1, Sigríður Hauksdóttir 1.




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. nóvember 2018 | 43. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









Ef krónan verður á svipuðum slóðum og nú til lengri tíma held ég að það sé umhverfi sem öllum ætti að líða vel í.

# Bílaheimur á tímamótum

Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, segir að á næstu tíu árum muni bílaheimurinn taka meiri breytingum en á síðustu hundrað árum. Fram undan séu stærri skref varðandi sjálfkeyrandi bíla, eflaust mun deilihagkerfi með bíla ryðja sér til rúms. Bílaumboð verði að sigla með straumnum. » 8-9

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



»2

### Hátt í 70 milljarða fjárfesting Eaton Vance

Sjóðir í stýringu Eaton Vance áttu ríkisskuldabréf, íslensk hlutabréf og kröfur á íslensk félög fyrir samanlagt um 70 milljarða króna í lok júlí. Hlutabréfaeign sjóðanna nam 29 milljörðum króna.

»4

### Krónuskortur gæti dregið úr fjárfestingum

Lausafjárhlutfall bankanna í krónum hefur lækkað umtalsvert á síðustu mánuðum. Forstöðumaður greiningardeildar Arion banka segist óttast að krónuskortur geri vart við sig.

»14

### Er lífskjarastefnan að líða undir lok?

„Landsframleiðslan er því forsenda lífskjara okkar og vöxtur hennar, hagvöxturinn, besti mælikvarðinn á það hvernig þau þróast,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, í aðsendri grein.




# Greiðir yfir níu milljarða fyrir hlutinn í HS Orku

Svissneska fjárfestingarfélagið DC Renewable Energy AG, sem er í eigu Bretans Edmunds Truell sem hefur lengi unnið að því að koma á sæstreng á milli Íslands og Bretlands, greiðir allt að rúmlega níu milljarða króna fyrir 12,7 prósenta hlut í HS Orku. Hluti greiðslunnar, eða um einn milljarður, er árangurstengdur afkomu HS Orku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Miðað við kaupverðið er markaðsvirði HS Orku í dag því um 72 milljarðar króna.

Gengið var frá kaupunum í byrjun síðasta mánaðar, eins og fyrst var greint frá í Fréttablaðinu, en seljandi er fagfjárfestasjóðurinn ORK. Meirihluti söluandvirðisins, eða í kringum fimm milljarðar, fer í að greiða upp skuldabréf sem ORK gaf út 2012 í tengslum við kaup sjóðsins á svonefndu Magma-skuldabréfi af Reykjanesbæ en eftirstöðvarnar – mögulega allt að fjórir milljarðar – falla Reykjanesbæ í skaut. Í árslok 2017 var langtímakrafa Reykjanesbæjar á fagfjárfestasjóðinn ORK metinn á 1.332 milljónir í ársreikningi og því gæti bókfærður hagnaður bæjarsjóðs vegna sölu ORK á hlutnum í HS Orku numið um 2.800 milljónum króna.

Tilboð DC Renewable Energy í hlutinn í HS Orku var talsvert hærra en annarra fjárfesta sem gerðu tilboð en það var fyrirtækjaráðgjöf Kviku banka sem hafði umsjón með söluferlinu. Nafnvirði hlutafjárins sem félagið kaupir er um 997 milljónir og hljóðaði tilboðið upp á rúmlega átta krónur fyrir hvern hlut, án tillits til árangurstengdrar greiðslu. Til samanburðar verðmat Jarðvarmi, samlagshlutafélag fjórtán lífeyrissjóða sem eiga þriðjungshlut í HS Orku, hlutafé sitt á 6,22 krónur á hlut í árslok 2017.

**4**

**milljarðar gætu farið um það bil til Reykjanesbæjar.**

Stjórn Jarðvarma hefur nú til skoðunar, í samræmi við samþykktir HS Orku, hvort félagið hyggist nýta sér forkaupsrétt og bæta þannig við sig 12,7 prósenta hlut. Samkvæmt heimildum Markaðarins er hins vegar ólíklegt að það verði niðurstaðan en félagið hefur frest til að taka afstöðu til forkaupsréttarins fram í byrjun næsta mánaðar.

Þá hefur stærsti hluthafi HS Orku, kanadíska orkufyrirtækið Innergex, boðið til sölu tæplega 54 prósenta hlut sinn í fyrirtækinu, eins og upplýst var um í Markaðnum þann 24. október síðastliðinn. Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum rann út síðastliðinn föstudag en ráðgjafar Innergex í söluferlinu eru kanadíski bankinn Bank of Montreal og íslenska ráðgjafarfyrirtækið Stöplar Advisory. **– hae**

# Sjóðstreymið öskrar kaupa

Sjóðstreymið öskrar: Kaupa, segir í verðmati Arion banka á fasteignafélaginu Eik. Greiningin birtist á föstudaginn og var matið, sem er 11,7 krónur á hlut, þá 51 prósent yfir síðasta dagslokagengi. Nú er matið 38 prósentum yfir markaðsvirði. Verðmatið lækkaði lítillega frá hinu síðasta hinn 21. mars.

„Erfitt er að sjá að markaðurinn sé að verðleggja Eik á markaði í dag út frá væntu sjóðstreymi félagsins á næstu árum, jafnvel þótt við drögum upp nokkuð dökka sviðsmynd þar sem nýtingarhlutfall lækkar á komandi árum samhliða kólnun í hagkerfinu og erfitt verður að hækka leigu umfram verðlagsþróun,“ segir í greiningunni.



**Garðar Hannes Friðjónsson framkvæmdastjóri Eikar**

Umræða um að lækka álagningarprósentu fasteignaskatta atvinnuhúsnæðis til mótvægis við hækkun fasteignamats virðist loks hafa borið árangur, segir Arion banki. Reykjavíkurborg hafi ekki lækkað álagningarprósentuna fyrir næsta ár en önnur bæjarfélög á höfuðborgarsvæðinu stefni flest að því að lækka hana. Kópavogur lækkaði hlutfallið um sex prósent, Hafnarfjörður um 11 prósent og Mosfellsbæ um sjö prósent. **– hvj**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5000**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






Fjárfestingarsjóðir í stýringu Eaton Vance Management hafa mjög látið til sín taka á íslenskum hlutabréfamarkaði á undanförnum þremur árum og eru í hópi tuttugu stærstu hluthafa í fjölmörgum skráðum félögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hátt í sjötíu milljarða fjárfesting Eaton Vance

**Sjóðir í stýringu Eaton Vance áttu ríkisskuldabréf, íslensk hlutabréf og kröfur á íslensk félög fyrir samanlagt um 70 milljarða króna í lok júlí. Hlutabréfaeign sjóðanna nam 29 milljörðum króna. Eiga mest í löngum ríkisskuldabréfum.**

Fjárfestingar sjóða á vegum bandaríska sjóðastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management, umsvifamesta erlenda fjárfestisins hér á landi, í ríkisskuldabréfum, lánum og hlutafé íslenskra félaga námu samanlagt liðlega 67 milljörðum króna í lok júlímánaðar.

Fimm sjóðir í stýringu Eaton Vance áttu þá samanlagt tæpan 31 milljarð króna í óverðtryggðum ríkisskuldabréfum og 29 milljarða króna í íslenskum hlutabréfum. Að auki hafa sjóðirnir lánað Almenna leigufélaginu og Heimavöllum samtals ríflega átta milljarða króna.

Samkvæmt yfirliti yfir fjárfestingar sjóða Eaton Vance, sem var nýlega birt á vef bandaríska verðbréfaeftirlitsins, áttu sjóðirnir hlutabréf í fimmtán skráðum félögum í lok júlí. Eru það einkum tveir sjóðir – Global Macro Absolute Return Advantage og Global Macro Portfolio – sem hafa látið hvað mest til sín taka á íslenskum hlutabréfamarkaði en þeir eru báðir áberandi á listum yfir stærstu hluthafa Kauphallarfélaga.

Fjárfestingar sjóða Eaton Vance í íslenskum hlutabréfum námu samanlagt 232 milljónum dala, jafnvirði 28,6 milljarða króna miðað við núverandi gengi, í júlí en sem dæmi nam hlutabréfaeign þeirra í fasteignafélögunum þremur – Eik, Regin og Reitum – samtals 8,8 milljörðum. Þar af áttu sjóðirnir hlutabréf í Reitum fyrir 4,3 milljarða króna.

**Fjárfesting sjóða á vegum Eaton Vance á Íslandi**
*Í milljörðum króna*

| | |
|---|---|
| Hlutabréf | 28,6 |
| Ríkisskuldabréf | 30,6 |
| Lán til leigfélaga | 8,3 |

Þá var eign sjóðanna í hlutabréfum tryggingafélaganna þriggja – Sjóvár, TM og VÍS – samanlagt tæplega 4 milljarðar króna í júlímánuði. Eign sjóðanna nam á sama tíma um 4,2 milljörðum króna í Högum og 4,1 milljarði króna í Símanum, svo nokkur dæmi séu tekin.

Sjóðir Eaton Vance, sem hóf innreið sína á hérlendan hlutabréfamarkað fyrir um þremur árum, eiga einnig lítinn hlut í Kviku banka, sem var skráður á First North markaðinn snemma á þessu ári, en hluturinn var metinn á um 565 þúsund dali, um 70 milljónir króna, í lok júlímánaðar.

### Seldu sig út úr Icelandair

Nokkrar breytingar hafa orðið á eignasafni Eaton Vance hér á landi á síðari hluta ársins. Sem dæmi seldu sjóðir á vegum sjóðastýringarfyrirtækisins ríflega tveggja prósenta hlut í Icelandair Group í september en ætla má að söluverð hlutarins hafi verið rúmlega 900 milljónir króna ef miðað er við gengi hlutabréfa í flugfélaginu á þeim tíma þegar viðskiptin gengu í gegn.

Sjóðirnir seldu jafnframt fyrr í þessum mánuði um 1,2 prósenta hlut í Regin, en verðið var um 435 milljónir sé tekið mið af gengi hlutabréfa í fasteignafélaginu við söluna, og þá hafa þeir einnig minnkað nokkuð við sig í tryggingafélögunum á undanförnum mánuðum. Á sama tíma hafa sjóðir Eaton Vance hins vegar bætt við hlut sinn í Arion banka og fara þeir nú með ríflega 2,6 prósenta hlut í bankanum. Til samanburðar áttu sjóðirnir um 1,2 prósenta hlut í kjölfar skráningar bankans á hlutabréfamarkað í júní.

### Stórir í löngum bréfum

Sjóðastýringarfyrirtækið átti ríkisskuldabréf fyrir um 248 milljónir dala, jafnvirði 30,6 milljarða króna, í lok júlí og munaði þar mestu um eign sjóða félagsins í löngum bréfum. Þannig áttu þeir 17 milljarða króna í skuldabréfaflokknum RB31 og ríflega 6 milljarða í flokknum RB28.

Því til viðbótar veittu sjóðir Eaton Vance Almenna leigufélaginu og Heimavöllum lán fyrr á árinu fyrir samanlagt ríflega átta milljarða króna, eins og Markaðurinn hefur áður upplýst um. Sjóðirnir lánuðu fyrrnefnda félaginu 38,4 milljónir dala, jafnvirði 4,7 milljarða króna, og því síðarnefnda 28,7 milljónir dala eða sem jafngildir 3,5 milljörðum króna. Báðar fjárfestingarnar voru fyrir milligöngu Fossa markaða.

**kristinningi@frettabladid.is**

# Fá greitt í fasteignasjóðum GAMMA

Við kaup Kviku á GAMMA fá hluthafar síðarnefnda fyrirtækisins hluta kaupverðsins greiddan með 535 milljónum króna í hlutdeildarskírteinum í sjóðum GAMMA. Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku, segir að um sé að ræða nokkurn fjölda sjóða. „Það er enginn einn sjóður áberandi stærstur,“ segir hann. „Megnið er í hlutdeildarskírteinunum í fasteignasjóðum.“

GAMMA er með 140 milljarða í stýringu. Ármann bendir á að slík starfsemi bindi ekki mikið eigið fé en GAMMA hafi hins vegar fjárfest í eigin sjóðum. „Kvika kaupir af GAMMA þessi hlutdeildarskírteini af efnahagsreikningi GAMMA, setur með þeim hætti fjármuni í GAMMA, og nýtir hlutdeildarskírteinin til greiðslu á hluta af kaupverðinu.“

**Það er enginn einn sjóður áberandi stærstur.**

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku



Stór hluti af kaupverðinu byggist á árangurstengdum þóknunum sem innheimtast þegar sjóðum er slitið. Hve háar þóknanirnar verði geti sveiflast á tímabilinu og Kvika hafi ekki viljað taka áhættuna af þeim.

Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA, segir að nokkurs misskilnings hafi gætt í umræðunni varðandi kaupverðið. Fram komi í viljayfirlýsingu í júní að kaupverðið gæti numið allt að 3.750 milljónum króna miðað við stöðu félagsins árið 2017 og árangurstengdra þóknana sem eigi eftir að bókfæra. Í tilkynningu á mánudag komi fram að kaupverðið nemi 2.890 milljónum króna að teknu tilliti til árangurstengdra tekna sem eigi eftir að tekjufæra. „Þetta eru tölurnar sem bera á saman,“ segir hann og rekur lækkunina á kaupverðinu meðal annars til kólnunar í efnahagslífinu og að markaðurinn hafi átt erfitt uppdráttar um skeið.

Greiðslum Kviku fyrir GAMMA er skipt í þrjá hluta: Hluthafar fá 839 milljónir í reiðufé, 535 milljónir í hlutdeildarskírteinum í sjóðum GAMMA og árangurstengdar greiðslur við slit á sjóðum. **– hvj**




*Ford tekur þig lengra*
*Komdu, reynsluaktu og upplifðu nýjan Ford Focus*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# Óttast krónuskort í bankakerfinu

**Lausafjárhlutfall bankanna í krónum hefur lækkað umtalsvert á síðustu mánuðum. Forstöðumaður greiningardeildar Arion banka segist óttast að krónuskortur geri vart við sig. Aðalhagfræðingur Íslandsbanka segir ekki ástæðu til að hafa miklar áhyggjur af þróuninni.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Lausafjáreignir stóru viðskiptabankanna þriggja í krónum drógust saman um 24 prósent eða um 86 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins, samkvæmt hagtölum Seðlabanka Íslands. Forstöðumaður greiningardeildar Arion banka segir margt benda til þess að eftirspurn eftir lánsfé sé orðin eða muni brátt verða mun meiri en framboðið.

„Ég óttast að við gætum siglt inn í peningalegt aðhald sem er mun meira en stýrivextir Seðlabankans einir og sér gefa til kynna. Að við sköpum hér ástand þar sem myndast skortur á krónum sem dregur úr fjárfestingum og kælir hagkerfið mun meira en ástæða er til,“ segir forstöðumaðurinn, Stefán Broddi Guðjónsson, í samtali við Markaðinn.

Lausafjárstaða bankanna – Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans – er mun sterkari í erlendum gjaldmiðlum en krónum. Lausafjárhlutfallið í krónum var 87 prósent í lok septembermánaðar, borið saman við 110 prósent í lok síðasta árs, og tala sumir viðmælendur Markaðarins um að krónuskortur hrjái bankakerfið. Í einstaka bönkum sé orðið auðveldara fyrir fyrirtæki að fá lán í erlendri mynt en krónum.

Lausafjárstaða bankanna í heild – bæði erlendum gjaldmiðlum og krónum – er þó enn nokkuð rúm en til marks um það var lausafjárhlutfall þeirra 154 prósent í lok september. Reglubundið lágmark er til samanburðar 100 prósent.

Stefán Broddi útskýrir að vaxtageta bankanna takmarkist af eigin- og lausafjárhlutfalli þeirra sem sé með því hæsta í Evrópu. Eiginfjárhlutfall bankanna sé nú lítið hærra en 22 prósenta eiginfjárkrafa þeirra og þá vilji bankarnir líklega ekki að lausafjárhlutfall þeirra í krónum verði mikið lægra.

„Af þessu leiðir að mér finnst ótrúlegt að útlán bankanna í krónum vaxi stórum skrefum og ekki nema í takti við það sem hagnaður og þar með eiginfjáraukning bankanna leyfir,“ segir hann.

Ekki bæti óróleikinn í efnahagslífinu úr skák. Verðbólga sé tekin að stíga og Seðlabankinn byrjaður að hækka skammtímavexti.

„Þar með leitar sparnaður gjarnan í skammtímainnstæður, sem iðulega þarf að binda á innlánsreikningum í Seðlabankanum, á meðan lántakar vilja fremur taka krónur að láni til langs tíma. Þar með hækka langtíma útlánsvextir og færri ákveða að fjárfesta eða í það minnsta dregur úr hvata til að fjárfesta. En til þess er leikurinn gerður. Þannig dregur úr eftirspurn í hagkerfinu, það kólnar og verðbólga hjaðnar,“ segir Stefán Broddi.



Forstöðumaður greiningardeildar Arion banka telur ólíklegt að útlán bankanna í krónum vaxi stórum skrefum. Eiginfjárhlutfall þeirra sé lítið hærra en eiginfjárkrafan og þá vilji bankarnir sennilega ekki að lausafjárhlutfall í krónum lækki frekar. Spurning sé hvaða áhrif það hafi á fjárfestingar næstu ára. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Lausafjárhlutfall viðskiptabankanna**




### Minni þörf á stýrivaxtahækkun

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segir þróunina áhugaverða en ekki að öllu leyti óvænta. Ekki sé ástæða til þess að hafa miklar áhyggjur af henni enn sem komið er.

„Lausafjárstaðan er vissulega ekki eins rúm og hún hefur verið,“ nefnir hann og bætir við: „En hafa verður í huga að árin frá hruni hafa einkennst af mjög rúmri lausafjárstöðu í kerfinu sem endurspeglast til dæmis í því að virkir stýrivextir hafa allt þetta tímabil og fram á þennan dag verið nálægt lægri enda vaxtagangsins,“ segir Jón Bjarki. Enn sé töluvert svigrúm í kerfinu.

„Við erum jafnframt á vendipunkti í efnahagsþróun þar sem það fer ekki illa á því að það hægi á útlánavexti. Hann hefur sem betur fer ekki farið úr böndunum en það hefur bætt í hann framan af þessu ári. Í því ljósi er tilfærsla virku skammtímavaxtanna, sem verður þá upp á við vegna þess að lausafjárstaðan í kerfinu í heild er ekki eins rúm og áður, eins konar ígildi aukins peningalegs aðhalds,“ segir Jón Bjarki.

Að því leyti sem þessi þróun auki peningalegt aðhald geti þörfin á beinni stýrivaxtahækkun enn fremur minnkað.

### Margt stuðlar að hærri vöxtum

Stefán Broddi segir góðu fréttirnar þær að „við höfum uppi í erminni fjölda spila“ til þess að koma í veg fyrir að skortur verði á krónum. Alls konar séríslenskar aðstæður haldi langtímavöxtum háum.

„Líklega vegur þyngst raunávöxtunarviðmið lífeyrissjóðanna og áhrif þess á vexti á skuldabréfamarkaði,“ nefnir hann.

> **Mér sýnist margt benda til þess að eftirspurn eftir lánsfé sé nú orðin, eða muni brátt verða, mun meiri en framboðið.**
>
> Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka



Miklar fjárfestingar lífeyrissjóðanna erlendis á sama tíma og höft séu á fjárfestingar útlendinga í íslenskum skuldabréfum hafi auk þess skapað mikið ójafnvægi sem stuðli að hærri vöxtum en ella.

„Ég held að fjármálastöðugleika verði ekki ógnað þó að útlendingar fái haftalaust að fjárfesta í langtímaskuldum íslenskra fyrirtækja í krónum. Á móti eykst vonandi skilvirkni fjármagnsmarkaðarins sem er að mínu viti eitt mikilvægasta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir til þess að tryggja heilbrigt vaxtastig,“ segir Stefán Broddi.

Einnig megi nefna bankaskattinn sem hækki vaxtastig í landinu.

Stefán Broddi segir auk þess að þær háu eiginfjárkröfur sem gerðar séu til bankanna geri þá vissulega öruggari en um leið minnki þær útlánagetu bankanna og stuðli að hærri vöxtum.

„Í eðli krafnanna felst að þær eiga að herðast þegar aðstæður krefjast en rýmka þegar aðstæður leyfa. Næst munu þær herðast í vor en ég hugsa þó að gangurinn í hagkerfinu í vor verði frekar þannig að kröfurnar ættu að rýmkast þannig að útlánageta bankanna geti stutt við hagkerfið en ekki dregið kraft úr því,“ segir hann.

Þá bendir Stefán Broddi á að sértryggð skuldabréf bankanna með veði í íbúðarhúsnæði séu ekki enn metin veðhæf hjá Seðlabankanum í endurhverfum viðskiptum við bankana.

„Mér finnst nokkuð borðleggjandi að bankinn muni næst ákveða að gera þau veðhæf. Það væri ágæt leið til að fjölga krónum í kerfinu og vonandi lækka fjármagnskostnað á húsnæðismarkaði. Ég held það muni ekki veita af nú þegar verulegt magn nýs íbúðarhúsnæðis er loks í byggingu og á teikniborðinu,“ segir Stefán Broddi.

# Kortaþjónustan gaf út 250 milljóna skuldabréf til hluthafa

Kortaþjónustan gaf í síðasta mánuði út víkjandi skuldabréf með breytirétti í hlutafé fyrir 250 milljónir króna til hluthafa kortafyrirtækisins. Bréfin, sem bera sjö prósenta fasta vexti, eru til sjö ára.

Björgvin Skúli Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar, segir í samtali við Markaðinn að útgáfa bréfanna sé hluti af breytingum á efnahagsreikningi fyrirtækisins.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er hverjum og einum skuldabréfaeiganda heimilt allt fram til lokagjalddaga í október árið 2025 að breyta kröfu sinni að heild eða hluta, það er höfuðstól, verðbótum og áföllnum vöxtum, í hlutabréf í Kortaþjónustunni. Kjósi skuldabréfaeigandi að nýta sér breytiréttinn hefur stjórn kortafyrirtækisins þrjátíu daga til þess að gefa út nýja hluti í fyrirtækinu.



**Björgvin Skúli Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kortaþjónustunnar.**

Sem kunnugt er keyptu Kvika banki og hópur einkafjárfesta Kortaþjónustuna á eina krónu í fyrra og lögðu félaginu um leið til nærri 1.500 milljónir í nýtt hlutafé. Kortafyrirtækið stóð frammi fyrir alvarlegum lausafjárvanda í kjölfar greiðslustöðvunar Monarch Airlines í október í fyrra en fyrirtækið var á meðal átta fyrirtækja sem sáu um færsluhirðingu fyrir flugfélagið.

Kvika er stærsti hluthafi Kortaþjónustunnar með um 41 prósents hlut en fjárfestingarfélagið Óskabein, sem er meðal annars stór hluthafi í VÍS, er sá næststærsti með 10 prósenta hlut. **– kij**

# Telur Icelandair undirverðlagt um 34%

Capacent metur gengi Icelandair Group á 16,3 eða 34 prósentum hærra en markaðsgengi félagsins í gær. Verðmatið, sem birtist á föstudaginn, hækkaði um 25 prósent frá síðasta mati sem birt var 20. ágúst.

Hækkunina má einkum rekja til þess að krónan hefur veikst um 15 prósent gagnvart dollar. Það leiðir til lægri launakostnaðar sem hlutfalls af tekjum sem hækkar verðmatið mikið. Reiknað er með að hlutfallið verði 27 prósent á spátímabilinu samanborið við 32 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins. Meðaltal síðustu fimm ára er 26 prósent. Capacent reynir hvorki að spá fyrir um gengisþróun krónu né olíuverð heldur byggir á olíukostnaði og meðaltali af tekjum af flugfargjöldum síðustu fimm ára.

Capacent segir að rekstraráætlanir Icelandair hafi verið út og suður síðustu ár og að flugfélagið hafi kerfisbundið ofspáð um rekstrarafkomu sína síðustu tvö ár. Það komi svo sem ekki á óvart. Þegar spáð sé um afkomu Icelandair þurfi að spá fyrir með nákvæmum hætti um þróun krónunnar og olíuverðs. „Það er því ákveðin tegund skopskyns að ætla að spá fyrir um rekstrarafkomu Icelandair. Sveiflur í rekstraráætlun félagsins sjálfs hafa verið yfir 50 prósent það sem af er ári en ætla mætti að stjórnendur hefðu bestu mögulegar upplýsingar,“ segir í greiningunni. „Flugmarkaður er sveiflukenndur og fjárfestingafrekur og getur lítið frávík í forsendum t.d. er varðar olíuverð haft mikil áhrif á rekstrarafkomu og verðmat. Þessu til viðbótar bætist við áhættan af mjög sveiflukenndri smámynd hjá íslenskum flugfélögum.“

Fram kemur í greiningunni að mikil tækifæri felist í sameiningu við WOW fyrir Icelandair ef samruninn verður samþykktur af Samkeppniseftirlitinu. „Jafnljóst er að tíma mun taka að samþætta fyrirtækin og er dýr sameining í vændum.“ Óvarlegt sé að gera verðmat á sameinuðu félagi að svo stöddu. **– hvj**




Það þykir erfitt að að spá fyrir um afkomu Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hátíðlegt úrval
í Sjónvarpi Símans Premium
Sameinaðu fjölskylduna í sófanum um jólin. Bridget Jones, Forrest Gump, Shrek, Penguins of Madagascar eru á meðal þeirra rúmlega 200 kvikmynda og Disney ævintýra sem standa þér til boða yfir hátíðarnar.
Sjónvarp Símans Premium – Svona á sjónvarp að vera
Síminn
TVIST SIM 11705




FRÁ KL. 17

7 rétta jólaveisla

FORRÉTTIR

GRAFINN LAX – með fennelkremi, dill-mæjó, stokkrósar-trönuberjum, hrognum og rúgbrauði

ANDABRINGA – með graskers&kardimommu-purée og portvínssósu

ÍSLENSKT LANDSLAG – lambatartar, sýrður rauðlaukur, reyktur rjómaostur, graslauks-mayo, ediksnjór

PÖNNUSTEIKTUR HUMAR – jólatré, beurre noisette og skyr

AÐALRÉTTIR

LYNGHÆNA – epla purée, epli, pikklað fennel og kirsberjasósa,

GRILLUÐ NAUTALUND – steiktar næpur með trönuberjum og heslihnetum, jarðskokka- og hvítsúkkulaði-purée, kaffi-hollandaise

EFTIRRÉTTUR

JÓLAKÚLA – kryddkex, karamelluseruð hvítsúkkulaðimús, epla-og fáfnisgrasfylling

10.900 kr.

Borðapantanir á **apotek.is**

Aðeins framreitt fyrir allt borðið.

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstræti 16 // Sími 551 0011




**Fjöldi skráðra sjávarútvegsfyrirtækja í Kauphöll Íslands**




Heimild: Nasdaq OMX Iceland, greiningardeild Arion banka

# Sjávarútvegsfyrirtæki eigi erindi á markað

**Þolinmótt fjármagn hlutabréfamarkaðarins er vel til þess fallið að styðja við nýsköpun og vöxt í sjávarútvegi, að sögn sérfræðings hjá Arion banka. Á tímum hækkandi vaxta geti fyrirtækin notið góðs af sveigjanlegri fjármögnunarleiðum.**

Skráning íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á hlutabréfamarkað getur veitt aðgang að sveigjanlegri fjármögnun á tímum hækkandi lánskjara og þannig skapað greininni frjóan jarðveg til frekari vaxtar og nýsköpunar. Ljóst er að áhugi fjárfesta er til staðar og að fyrirtæki í sjávarútvegi uppfylla kröfur og væntingar fjárfesta.

Þetta segir Ásmundur Gíslason, sérfræðingur hjá fyrirtækjaráðgjöf Arion banka, í samtali við Markaðinn. Á tíunda áratug síðustu aldar fjölgaði sjávarútvegsfyrirtækjum í Kauphöllinni ört. Skráðum sjávarútvegsfyrirtækjum fjölgaði úr þremur í 24 á árunum 1992 til 1999, en árið 1997 var virði hlutafjár skráðra sjávarútvegsfyrirtækja ríflega 40 prósent af heildarstærð hlutabréfamarkaðarins.

„Það lætur nærri að í hverjum firði og hverri vík hafi verið skráð sjávarútvegsfyrirtæki. Kauphöll Íslands var nokkurs konar sjávarútvegskauphöll. Á þessum tíma nýttu félög í sjávarútvegi og tengdri starfsemi kosti kauphallar við innri og ytri vöxt og skráð félög leiddu yfirtökur í greininni,“ segir Ásmundur. Þróunin snerist við um aldamótin og var fjöldi félaga skráður af markaði á næstu árum. Ásmundur nefnir nokkrar ástæður sem geta hafa legið að baki.

„Svo virðist sem áhugi fjárfesta á sjávarútvegsfyrirtækjum hafi dvínað á árunum eftir aldamótin og markaðsgreinendur gáfu þeim minni gaum. Sjávarútvegsfyrirtækin féllu í skuggann af fyrirtækjum í öðrum atvinnugreinum, eins og fjármálageiranum, sem sýndu betri ávöxtun,“ segir Ásmundur. Hann bætir við að lítil velta hafi verið með bréf í félögunum og verðmyndunin því mögulega verri en skyldi. Gott aðgengi að lánsfjármagni hafi síðan greitt götuna fyrir yfirtökur og afskráningar af markaði.

Sem stendur eru tvö íslensk sjávarútvegsfyrirtæki skráð á hlutabréfamarkað; HB Grandi og Iceland Seafood International. Sé horft til félaga sem stunda veiðar og vinnslu þá er HB Grandi þó eina félagið sem stendur almennum fjárfestum til boða sem fjárfestingarkostur. Hlutdeild félagsins í heildaraflamarki er um 10 prósent og þannig má segja að það hlutfall endurspegli tækifæri almennra fjárfesta til að taka þátt í fjárfestingum í félögum sem stunda veiðar og vinnslu á Íslandi.

Hlutdeild sjávarútvegsins í heildar EBITDA-framlegð íslenskra fyrirtækja hefur breyst samhliða aukinni fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Árið 2017 nam þessi hlutdeild tæpum 10 prósentum en árið 2002 var þetta sama hlutfall um 27 prósent.

„Hvað sem tímabundnum sveiflum í afkomu líður og breyttri hlutdeild greinarinnar í útflutningstekjum þá er fyrirséð að hlutdeild greinarinnar verður alltaf veruleg og mikilvæg fyrir íslenskt efnahagslíf. Það má segja að þátttaka fjárfesta í fjármögnun greinarinnar í dag sé í litlu samhengi við mikilvægi greinarinnar og stærð.“

## Öll fjármögnun frá bönkum komin

Íslensku bankarnir eru langsamlega stærsti fjármögnunaraðili langtímaskulda greinarinnar með um 80 prósenta hlutdeild á móti erlendum bönkum sem eru með um 20 prósenta hlutdeild. Íslenskur skuldabréfamarkaður hefur ekki að neinu marki verið nýttur sem fjármögnunarleið fyrir greinina. Sjávarútvegsfyrirtækin hafa notið hagstæðra kjara hjá lánastofnunum vegna góðrar afkomu greinarinnar en rekstrartölur frá síðasta ári benda hins vegar til þess að rekstrarumhverfið sé að versna. Þá geta aðrir fjármögnunarkostir orðið ákjósanlegir.

„Það eru miklar fjárfestingar að baki í greininni og skuldsetning hefur hækkað. Skráning á markað skapar tækifæri til að renna styrkari stoðum undir reksturinn í umhverfi hækkandi lánskjara,“ segir hann.

Ásmundur nefnir einnig að nýleg kaup Iceland Seafood International á Solo Seafood, sem voru fjármögnuð með útgáfu nýrra hluta í Iceland Seafood International, sé gott dæmi um hvernig hlutabréfamarkaðurinn geri félögum kleift að vaxa.

„Hlutabréfamarkaðurinn getur veitt aðgang að sveigjanlegri fjármögnun og það má segja að þolinmótt fjármagn hlutabréfamarkaðarins sé vel til þess fallið að styðja við nýsköpun og vöxt innan greinarinnar.“

## Hækka megi kvótaþak

Aukin samþjöppun hefur einkennt sjávarútveginn á síðustu árum. Hlutfall af heildar þorskígildum í eigu 20 stærstu útgerðanna er 71 prósent í dag, samanborið við 58 prósent um síðustu aldamót, en sjávarútvegsfyrirtæki mega þó að hámarki aðeins eiga 12 prósent af samanlögðu heildarverðmæti aflahlutdeilda. Ásmundur segir að krafa um dreifðara eignarhald geti farið saman með aukinni samþjöppun.

„Það má færa rök fyrir því að hækka megi kvótaþakið ef samhliða verður gerð krafa um dreift almennt eignarhald þeirra sjávarútvegsfyrirtækja sem í hlut eiga. Slíkt dreift eignarhald er best tryggt með skráningu félaga á almennan hlutabréfamarkað,“ segir Ásmundur. Þá geti dreift eignarhald einnig leitt af sér meiri og almennari sátt um gjaldtöku af nýtingu auðlindarinnar.

**thorsteinn@frettabladid.is**

**Fjármögnun langtímaskulda**




**Eignarhald fyrirtækjanna**




**Það má segja að þátttaka fjárfesta í fjármögnun greinarinnar í dag sé í litlu samhengi við mikilvægi greinarinnar og stærð.**

Ásmundur Gíslason





FOR SAFER CARS
EURO NCAP
Opel Crossland X
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt
EURO NCAP.
OPEL CROSSLAND X
FRAMÚRSKARANDI BÍLL
Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI
Við eigum ennþá nokkur eintök af beinskiptum Opel Crossland X Enjoy
á þessu ótrúlega verði. Opel Crossland X kemur þér hvert á land sem er,
allt í senn rúmgóður, sparsamur og þægilegur.
CROSSLAND X
5 ára ábyrgð
Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni
Pipar\TBWA \ SÍA
Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.
Crossland X Enjoy
Verð: 3.190.000 kr.
Tilboðsverð
2.890.000 kr.
THE FUTURE IS EVERYONE'S
Kynntu þér Opel Crossland X og bókaðu
reynsluakstur á crossland.opel.is
Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330
Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16
Bílabúð Benna




„Það er mikilvægt að launahækkanir verði hóflegar og í takt við getu fyrirtækja til að standa undir þeim,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

# Stórtækar breytingar á næstu tíu árum

**Framkvæmdastjóri Öskju segir að bílaumboð verði að sigla með straumnum. Tekjur Öskju áttfölduðust frá árinu 2010 til 2017. Askja er að fjárfesta fyrir á annan milljarð í uppbyggingu fasteigna. Telur að bílasala muni dragast saman um 15 prósent í ár. Stöðugleiki í vændum.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Á næstu tíu árum mun bílaheimurinn taka meiri breytingum en á síðustu hundrað árum,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju og formaður Bílgreinasambandsins frá árinu 2013. „Fram undan eru stærri skref varðandi sjálfkeyrandi bíla, eflaust mun deilihagkerfi með bíla ryðja sér til rúms, bílar verða knúnir vistvænni orkugjöfum eins og rafmagni og vetni og hægt verður að tala við þá í gegnum forrit í símum. Þetta eru frábærir tímar til að vera uppi á og stórkostlegt að starfa hjá fyrirtæki í hringiðu þessara breytinga,“ segir hann.

Nú er sannarlega tími breytinga. Bílaumboð standa frammi fyrir tveimur áskorunum. Annars vegar er reiknað með að það muni draga úr bílaeign og fólk muni í meiri mæli taka bíla á leigu til skemmri tíma þegar á þarf að halda. Hins vegar að þjónustutekjur muni minnka vegna rafbílavæðingar en rafbílar þurfa ekki jafn mikið viðhald enda samsettir úr færri hlutum og slitna því minna.

**Deilihagkerfið breytir myndinni**

„Bílaumboð og bílasölur verða að sigla með straumnum. Mögulega munum við þurfa að færa okkur í að leigja bíla til skemmri tíma og vera virkir þátttakendur í deilihagkerfinu. Bílasölur í Evrópu og framleiðendur eru að skoða þann valkost gaumgæfilega. Bílaframleiðendur eins og til dæmis Daimler, sem á Mercedes Benz, á til að mynda að fullu deilibílafyrirtækið car2go sem býður upp á að leigja bíl í klukkustund í senn. Bílaframleiðendur eru því langt á veg komnir í þessari þróun. Við hjá Öskju erum að vinna að þessari framtíðarsýn og horfum þá auðvitað til okkar birgja, sem eru Daimler og Kia. Öll virðiskeðjan þarf að aðlagast breyttum tímum, hvort umhverfið á Íslandi er móttækilegt fyrir þessum breytingum er okkar að finna út úr.

Rafbílar kalla á aðra þjónustu en bensín- og dísilbílar. Bílaumboð þurfa því að veita heildarþjónustu eins og til dæmis hvað varðar dekk, þrif, rúðuviðgerðir og fleira. Þessi þróun er þegar hafin og mun eflaust færast í aukana þegar fram líða stundir.

Það er nefnilega að rísa upp ný kynslóð sem hefur allt aðra sýn á bílaeign en þeir sem hafa verið í viðskiptum við okkur í mörg ár. Svo kann það að vera að framleiðslukostnaður bíla muni lækka umtalsvert og þá skapast aðstæður fyrir því að þessi hópur festi kaup á bílum í meiri mæli og aki um landið.“

**Tekjurnar áttfölduðust**

Askja hefur vaxið hratt á undanförnum árum. Tekjurnar áttfölduðust frá árinu 2010 til 2017 sem var stærsta árið í bílasölu á Íslandi, úr tveimur milljörðum í 16 milljarða. Á sama tíma jókst fjöldi starfsmanna úr 50 í rúmlega 130, þar af eru um 50 bifvélavirkjar. „Markaðshlutdeild Kia var 11,5 prósent í fyrra og Mercedes Benz var með rúmlega tvö prósent ef litið er fram hjá atvinnubílum sem við seljum líka,“ segir Jón Trausti og nefnir að sex ár í röð hafi Mercedes Benz verið mest seldi bíllinn af þýsku lúxusbílamerkjunum. Hin eru Audi, BMW og Porsche.

Að hans sögn má rekja vöxtinn sem er umfram vöxt markaðarins, til vaxandi vinsælda Kia-bíla. „Það má segja að Kia sé nýtt merki á Íslandi jafnvel þótt það hafi verið til sölu í áratugi. Kia var lengi með tveggja til þriggja prósenta markaðshlutdeild en undanfarin þrjú ár hafa bílar frá Kia verið næstmest selda tegundin á eftir Toyota,“ segir Jón Trausti og vekur athygli á að markaðshlutdeild Kia sé mun meiri hérlendis en annars staðar í Evrópu þar sem hún sé um þrjú prósent.

Um helmingur sölu Kia hafi verið til bílaleigna sem sé í takt við umsvif bílaleiganna en um 10 til 15 prósent af sölu Mercedes Benz fari til bílaleiga.

> **Mögulega munum við þurfa að færa okkur í að leigja bíla til skemmri tíma og vera virkir þátttakendur í deilihagkerfinu.**

**Sóttu lykilmenn til Þýskalands**

„Velgengni Kia á undanförnum árum má meðal annars rekja til þess að forsvarsmenn fyrirtækisins hafa verið óhræddir við að sækja þekkingu út fyrir landsteina Suður-Kóreu. Þeir réðu til að mynda Þjóðverjann Peter Schreyer árið 2006 sem yfirhönnuð. Hann hafði áður starfað hjá Audi og hannaði til dæmis Audi TT. Eftir það urðu bílarnir þeirra ákaflega flottir. Að sama skapi réðu þeir þýska verkfræðinginn Albert Biermann og við það urðu bílarnir jafnframt tæknilega góðir. Þetta teymi, auk þekkingar Suður-Kóreubúa á framleiðslu og sjö ára ábyrgðar hefur verið lykillinn að góðum árangri á undanförnum árum,“ segir hann.

„Árið í fyrra var gott hjá Öskju, og hagnaðist félagið um 370 milljónir króna. Undanfarin ár hafa gengið vel í rekstri fyrirtækisins. Við höfum nýtt góðu árin til að styrkja innviðina, meðal annars með því að tvöfalda húsrýmið með því byggja tvö vegleg hús. Samanlagt eru nýju byggingarnar fimm þúsund fermetrar. Annars vegar er um að ræða nýtt 3.800 fm húsnæði fyrir Kia, við hliðina á starfsemi Öskju á Krókhálsi sem verður opnað í desember. Hins vegar verkstæði fyrir Mercedes Bens, atvinnubíla, en þeirri framkvæmd verður lokið á fyrsta ársfjórðungi næsta árs.

Fjöldi fólksbílalyfta á verkstæði Öskju mun því aukast úr 16 í 35, lyftur fyrir sendibíla úr þremur í átta og aðstaða fyrir trukka og rútur verður fyrir 12. Við erum því meira en að tvöfalda afkastagetu verkstæðanna okkar,“ segir hann.

## Ísland „í dauðafæri“ til að vera með grænasta bílaflotann

Bílgreinasambandið hefur um nokkra hríð barist fyrir því að vörugjöld bíla muni ekki hækka samhliða breyttum mengunarmælingum frá bílum. Sú vinna hefur nú borið ávöxt og tollar á bíla munu ekki hækka ef frumvarp efnahags- og viðskiptanefndar nær fram að ganga. Reiknað var með að breytingarnar gætu þýtt fimm til tíu prósenta hækkun á verði bíla. „Vegna þess hve mikið bílar vigta í vísitölu neysluverðs hefðu verðtryggð lán landsmanna hækkað um 6,2 milljarða í kjölfarið,“ segir Jón Trausti.

„Evrópusambandið setti nýjar reglur sem mæla á betri hátt mengun, eyðslu og drægi bíla. Við fögnum breytingunni því hún gefur neytendum réttari mynd af því hvað hver bíll eyðir. Sölumenn söðu áður að mælingar sýndu að tiltekinn bíll eyddi fjórum lítrum á hundraðið en líklegast eyddi hann fimm til sjö lítrum. Nú segja sölumenn að mælingar sýni að hann eyði sex lítrum á hundraðið og að það sé hin raunverulega eyðsla, enda nýja WLTP-mælingin miklu fullkomnari en fyrri mælingin sem var áður notuð.

Það er einkum á Íslandi og í Danmörku þar sem bílar eru tolllagðir eftir því hve mikið koltvíoxíð vélarnar leysa. Því minna sem vélarnar menga því lægri er tollurinn. Af þeim sökum hefði breyting Evrópusambandsins sjálfkrafa hækkað verð bíla hérlendis. Bílar sem menga minna munu áfram bera lægri tolla,“ segir Jón Trausti.

*Eru bílar hátt tolllagðir á Íslandi miðað við önnur lönd?*

„Bílar sem menga mikið eru sérstaklega hátt tolllagðir. En bensín- og dísilbílar sem menga lítið bera lægri vörugjöld. Það er mikill stuðningur við umhverfisvænni bíla hér á landi. Rafbílar sem kosta minna en sex milljónir bera hvorki virðisaukaskatt né vörugjöld. Það hefur sýnt sig að meðalmengun nýskráðra bíla hefur lækkað um meira en 50 prósent á áratug. Ísland er eitt þeirra landa þar sem útblástur koltvíoxíðs hefur lækkað hvað mest. Þessi leið hefur því haft jákvæð áhrif á Íslandi,“ segir Jón Trausti.

*Hvernig horfir við þér markmið stjórnvalda um að banna skráningu bensín- og dísilbíla eftir árið 2030?*

„Það er að mínu mati ekki þörf á banninu. Markaðurinn hefði sjálfkrafa hagað sér með þessum hætti. Reiknað er með að frá árinu 2025 verði framleiðslukostnaður rafmagnsbíla líklega sá sami og bensín- eða dísilbíla. Það þýðir að verð bílanna yrði enn betra. Ísland er frábært land fyrir rafbíla og tengiltvinnbíla. Ég er á því að við séum í dauðafæri til að vera með grænasta bílaflotann innan nokkurra ára.“

# Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 21. NÓVEMBER 2018




# LET mannauðslíkanið – bylting í starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana

Gordon Training Iceland (gordon.is) er í eigu Guðmundar G. Haukssonar og Nínu Margrétar Pálmadóttur. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir alþjóðlega fyrirtækið Gordon Training International sem hefur boðið upp á lausnir í mannauðsmálum í 60 ár um allan heim. Aðalvaran er LET-mannauðslíkanið, byltingarkennd nýjung í mannauðsmálum fyrir fyrirtæki og stofnanir. →2

MYND/SIGTRYGGUR ARI

*Helg eru jól*

*í Fríkirkjunni í Reykjavík*

Jólatónleikar til styrktar Kvenlækningadeild 21A, fimmtudaginn 6. desember kl. 12

Miðasala á tix.is og við innganginn Miðaverð 2500.-




Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Þyri Ásta Hafsteinsdóttir, Linda Baldvinsdóttir, Ingólfur Þór Tómasson, Guðbjörg Erlendsdóttir og Gróa Másdóttir eru öll sérfræðingar í mannauðsmálum hjá Gordon Traning Iceland. Í efri röð t.h. er dr. Bill Stinnett frá Bandaríkjunum sem var master leiðbeinandi á vinnustofu hjá Gordon. Lengst t.h. er Guðmundur G. Hauksson framkvæmdastjóri Gordon Training Iceland.

**Framhald af forsíðu ➪**

Undirbúningur hér á Íslandi hefur staðið yfir í fjögur ár. Síðustu tvö árin höfum við þjálfað sérfræðinga okkar í mannauðsmálum og farið með þá í gegnum alþjóðlegt vottunarumhverfi Gordon Training International, en þeir eru líka menntaðir markþjálfar. Markmið okkar er að koma til móts við nútímakröfur um lýðræðislega stjórnunarhætti, leggja grunn að samstarfi, samskiptafærni og þátttökustjórnun í fyrirtækjum og stofnunum og þannig styrkja verðmætasköpun þeirra," segir Guðmundur G. Hauksson framkvæmdastjóri.

Hann bendir á að síðasta áratuginn hafi orðið miklar breytingar varðandi lýðræðislegar áherslur í stjórnun fyrirtækja og stofnana en víða hafi verið hindranir fyrir því að breyta um stjórnunarstíl.

„Línulegt, lýðræðislegt stjórnunarlíkan með áherslu á samskiptafærni er hægt að innleiða, þjálfa og styrkja markvisst í sessi. Það er eitt að lítast vel á hugmyndir um lýðræðislegan vinnustað en annað að gera umbreytingu á verklagsháttum og stjórnunarstíl sem gerir kröfu um að innleiða ákveðna skilgreinda færni. Samhliða slíkum breytingum þarf að innleiða samskiptafærni, sem er óaðskiljanlegur hluti af svona breytingaferli," upplýsir Guðmundur og bendir á að lýðræði á vinnustað auki vellíðan starfsfólks og er skynsamlegt efnahagslega fyrir reksturinn.

„Margar heimildir styðja þá tilgátu að stjórnþjálfun og starfsþróun, þar sem lögð er áhersla á að kenna aukna samskiptafærni og betra samstarf með áherslu á gagnvirk samskipti og átakafærni, sé ekki bara tengd starfsánægju heldur einnig auknni verðmætasköpun, þ.e. minni kostnaði og/eða meiri hagnaði stofnana og fyrirtækja," segir Guðmundur.

## Mannauðsmál í 60 ár

Gordon Training International hefur starfað að mannauðsmálum í 60 ár. Thomas Gordon, stofnandi þess, hefur skrifað fjölda bóka um þessu mál og tvisvar verið tilnefndur til Nóbelsverðlaunanna. Tvær þeirra hafa verið þýddar á íslensku; Samskipti foreldra og barna og Samskipti kennara og nemenda. „Hugó Þórisson sálfræðingur sem nú er látinn, stóð á sínum tíma fyrir foreldranámskeiðum hér á Íslandi sem byggja á hugmyndafræði Thomas Gordon," nefnir Guðmundur.



Alþjóðleg ráðstefna Gordon Training International var haldin í september 2018 í Búdapest og var vel sótt.

## LET-mannauðslíkanið notað af öflugustu og stærstu aðilum í heimi

Aðalvara Gordon er LET-mannauðslíkanið, eða Leader Effectiveness Training. Um er að ræða alþjóðlega viðurkennda stjórn- og samskiptaþjálfun sem byggir á sex þrepa innleiðingu. „Þetta er nýsköpun í stjórnun og samskiptum sem fyrirtæki og stofnanir þurfa til að efla innra samstarf, innleiða virka þátttökustjórnun og auka sköpun og virkni starfsfólks," segir Guðmundur en í LET-mannauðslíkaninu eru samankomin öll stjórnþjálfunarkerfi Gordon Training International.

„Sérstaða LET er safn samskiptalegra verkfæra sem saman mynda þekkingargrunn í ákveðnu innleiðingarferli. Það er stutt með árangursmælingum og fræðsluneti í snjallsímum, spjaldtölvum og fartölvum, sem er hluti af endurmenntun í innleiðingarferli líkansins. Innleiðingu er fylgt eftir inn í starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana. Einnig er beitt sérstakri endurmenntun samkvæmt niðurstöðum árangursmælinga," segir hann.

„LET-hugmyndafræðin hefur verið þróuð í fimmtíu ár og gert öflugum fyrirtækjum eins og Ikea, Toyota, Amazon, Alco, Fedex og fleirum um allan heim kleift að skapa og viðhalda góðri starfsmenningu og öflugum mannauði," segir Guðmundur.

## Harvard-rannsókn staðfestir árangur LET-mannauðslíkansins

Grunnþættir í aðferðafræði LET-mannauðslíkansins byggja á 50 ára gömlum viðurkenndum rannsóknum og þróun í stjórnun, samskiptum og aðferðum fullorðinsfræðslu. „Harvard Business Review gerði rannsókn á stórum hópi stjórnenda þar sem 75% af starfsþjálfun virtist ekki skila árangri. Tekin voru saman sex grunnatriði sem þyrfti til að starfsþjálfun virkaði og í ljós kom að LET-mannauðslíkanið uppfyllir flest þessi atriði sem þarf til að starfsþjálfun skilaði árangri," segir Guðmundur.

## Samskiptavandamál kosta háar fjárhæðir

„Hversu miklum fjármunum eyðir þitt fyrirtæki eða stofnun vegna samskiptavandamála? Fáir eru hrifnir af samskiptavandamálum. Margir geta tekist á við þau en flestir koma sér hjá því. Verkefni eru ekki kláruð vegna þess að fólk er að vernda sig eða láta óvininn líta illa út. Samskiptavandamál geta drepið alla framkvæmdasemi. Margir segja upp vinnu vegna slæmra samskipta við yfirmenn. Mikla fjármuni kostar að ráða og þjálfa upp nýtt starfsfólk. Mikil starfsmannavelta hefur mikinn falinn kostnað í för með sér. 38% af fólki í opinbera umhverfinu segir upp starfi og 43% í einkageiranum í Bandaríkjunum. Þessir útreikningar geta hækkað árlegan starfsmannakostnað um allt að 150%," segir Guðmundur.

## Forsendan fyrir arðsemi fjárfestinga í starfsþjálfun

„Þegar forsendan fyrir arðsemi fjárfestingar í starfsþjálfun er greind niður í grundvallaratriði er aðeins ein raunveruleg ástæða hjá fyrirtækjum og stofnunum fyrir því að fjárfesta í starfsþjálfun og þróun í starfsumhverfi: að leysa vandamál. Allt frá mikilli veltu til samræmingar á málum, öryggis og skýrslugerða, vinnuslysa, framleiðsluskorts, ná ekki ársfjórðungslegum viðmiðun – þessi vandamál eru ástæðan fyrir því að fyrirtæki og stofnanir byrja að leita að góðri þjálfunar- og þróunarlausn," segir Guðmundur.

Velja þarf starfsþjálfun byggða á vísindum, rannsóknum, kennsluaðferðum, notagildi og hagnýtni.

## Þessi fimm atriði þarf að hafa í huga þegar starfsþjálfun er valin:

**Byggt á vísindum:** LET-mannauðslíkanið er grundvallað á áreiðanlegum, virtum grundvallaratriðum og virtum rannsóknum á mannlegri hegðun. Færnin og aðferðirnar hafa verið staðfestar aftur og aftur í áratugi. Þetta eru ekki „nýjar kenningar" eða „óprófaðar". Allt hefur verið kennt, æft og staðfest á þúsundum vinnustaða í áratugi.

**Byggt á æfingum:** Markmiðið með LET er að byggja upp hagnýta færni sem krefst þjálfunar í vinnustofu. Þátttakendur fara í gegnum þessa færni, æfa hana í alvöru samtölum, fá uppbyggilega endurgjöf og byggja hana upp skref fyrir skref.

**Hafa alhliða notagildi:** LET er ekki færni sem bundin er við vinnustað. Í raun er þetta einn af hennar einstöku grundvallarstyrkleikum. Sömu færni, eins og virka hlustun, er hægt að nota til að fækka vandamálum á milli tveggja samstarfsaðila og til að minnka spennu milli systkina.

**Vera hagnýtt:** LET-mannauðslíkanið gerir ekki kröfu um að þátttakendur verði sérfræðingar í „lesa" annað fólk eða þurfi að muna samskiptaform fyrir mismunandi einstaklina. LET gerir ekki kröfu um að þátttakendur verði sérfræðingar í sálfræði, félagsfræðingar eða þurfi að hegða sér á annan hátt en þeir vilja, geta og kunna. LET þróar sérfræðiþekkingu í samskiptum og lausn á vandamálum byggða á samkennd og sjálfstæði.

**Hafa sýnileika og ábyrgð:** LET gerir ekki kröfu um þekkingu eða þátttöku annarra til að „þetta virki". Þeir sem læra LET eru bara ábyrgir fyrir eigin hegðun og innleiða þann skilning. Aðrir aðilar á sama vinnustað sem hafa lært LET geta séð þegar einhver gleymir að nota þessa færni. Þetta skapar tækifæri fyrir þátttakendur til að styrkja og æfa saman þessa færni. Á þennan hátt skapar LET eigin sýnileika, verður sjálfstætt styrkjandi og heldur áfram að gefa löngu eftir að formlegri innleiðingu er lokið og leggur sjálfkrafa grunn að færni í samskiptum til lengri tíma.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

**VAKA**
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA
Sími: 567 6700 | vakahf.is

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Getum enn bætt við okkur verkefnum fyrir jólin.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**k2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569


**ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?**

Finndu þitt starf inn á Job.is

Glæný og fersk störf í hverri viku.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is


## Black Friday

NÝJA BÍLAHÖLLIN 30 ÁRA • 1988 - 2018




**TOYOTA Rav4 sport hybrid awd .**

Árgerð 2018,
Nýr bíll, bensín/rafmagn sjálfskiptur.
**Ásett Verð 6.290.000.**
**Black friday Verð**
**5.890.000**
Rnr.116595.




**TOYOTA Yaris hybrid.**

Árgerð 2015, ekinn 36 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Ásett Verð 2.190.000.**
**Black friday Verð**
**1.790.000**
Rnr.116652.




**MMC Pajero instyle.** Árgerð 2016, ekinn 102 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar
**Ásett Verð 5.490.000 . Black friday Verð 4.490.000** Rnr.213318.




**SKODA Octavia 4x4.**

Árgerð 2016, ekinn 104 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Ásett Verð 2.490.000**
**Black friday Verð**
**1.990.000**
Rnr.212602.




**KIA Sportage ex.**

Árgerð 2016, ekinn 121 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Ásett Verð 2.990.000**
**Black friday Verð**
**2.490.000**
Rnr.340922.




**MMC Outlander - intense.** Árgerð 2015, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Ásett Verð 2.950 Black friday Verð 2.390.000** Rnr.212769.




**VW Golf.** Árgerð 2015, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar.
**Ásett Verð 2.090 Black friday Verð 1.890.000** Rnr.360170.




**CITROEN C4 cactus.** Árgerð 2017, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Ásett Verð 1.790 Black friday Verð 1.550.000** Rnr.213290.




**FORD Kuga.** Árgerð 2016, ekinn 103 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Ásett Verð 2.890 Black friday Verð 2.590.000** Rnr.213189.

**567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS**
**BÍLAHÖLLIN**
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165
**REYNSLA OG TRAUST Í 30 ÁR**


Bílafjármögnun Landsbankans

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677







Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

## Fasteignir




Fallegt og vel skipulagt 180 fermetra endaraðhús á þessum vinsæla útsýnisstað í Skerjafirðinum

Glæsilegt útsýni er úr húsinu

Stór garður



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515

Verð :
**89,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Þjónusta



# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

**Traust og fagleg starfsmannaveita**
sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

**Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins**

HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000
info@handafl.is | **handafl.is**

## Tilkynningar

**Skagafjörður**
Skipulags-og byggingarfulltrúi.
Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 · 550 Sauðárkróki · S: 455 6000

# Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Skagafirði

**Víðimelur Suðurtún 1 – Lýsing fyrir gerð deiliskipulagstillögu.**
Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur samþykkt lýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir lóðina Víðimelur Suðurtún 1 í Sveitarfélaginu Skagafirði samkvæmt 3. mgr 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er lóðin Víðimelur Suðurtún 1 sem liggur sunnan gatnamóta þjóðvegar 1 og Skagafjarðarvegar 752. Stærð lóðarinnar 7.380 ferm. Skipulagssvæðið er í dag ræktað tún, fyrirhugað er að á lóðinni verð starfrækt sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti.

**Helgustaðir í Unadal – Lýsing fyrir gerð deiliskipulagstillögu**
Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur samþykkt lýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir landið Helgustaði í Unadal í Sveitarfélaginu Skagafirði samkvæmt 3.mgr 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er landið Helgustaðir í Unadal um 4,9 ha að stærð. Á landinu er frístundarhús og er markmið deiliskipulagsins að skilgreina nýja byggingarreiti fyrir fleiri hús.

Ofangreindar skipulagslýsingar liggja frammi til kynningar hjá skipulags- og byggingarfulltrúa og í afgreiðslu Ráðhúss Sveitarfélagsins Skagafjarðar að Skagfirðingabraut 17-21 á Sauðárkróki.
Að auki er hægt að nálgast skipulagslýsingarnar á heimasíðu sveitarfélagsins www.skagafjordur.is/is/thjonusta/umhverfis-og-skipulagsmal/byggingafulltrui/auglysingar-um-skipulagsmal frá 16. nóvember til 16. desember 2018.

Ábendingar við efni skipulagslýsingarinnar skulu berast skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa eða á netfangið jobygg@skagafjordur.is fyrir mánudaginn 17. desember 2018.

*Sauðárkróki 15. nóvember 2018*

*Jón Örn Berndsen,*
*skipulags- og byggingarfulltrúi*



**Fjárfesting á annan milljarð**

Aðspurður segir hann að fjárfestingin muni samanlagt kosta á annan milljarð króna. „Það eru sterkir eigendur sem standa að félaginu. Nánast sami hópurinn hefur átt Öskju frá upphafi árið 2004. Þeir þekkja því vel til sveiflna í bílasölu og vönduðu sig vel við ákvörðunina,“ segir hann.

Askja er í eigu hjónanna Hjörleifs Jakobssonar og Hjördísar Ásberg fjárfesta, Frosta Bergssonar, aðaleiganda Opinna kerfa, Jóns Trausta framkvæmdastjóra, Berts Hanson, fyrrverandi eiganda og stofnanda heildsölunnar ÍSAM, og Egils Ágústssonar, fyrrverandi forstjóra ÍSAM og hluthafa í heildsölunni.

„Það sem miklu skipti þegar ákveðið var að ráðast í þessa uppbyggingu var að bílarnir sem við ætluðum að þjónusta væru komnir á götuna og að við myndum halda þessari markaðshlutdeild. Það hefur okkur tekist. Við erum ekki að tjalda til einnar nætur heldur horfum til langs tíma. Skammtímasveiflur hafa ekki áhrif á þá ákvörðun.

Við höfum mikla trú á að Kia og Mercedes Benz muni vegna vel hér á landi á næstu árum. Framleiðendurnir eru framarlega í rafbílavæðingu og tengiltvinnbílum. Ég geri ráð fyrir því að á næstu þremur til fjórum árum munum við hjá Öskju kynna fimm til sjö nýja rafbíla frá Mercedes Benz og Kia verður einnig framarlega á þessu sviði. Kia hefur til dæmis gefið út að árið 2025 verði boðið upp á 16 mismunandi rafbíla; fimm hreina rafbíla, fimm tengiltvinnbíla og einn vetnisbíl. Þetta mun allt gerast á sjö árum. Við hjá Öskju stefnum á að verða leiðandi í rafbílum.“

Það hefur hins vegar verið töluverð bið þegar rafbílar eru pantaðir. Til að mynda er þriggja til fjögurra mánaða bið eftir nýja rafbílnum Kia Niro EV sem væntanlegur er til landsins í vor. „Biðina má rekja til þess að framleiðslugetan er ekki orðin nægilega mikil. Flöskuhálsinn er framleiðsla á rafhlöðum en reiknað er með að árið 2020 verði búið að ryðja þeim hindrunum úr vegi,“ segir Jón Trausti.

**Þarf að „gefa í“ varðandi innviði**

Hann segir að það þurfi að „gefa í“ við uppbyggingu á innviðum til að skapa betra umhverfi til að setja orku í umhverfisvænni bíla. „Stjórnvöld þurfa að koma að uppbyggingunni, til dæmis með því að setja hraðhleðslustöðvar víðar, það þarf hleðslutæki í kringum almenningsstaði eins og sundlaugar og skóla. Og það er með ólíkindum að í byggingarreglugerðum sé ekki löngu búið að gera kröfu um hleðslustöðvar við nýbyggingar, en sem betur fer var sú krafa gerð á þessu ári að nýbyggingar séu með bílastæði sem eru undir það búin að vera með hleðslumöguleika. Það er enn fremur afar mikilvægt að það séu hleðslustöðvar við vinnustaði. Kannanir sýna að séu þær fyrir hendi aukist líkur um 80-90 prósent á að fólk kaupi sér rafbíl. Til að bílaleigur geti leigt úr rafbíla þurfa að vera hleðslustöðvar á gististöðum úti á landi fyrir viðskiptavini, við Keflavíkurflugvöll og öflugar hraðhleðslustöðvar víða um landið.“

**15 prósenta samdráttur**

Jón Trausti víkur talinu að gangi mála í bílasölu í ár. „Árið í ár verður líklega eitt af þremur stærstu árum í bílasölu á Íslandi. Árið í fyrra var það langbesta hingað til sem getur skekkt samanburðinn. Árið í ár fór vel af stað en það fór að hægja á sölunni á seinni hlutanum. Ég hef ekki áhyggju af því, það eru tímabundnar aðstæður sem rekja má til komandi kjaraviðræðna. Margir vilja sjá hver lendingin verður áður en lagt er af stað í bílakaup en ég er bjartsýnn á framhaldið.

Ég geri ráð fyrir því að bílasala muni dragast saman um 15 prósent á milli ára í ár og að við taki tímabil þar sem seldir verði 15 til 18 þúsund bílar á ári. Það er sá fjöldi sem þarf til að viðhalda flotanum. Að mínum dómi er stöðugleiki fram undan. Þegar krónan tók að veikjast jukust tekjur útflutningsgreina sem höfðu glímt við erfiðleika þegar krónan var sterkari. Við merktum það í okkar rekstri í haust að hagur útflytjenda hafði vænkast. Slík fyrirtæki höfðu haldið að sér höndum fyrri hluta árs en forsvarsmenn þeirra sjá nú fram á betri afkomu og hafa fjárfest í bílum í ríkari mæli. Eflaust er krónan í ágætu jafnvægi núna þegar evra kostar á bilinu 135 til 142 krónur. Ég er því viss um að ef krónan verður á svipuðum slóðum og nú til lengri tíma – stöðugleiki er hér lykilforsenda – held ég að það sé umhverfi sem öllum ætti að líða vel í, hvort sem það er útflutningur, innflutningur eða neytendur.

En til þess að tryggja stöðugleika þarf að ljúka kjarasamningum með farsælum hætti. Það er mikilvægt að launahækkanir verði hóflegar og í takt við getu fyrirtækja til að standa undir þeim. Það mun ekki koma neinum til góða ef fyrirtæki þurfa að fleyta kostnaðarhækkunum út í verðlag og jafnvel grípa til uppsagna. Mun betra er að tryggja stöðugleika og viðhalda þeim mikla kaupmætti sem orðið hefur á síðustu árum. Blessunarlega þykir mér tónninn í verkalýðsforystunni orðinn mildari. Ég vonast til að það náist góðir samningar á milli launþega og atvinnurekenda,“ segir Jón Trausti.

**Ísland er til að keyra um og skoða**

Hann telur að bílaleigur muni endurnýja bílaflotann í svipuðum mæli og undanfarin ár og að þær muni kaupa um sex til átta þúsund bíla á ári. Það væri um 40 til 44 prósent af markaðnum. „Árið í ár og í fyrra hafa reynst ferðaþjónustunni erfið. En hún hefur að einhverju leyti notið góðs af gengisveikingunni að undanförnu. Ferðamönnum hingað til lands mun halda áfram að fjölga. Við fáum nú yfir tvær milljónir ferðamanna á hverju ári. Ísland er land til að keyra um og skoða, það mun ekki breytast, bílaleigur gegna lykilhlutverki í því að dreifa ferðamönnum um landið“ segir Jón Trausti.

Mögulega munum við þurfa að færa okkur í að leigja bíla til skemmri tíma og vera virkir þátttakendur í deilihagkerfinu.

Til að bílaleigur geti leigt úr rafbíla þurfa að vera hleðslustöðvar á gististöðum úti á landi fyrir viðskiptavini, við Keflavíkurflugvöll og að það verði öflugar hraðhleðslustöðvar víða um land.

## Sala og markaðshlutdeild fólksbíla Öskju




> **Til að bílaleigur geti leigt úr rafbíla þurfa að vera hleðslustöðvar á gististöðum úti á landi fyrir viðskiptavini, við Keflavíkurflugvöll og öflugar hraðhleðslustöðvar víða um landið.**




ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

# Óvissa um framtíð bílabandalagsins

**Handtaka Carlos Ghosn, stjórnarformanns Nissan, Renault og Mitsubishi, getur veikt 20 ára bandalag bílaframleiðendanna þriggja. Ghosn er grunaður um misferli í störfum sínum fyrir Nissan. Fyrrverandi stjórnandi segir fyrirtækin ekki treysta hvert öðru.**




Carlos Ghosn átti stærstan þátt í því að koma á samstarfi bílaframleiðendanna og hefur notið mikillar hylli fyrir vikið. NORDICPHOTOS/GETTY

Óvissa ríkir um framtíð bandalags Renault, Nissan og Mitsubishi eftir að Carlos Ghosn, forsprakki þess og leiðtogi, var handtekinn á mánudaginn.

Carlos Ghosn er stjórnarformaður Nissan, stjórnarformaður og forstjóri Renault og stjórnarformaður Mitsubishi. Hann er auk þess forstjóri og stjórnarformaður bandalagsins sem fyrirtækin þrjú mynda.

Tilkynnt var um handtöku Ghosn á mánudaginn en hann er grunaður um fjármálamisferli. Nissan gaf út að innri endurskoðun hefði komist að því að Ghosn hefði gefið ranga mynd af tekjum sínum í því skyni að friða hluthafa, að því er Wall Street Journal greinir frá.

Samkvæmt japönskum fjölmiðlum þénaði hann 88,7 milljónir Bandaríkjadala yfir fimm ára tímabil en gaf aðeins helminginn upp í fjárhagsskýrslum fyrirtækisins. Það mun vera brot á japönskum verðbréfalögum. Þá hafi Ghosn notað eignir fyrirtækisins með óeðlilegum hætti utan vinnutíma.

Launakjör Ghosn hafa vakið athygli allt frá því að hann varð launahæsti stjórnandi Japans árið 2010 en laun stjórnenda þar í landi eru hlutfallslega lág í alþjóðlegum samanburði. Nissan og Mitsubishi hétu því á mánudag að reka Ghosn úr stjórninni. Renault sagðist myndu boða til stjórnarfundar og er búist við að hann verði haldinn í þessari viku.

Hlutabréf í Nissan og Mitsubishi lækkuðu um nær sex prósent í fyrstu viðskiptum í gær en japanski hlutabréfamarkaðurinn var lokaður þegar greint var frá handtöku Ghosn á mánudaginn.

**Nissan fordæmis Ghosn**

Bandalag Renault, Nissan og Mitsubishi byggir á krosseignatengslum og samstarfsverkefnum sem miða að kostnaðarhagræði og samlegðaráhrifum. Til að mynda stefna fyrirtækin að því að sameina bílaframleiðsluna árið 2022. Saman eru fyrirtækin annar stærsti bílaframleiðandi heims á eftir Volkswagen.

Ghosn átti stærstan þátt í því að koma á samstarfinu fyrir um 20 árum en nýlega hefur það einkennst af metingi á milli fyrirtækjanna og deilum um notkun á tækninýjungum. Hafa hluthafar Nissan lýst yfir áhyggjum af því að fyrirtækið verði tekið yfir af Renault en Hiroto Saikawa, forstjóri Nissan, er þó alfarið mótfallinn samruna bílaframleiðendanna.

Saikawa kom í stað Ghosn sem forstjóri Nissan fyrir um ári. Á blaðamannafundi varði hann miklum tíma í að fordæma Ghosn sem hefur notið mikillar hylli fyrir að hafa bjargað Nissan frá gjaldþroti rétt fyrir aldamótin. Saikawa sagði að völd Ghosn sem stjórnarformanns bæði Nissan og Renault hefðu átt þátt í því að gera honum kleift að brjóta að sér.

„Þetta er neikvæða hliðin á langri stjórnartíð Ghosn,“ sagði Saikawa við Financial Times greinir frá. „Það er staðreynd sem við þurfum að horfast í augu við. Í framtíðinni munum við sjá til þess að við reiðum okkur ekki á einn einstakling. Við þurfum að finna sjálfbærara skipulag.“

> **Þetta er neikvæða hliðin á langri stjórnartíð Ghosn. Í framtíðinni munum við sjá til þess að við reiðum okkur ekki á einn einstakling.**
>
> Hiroto Saikawa, forstjóri Nissan

**Treysta ekki hver öðrum**

Óvænt starfslok Ghosn eru sögð skapa tómarúm í bandalaginu og eru efasemdir um hvort einhver innan fyrirtækjanna þriggja hafi tið aðgerða bandalagsins sem snúa burðina sem þarf til taka við keflinu og halda bandalaginu saman.

„Þau treysta ekki hver öðrum,“ sagði einn fyrrverandi stjórnandi hjá Renault í samtali við Financial Times. „Fyrirtækjamenning þeirra er ólík og þau eru mjög stolt af sínum eigin rótgrónu vörumerkjum.“

„Brottvikning Ghosn úr stjórn Renault eða Nissan yrði áfall fyrir undirstöður hlutabréfaverðs í Renault, það er, aðgerðir sem taka á núverandi skipulagi bandalagsins,“ sagði bílamarkaðsgreinandinn Arndt Ellinghorts við Financial Times.

Bílamarkaðsgreinandinn Julie Boote sagði í samtali við The Wall Street Journal að vafi léki á um framtíð aðgerða bandalagsins sem snúa að kostnaðarhagræði. Stjórnendur Nissan hafi verið ósáttir við stjórn Ghosn og byrjaðir að breyta stefnunni. „Í Bandaríkjunum einblíndi Ghosn á að ná markaðshlutdeild á kostnað arðsemi. Nissan hefur tekið U-beygju í þessum efnum,“ sagði hún.

Markmiðið með stofnun bandalagsins var stærðarhagkvæmni en síðan þá hefur markaðurinn tekið miklum breytingum. Greinandinn Max Warburton sagði við WSJ að kostnaðarhagræðið sem fælist í samstarfi fyrirtækjanna væri „furðu lítið“. Stærðarhagkvæmni væri ekki endilega besta leiðin til að takast á við áskoranirnar sem fyrirtækin standa frammi fyrir í dag, eins og sjálfvirknivæðingu.

thorsteinn@frettabladid.is

# Deutsche Bank flæktur í sama peningaþvættishneyksli og Danske

Bráðabirgðarannsókn bendir til að um 150 milljarðar Bandaríkjadollara hafi farið um Deutsche Bank í tengslum við peningaþvætti sem Danske Bank er flæktur í. Þetta herma heimildir The Wall Street Journal.

Talsmaður Deutsche Bank sagði að hlutverk bankans í viðskiptunum hefði verið að annast millifærslur fyrir Danske Bank. Samstarfinu hefði verið slitið árið 2015 þegar viðskiptavinir höguðu sér með grunsamlegum hætti.

Niðurstöðurnar eru hvorki endanlegar né hafa þær verið gerðar opinberar. Bankinn hefur verið að reyna að leggja mat á með hvaða hætti hann tengdist peningaþvættinu.

Málið varðar fjármagn sem Danske Bank, stærsti banki Danmerkur, tók þátt í að þvætta frá Rússlandi. Bandarísk löggæsluyfirvöld eru að rannsaka útibú Danske Bank í Eistlandi þar sem yfir 230 milljarðar runnu um reikninga þeirra sem ekki eru eistneskir.

Fjárfestar hafa áhyggjur af afleiðingum hneykslisins á rekstur Danske Bank og hafa bréfin lækkað um helming á þessu ári. Burt séð frá þeim vanda hafa þeir enn fremur áhyggjur af arðsemi bankans í víðara samhengi. – hvj




Deutsche segir að samstarfinu við Danske hafi verið slitið árið 2015 þegar viðskiptavinir höguðu sér með grunsamlegum hætti. NORDICPHOTOS/GETTY

# Spáir áframhaldandi truflunum á áætlunarflugi

Forstjóri lággjaldaflugfélagsins easyJet spáir því að truflanir á áætlunarflugi verði jafn slæmar á næsta ári og þær hafa verið í ár en félagið hefur þurft að aflýsa 6.800 flugferðum.

„Við gerum ekki ráð fyrir að ástandið batni,“ sagði Johan Lundgren forstjóri í kynningu á uppgjöri félagsins, að því er Financial Times greinir frá. Hann sagði að flugfélagið hefði liðið fyrir þætti sem það hefði ekki stjórn á eins og verkföll og „óhagkvæma nýtingu á lofthelgi“.

„Ég hitti samgönguráðherra Evrópu sem ætlar að setja betrumbætur í forgang en við treystum ekki á það,“ sagði Lundgren.

Samkvæmt uppgjöri easyJet fyrir rekstrarárið sem er að baki og nær frá október til september nam hagnaður fyrir skatta 578 milljónum punda, jafnvirði 92 milljarða íslenskra króna og jókst hann um 42 prósent á milli ára. Tekjur flugfélagsins jukust um 17 prósent.

Uppgjörið var í takt við spár félagsins en seinnipartinn í gær höfðu hlutabréf í félaginu lækkað um 5,9 prósent. Afkomuspáin fyrir fyrri helming næsta árs er óbreytt sem og spá félagsins um að tekjur á hvert farþegasæti lækki um eitt til fimm prósent. – tfh






**SKODA OCTAVIA**
Raðnúmer 444742
Nýskráður: '11 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 112.000 km.
**Verð:** 1.890.000 kr.
**Tilboð: 1.650.000 kr.**




**CITROEN C4 CACTUS**
Raðnúmer 700262
Nýskráður: '16 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 32.000 km.
**Verð:** 1.890.000 kr.
**Tilboð: 1.650.000 kr.**




**CHEVROLET CAPTIVA**
Raðnúmer 700165
Nýskráður: '12 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 154.000 km.
**Verð:** 2.290.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**




**CHEVROLET CAPTIVA**
Raðnúmer 445262
Nýskráður: '11 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 151.000 km.
**Verð:** 1.490.000 kr.
**Tilboð: 1.090.000 kr.**




**FORD FOCUS**
Raðnúmer 150019
Nýskráður: '15 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 99.000 km.
**Verð:** 1.590.000 kr.
**Tilboð: 1.290.000 kr.**




**TOYOTA AURIS**
Raðnúmer 444850
Nýskráður: '10 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 105.000 km.
**Verð:** 890.000 kr.
**Tilboð: 730.000 kr.**




**OPEL ASTRA**
Raðnúmer 445263
Nýskráður: '16 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 60.000 km.
**Verð:** 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.490.000 kr.**




**OPEL VIVARO TOURER 9 MANNA**
Raðnúmer 640779
Nýskráður: '16 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 85.000 km.
**Verð:** 3.590.000 kr.
**Tilboð: 2.990.000 kr.**




**MERCEDES-BENZ M ML350**
Raðnúmer 640717
Nýskráður: '06 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 117.000 km.
**Verð:** 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.690.000 kr.**




**SSANGYONG REXTON HLX**
Raðnúmer 720017
Nýskráður: '14 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn:112.000 km.
**Verð:** 3.190.000 kr.
**Tilboð: 2.790.000 kr.**

# Klikkuð Black Friday tilboð frá 21. til 24. nóv.



Klikkaðu á notadir.benni.is




**CHEVROLET CRUZE**
Raðnúmer 444747
Nýskráður: '14 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 76.000 km.
**Verð:** 1.490.000 kr.
**Tilboð: 1.190.000 kr.**




**CHEVROLET CRUZE LTZ DISEL**
Raðnúmer 640484
Nýskráður: '11 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 78.000 km.
**Verð:** 1.390.000 kr.
**Tilboð: 1.190.000 kr.**




**CHEVROLET TRAX**
Raðnúmer 720007
Nýskráður: '14 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 128.000 km.
**Verð:** 1.890.000 kr.
**Tilboð: 1.690.000 kr.**




**SSANGYONG TIVOLI DLX**
Raðnúmer 445202
Nýskráður: '17 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 26.000 km.
**Verð:** 2.990.000 kr.
**Tilboð: 2.630.000 kr.**




**SSANGYONG TIVOLI HLX**
Raðnúmer 444819
Nýskráður: '17 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 49.000 km.
**Verð:** 2.990.000 kr.
**Tilboð: 2.630.000 kr.**




**OPEL MOKKA**
Raðnúmer 340190
Nýskráður: '17 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 29.000 km.
**Verð:** 2.990.000 kr.
**Tilboð: 2.670.000 kr.**




**OPEL ZAFIRA TOURER**
Raðnúmer 444782
Nýskráður: '12 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 82.000 km.
**Verð:** 2.190.000 kr.
**Tilboð: 1.790.000 kr.**




**OPEL ASTRA-G-CARAVAN**
Raðnúmer 150129
Nýskráður: '02 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 211.000 km.
**Verð:** 290.000 kr.
**Tilboð: 200.000 kr.**




**TOYOTA YARIS**
Raðnúmer 445252
Nýskráður: '18 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 25.000 km.
**Verð:** 2.590.000 kr.
**Tilboð: 2.190.000 kr.**




**TOYOTA YARIS**
Raðnúmer 445212
Nýskráður: '18 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 30.000 km.
**Verð:** 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.690.000 kr.**




**VW POLO COMFORTLINE**
Raðnúmer 150175
Nýskráður: '06 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 139.000 km.
**Verð:** 420.000 kr.
**Tilboð: 330.000 kr.**




**TOYOTA YARIS SOL 1,3**
Raðnúmer 150088
Nýskráður: '05 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 149.000 km.
**Verð:** 420.000 kr.
**Tilboð: 330.000 kr.**




**OPEL CORSA-E**
Raðnúmer 445261
Nýskráður: '18 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 40.000 km.
**Verð:** 2.490.000 kr.
**Tilboð: 2.190.000 kr.**




**HYUNDAI IX35 GLS**
Raðnúmer 103626
Nýskráður: '12 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 144.000 km.
**Verð:** 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.750.000 kr.**




**NISSAN QASHQAI TEKNA**
Raðnúmer 340396
Nýskráður: '18 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 24.000 km.
**Verð:** 4.690.000 kr.
**Tilboð: 3.990.000 kr.**

Bílabúð Benna

**NOTAÐIR BÍLAR**
Skoðaðu úrvalið á notadir.benni.is

**Reykjavík**
Krókháls 9 | Sími: 590 2035

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 10-18
Laugardaga 12-16

* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl. Útreikningur miðaður við 20% útborgun og 84 mánaðarlegar greiðslur.

# Virðiskeðjan í bankarekstri að brotna

## Svipmynd

**Georg Lúðvíksson**

Georg Lúðvíksson er einn af stofnendum fjártæknifyrirtækisins Meniga og situr í forstjórastólnum. Meniga hefur vaxið ört frá stofnun og náð samningum við mörg stór fjármálafyrirtæki um víða veröld. Georg segir mjög mikið álag fylgja hröðum vexti í alþjóðlegu rekstrarumhverfi.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Gæðastundir með fjölskyldunni, heimilisfjármál, ferðalög og að kynnast fólki með ólíkan bakgrunn frá hinum ýmsu heimshornum, uppeldi, íþróttir, hagfræði, sjálfbærni og hvernig tæknin (til dæmis gervigreind) er að breyta heiminum og mannlegu samfélagi.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Morgnarnir eru svo misjafnir að það er varla hægt að tala um rútínu. Suma morgna vakna ég snemma til að ferðast eða er á hótelum víða um heim, suma morgna fylgi ég yngri stráknum í skólann, suma morgna fer ég í líkamsrækt, suma morgna leyfi ég mér að sofa aðeins lengur. Það er helst rútína um helgar en þá fer ég venjulega út að hlaupa og set svo croissant í ofninn á eftir.

*Hvaða ráðstefnu eða fyrirlestur sóttirðu síðast?*

Ég var á Singapore Fintech Festival, stærstu fjártækniráðstefnu Asíu, fyrir tveimur vikum en þar var ég á sviði með nýjasta viðskiptavini Meniga, UOB, einum af stærstu bönkum Singapore. Við ræddum hvernig bankar geta nýtt sér gervigreind. Singapore er afar skemmtileg borg að heimsækja og maður bókstaflega finnur fyrir kraftinum og tækifærunum sem hraður vöxtur Asíu býður upp á.

*Hver er bókin sem ert að lesa eða last síðast?*

Ég var að ljúka við að hlusta á alveg hreint frábæra bók sem heitir Essentialism eftir Greg McKeown. Hún fjallar um hvernig lífið verður afslappaðra og árangursríkara á öllum sviðum ef maður einbeitir sér bara að því mikilvægasta en sleppir flestu öðru, það er, gerir færra en sinnir því betur. Uppáhaldskaflinn minn fjallar um hvernig er hægt að bæta sig í að segja nei.



Georg Lúðvíksson segir lykilatriði að setja sér mörk og slaka á þá sjaldan færi gefst. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

*Hvað er það skemmtilegasta við starfið?*

Hið frábæra starfsfólk Meniga og fjölbreytnin sem forstjórastarf í alþjóðlegu fyrirtæki felur í sér. Það eru mikil forréttindi fólgin í því að leiða fyrirtæki sem maður stofnaði sjálfur og sjá það vaxa jafnt og þétt. Ég kem að sköpun og vöruþróun, held kynningar um allan heim og kynni hugmyndafræði Meniga hvar sem ég kem. Enginn dagur er eins og það er aldrei róleg stund.

*Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Úff, það er svo margt spennandi. En ætli ég myndi ekki spreyta mig á því að vera rithöfundur og skrifa skáldsögu. Ég er að minnsta kosti forvitinn um að láta á það reyna og sjá hvort listræna hliðin er enn þá viðbjargandi.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í starfinu?*

Mjög mikið álag fylgir hröðum vexti í alþjóðlegu rekstrarumhverfi og það er lykilatriði að setja sér mörk og slaka á þá sjaldan færi gefst. Starfinu fylgja líka mikil ferðalög sem gera manni erfitt fyrir að halda jafnvægi í lífinu. Flækjustigið í rekstrinum hefur margfaldast á undanförnum árum samfara fjölgun starfsfólks og starfsstöðva, viðskiptavina og vöruframboðs – og það er veruleg áskorun fólgin í því að stjórna þessum vexti og stöðugt aðlaga vinnubrögðin breyttum aðstæðum.

*Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?*

Rekstrarumhverfið er að mörgu leyti gott þar sem það hefur aldrei verið meiri eftirspurn eftir vörum Meniga á okkar mörkuðum eða tækifærin stærri. En þegar tækifærin eru mörg þarf líka að velja og hafna og það er umtalsverð áskorun að halda fókus. Einnig má nefna hátt gengi og sveiflur krónunnar sem þyngja mjög rekstur alþjóðlegra fyrirtækja frá Íslandi.

*Hvaða breytingar sérðu fyrir þér í rekstrarumhverfinu á komandi árum?*

Hraðinn á bara sífellt eftir að aukast. Það eru mjög miklar breytingar á fjármálamarkaði í Evrópu og víðar í farvatninu með tilkomu nýrra reglugerða, hraðrar tækniþróunar, aukinnar samkeppni og margföldunar á fjárfestingu í fjártækni og nýsköpun í greininni. Virðiskeðjan í bankarekstri er að brotna upp og við eigum eftir að sjá miklar breytingar í bankarekstri á næstu árum. Allar þessar breytingar eru vatn á myllu Meniga þar sem við hjálpum bönkum að aðlagast nýjum aðstæðum og keppa – og gera okkur kleift að halda áfram að vaxa af krafti næstu misserin ef við höldum rétt á spilunum.

Varðandi umhverfið á Íslandi þá vona ég að við berum gæfu til að bæta rekstrarumhverfi alþjóðageirans á ýmsan hátt, til dæmis með því að taka upp annan gjaldmiðil þó að það sé líklega ekki í spilunum í náinni framtíð. Mín skoðun er sú að til að alþjóðleg fyrirtæki geti dafnað á Íslandi þurfi líka að huga að því að þau geti vaxið hér samhliða því sem þau vaxa erlendis. Við viljum að þessi fyrirtæki fari að hluta til úr landi en auðvitað ekki að öllu leyti. Meniga er til dæmis með starfsstöðvar í fjórum löndum og því betur sem okkur gengur sem heild, því fleiri störf getum við skapað á Íslandi.

### Helstu drættir

**Nám:**
- Hugbúnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands
- MBA frá Harvard Business School.

**Störf:**
- Forstjóri Meniga.

**Fjölskylduhagir:**
Í sambúð með Kristrúnu Tinnu Gunnarsdóttur hagfræðingi. Faðir 12 og 17 ára stráka sem búa hjá okkur aðra hverja viku.

# Nauðsyn eða tímaskekkja?



**Sigríður Pétursdóttir**
skrifstofustjóri Málflutningsstofu Reykjavíkur og nefndarmaður í Almannatengslanefnd Mannauðs

Árið 2016 sendi umboðsmaður Alþingis öllum ráðuneytum í Stjórnarráðinu bréf þar sem athygli var vakin á skyldum opinberra stjórnvalda til þess að veita upplýsingar um starfsheiti umsækjenda um opinbert starf þegar umsóknarfrestur var liðinn. Markmiðið, að sögn umboðsmanns, var að mæta sjónarmiðum um opna stjórnsýslu og stuðla að opinni umræðu um stöðuveitingar hjá opinberum aðilum. Í júlí síðastliðnum sá umboðsmaður sig knúinn til að árétta skylduna.

Töluvert hefur verið rætt um málið innan raða þeirra sem sinna eða koma að ráðningum og hefur einnig verið fjallað um málið í fjölmiðlum. Birting umsækjendalista í opinberum ráðningum verður því að teljast ákveðið hitamál í mannauðsmálum hins opinbera.

Tilmæli umboðsmanns Alþingis um birtingu byggjast á 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 en markmið laganna er að tryggja gagnsæi í stjórnsýslu. Þau kveða einnig á um upplýsingarétt almennings hvað varðar gögn í vörslu stjórnvalda. Nafnleynd er því ekki möguleg ef á annað borð er óskað eftir lista yfir umsækjendur.

Samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir að til staðar sé ákveðið gagnsæi svo upplýsa megi almenning um hverjir sóttu um tiltekið starf og getur almenningur dregið ályktanir um hvort hæfasti einstaklingurinn hafi verið ráðinn. Þannig er gagnsæi aukið til muna frá því sem áður var, eða hvað ?

Sérfræðingar hjá ráðgjafarfyrirtækjum, sem oft eru fengnir til að koma að ráðningum í opinbera geiranum, hafa látið þau orð falla að upplýsingalögin geti virkað letjandi á hæfa umsækjendur þar sem þeir vilja ekki eiga á hættu að nafn þeirra birtist í fjölmiðlum.

Tökum sem dæmi að einstaklingur að nafni Arna sæki um sem fjármálastjóri hjá opinberri stofnun. Arna hefur unnið alla sína tíð á almenna markaðnum og sér þarna draumastarfið sitt auglýst. Arna er mjög sátt í núverandi starfi en veit að umrætt starf er ekki oft auglýst og því sé tækifærið núna til að kanna möguleika sína á því. Arna er mjög hæfur umsækjandi, hún er með menntun við hæfi, áratuga reynslu í sambærilegu starfi og uppfyllir allar hæfnis- og menntunarkröfur sem settar voru fyrir starfið. Arna sækir um starfið en þegar umsóknarfrestur er liðinn er Örnu tjáð að óskað hafi verið eftir birtingu á umsækjendalistanum. Arna dregur umsókn sína til baka. Hún dregur í efa að núverandi vinnuveitendur sýni skilning á stöðu hennar.

> **Birting á nöfnum þeirra einstaklinga sem sækja um viðkomandi starf getur leitt til þess að hæfasti umsækjandinn verði ekki ráðinn.**

Snúum dæminu við. Davíð er starfsmaður hjá hinu opinbera með sömu forsendur, mjög hæfur í starfið og fær upplýsingar um birtinguna. Líkur eru á því að Davíð muni ekki draga umsókn sína til baka því skilningur yfirmanna hans er mun meiri og hefð fyrir því að starfsmenn innan hins opinbera færi sig til í starfi. Við þessar aðstæður er freistandi að spyrja sig hvort hið opinbera hafi aðgang að hæfasta starfsfólkinu í störfin ef einungis er litið til birtingarinnar.

Rannsókn og ritrýnd grein sem greinarhöfundur skrifaði, ásamt Svölu Guðmundsdóttur og Erlu S. Kristjánsdóttur, sýna að fælingarmáttur birtingarinnar er 20-35% og hefur neikvæð áhrif á ráðningarferlið í heild sinni. Birting á nöfnum þeirra einstaklinga sem sækja um viðkomandi starf getur leitt til þess að hæfasti umsækjandinn verði ekki ráðinn.

Áhugi almennings er jú til staðar, það er ljóst en hvaða gagn gerir birtingin? Er gagnsæið að vinna með umsækjendum og hinu opinbera þegar umboðsmaður þarf sífellt að áminna stofnanir og ráðuneyti sökum þess að lögin eru ekki virt? Jafnvel að farið sé fram hjá þeim eins og hægt er með tímabundnum ráðningum og ófullnægjandi birtingum. Þegar litið er til lagalega umhverfisins á Íslandi eru hagsmunir hins opinbera hvívetna hafðir ofar hagsmunum umsækjandans.

Tortryggni almennings og umræða um pólitík, klíkuráðningar og ógagnsæi eru meginástæða birtingarinnar en mætti ekki laga það með því að bæta umsýslu mannauðsmála hjá hinu opinbera? Kalla að borðinu fólk sem menntað er í mannauðsfræðum og kanna með þeim hvaða mælikvarðar myndu gera það að verkum að hið opinbera fengi hæfasta fólkið til starfa hverju sinni með gangsæjum hætti. Nú eða þjálfa núverandi stjórnendur í mannauðsmálum og auka þannig gæði ráðninganna.

Ríkið þarf að móta markvissa stefnu í mannauðsmálum, gefa forstöðumönnum og stjórnendum sínum aukið vald til ráðninga til að hægt sé að búa til heilbrigðan umsækjendamarkað, ef kalla má svo, grundvöll þar sem hinn opinberi geiri stenst samanburð við hinn almenna að einhverju leyti.

GLAMOUR

# Komið í allar helstu verslanir




*Íslenskt tískutímarit*

## Skotsilfur

### Jákvætt innlegg



Stjórn Eimskips og **Gylfi Sigfússon** hafa sem kunnugt er komist að samkomulagi um að Gylfi láti af störfum sem forstjóri flutningafélagsins um næstu áramót. Bjartsýnir menn telja að brotthvarf forstjórans geti verið jákvætt innlegg í annars erfiðar kjaraviðræður vetrarins enda hefur hann um nokkurt skeið verið skotspónn nýrra leiðtoga verkalýðshreyfingarinnar. Formenn VR og Eflingar og fyrsti varaforseti ASÍ skrifuðu til að mynda sameiginlega grein fyrr á árinu þar sem þau sögðu launagreiðslur til Gylfa, sem námu ríflega 100 milljónum króna í fyrra, dæmi um „tryllta firringu“ þeirra sem stjórna fyrirtækjum á Íslandi.

### Stjórnin í Lundúnum



Hrist var upp í stjórn Klakka, móðurfélags Lykils, í síðustu viku þegar þeir Kristján B. Thorlacius og Pétur J. Eiríksson viku sæti og Joy McAdam, fyrrverandi stjórnandi hjá Royal Bank Of Scotland, settist á ný í stjórnina. Um leið tók Matt Hinds við stjórnarformennskunni. Það kemur nokkuð spánskt fyrir sjónir, í ljósi þess að eina eign Klakka er íslenskt eignaleigufyrirtæki, að í nýrri stjórn Klakka eru fjórir af fimm stjórnarmönnum búsettir í Lundúnum. **Jeremy Lowe**, sem stýrir starfsemi vogunarsjóðsins Davidson Kempner, stærsta hluthafa Klakka, hér á landi vill greinilega hafa stjórnina í kallfæri.

### Óánægðir



Það er engin launung á því að Samherjamenn eru ósáttir við framgöngu Seðlabankans í máli bankans gegn útgerðarfyrirtækinu. Þeir undirbúa nú bótamál á hendur bankanum og þá hefur **Þorsteinn Már Baldvinsson** sagt að seðlabankastjóra sé ekki sætt í embætti. Vitað er að óánægja Samherjamanna beinist mjög að bankaráðinu og þá sérstaklega fulltrúum Sjálfstæðisflokksins þar, Sigurði Kára Kristjánssyni og Þórunni Guðmundsdóttur, en þeim þykir þau ekki hafa gripið í taumana heldur látið málið hreinlega afskiptalaust.

## Sakar Danske Bank um að reyna að kaupa þögn



Bankamanninum Howard Wilkinson, sem varaði stjórnendur Danske Bank við umfangsmiklu peningaþvætti í bankanum, voru boðnar fúlgur fjár fyrir að þegja um brotin. Þetta kom fram í máli Wilkinsons, fyrrverandi yfirmanns í útibúi bankans í Eistlandi, þegar hann kom fyrir danska þingið á mánudag. Hann sagðist fyrir fundinn furða sig á því hve lítið hefði gerst í málinu síðustu ár. Fjármálaeftirlitið hefði brugðist. NORDICPHOTOS/GETTY

# Er lífskjarastefnan að líða undir lok á Íslandi?



**Halldór Benjamín Þorbergsson**
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

> **Landsframleiðslan er því forsenda allra lífskjara okkar og hagvöxtur besti mælikvarðinn á það hvernig þau þróast.**

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði á fundi Vinstri grænna og verkalýðshreyfingarinnar á laugardaginn: „Sú hagfræðikenning sem hefur mótað efnahagsstefnu 20. aldarinnar, efnahagsstefnu sem byggir fyrst og fremst á því að halda áfram hagvexti út í eitt, sú efnahagsstefna er að líða undir lok.“

Hagvöxtur er vöxtur landsframleiðslunnar á föstu verðlagi á ársgrundvelli. Verg landsframleiðsla er verðmæti allrar vöru og þjónustu sem við framleiðum á einu ári. Sú framleiðsla er grundvöllur allra launa sem eru greidd í landinu, allra skattteknа hins opinbera og þar með allrar þjónustu hins opinbera og bóta sem það greiðir.

Landsframleiðslan er því forsenda lífskjara okkar og vöxtur hennar, hagvöxturinn, besti mælikvarðinn á það hvernig þau þróast. Ekki eini mælikvarðinn, en samt besti mælikvarðinn.

**Besti mælikvarðinn**
Þegar vel gengur gleyma menn oft uppsprettu verðmætasköpunar. Það er hættuleg þróun. Efnahagsleg lífskjör eru mikilvæg en auðvitað vega aðrir þættir þungt. Ekkert verður til úr engu og það eyðist sem af er tekið. Miðað við 1% árlegan hagvöxt tekur 70 ár að tvöfalda efnahagsleg lífsgæði þjóðarinnar. Miðað við 6% hagvöxt tvöfaldast efnahagsleg lífsgæði á 12 árum.

Landsframleiðslan er besti mælikvarðinn vegna fylgni á milli hennar og nær allra annarra mælikvarða á lífsgæði. Í löndum þar sem landsframleiðslan er mikil er alla jafna meira jafnrétti, meiri jöfnuður, minna atvinnuleysi, minni fátækt, betri heilsa, minni spilling og færri glæpir. Hagvöxtur gerir þjóðfélögum fært að bjóða upp á ódýra eða ókeypis heilbrigðisþjónustu og menntun og styðja við þá sem á þurfa að halda, svo sem öryrkja, atvinnulausa og eldri borgara.

**Hvorki úrelt né gamaldags**
Til lengri tíma helst hagvöxtur í hendur við framleiðni þjóðarbúsins. Meðalhagvöxtur á mann var um 3% á 20. öldinni og það sem af er 21. öldinni hefur hann verið ríflega 2%. Það er mikill vöxtur í alþjóðlegum samanburði, enda eru efnahagsleg lífskjör á Íslandi ein þau bestu í heimi. Hvergi er meiri tekjujöfnuður en á Íslandi og atvinnuleysi óvíða minna. Meðallaun eru ein þau hæstu í heimi og lágmarslaun einnig – jafnvel þó leiðrétt sé fyrir háu verðlagi á Íslandi. Það blasir við að sú efnahagsstefna sem við viljum áfram framfylgja er einmitt sú að tryggja sem mestan hagvöxt landsmönnum öllum til hagbóta. Forgangsverkefni stjórnvalda er því að tryggja samkeppnishæft rekstrarumhverfi sem stuðlar að aukinni framleiðni í þjóðarbúinu með langtímasýn að leiðarljósi þar sem sköttum og íþyngjandi regluverki er haldið í lágmarki. Sú efnahagsstefna mun tryggja Íslandi áfram sæti í fremstu röð.

Það ætti að vera sameiginlegt verkefni stjórnmálamanna og aðila vinnumarkaðarins að bæta lífskjör allra sem allra mest til langs tíma. Með öðrum orðum, að auka hagvöxt sem mest. Það kann að vera gömul hugmynd, en hún er svo sannarlega hvorki úrelt né gamaldags.

# Hallar á fyrstu kaupendur



**Linda Lyngmo**
vörustjóri hjá Íslandsbanka

Aldrei hefur verið jafn erfitt fyrir einstaklinga að kaupa sína fyrstu fasteign miðað við laun. Hlutfall launa fólks á algengum fyrstu kaupa aldri og verðs á smærri eignum var um 31% yfir langtímameðaltali á síðastliðnu ári og hefur það aldrei verið hærra.

Frá árinu 2010 hefur raunverð íbúða hækkað um 56%. Á sama tíma hefur hlutfall íbúða undir 110 m² lækkað úr 60% í 54,5%. Þessi þróun sýnir að undanfarin ár hefur hlutfallslega verið meira byggt af stærri eignum en minni, sem er í raun þvert á þarfir markaðarins en sökum lýðfræðilegrar þróunar (hækkandi meðalaldurs, minnkandi fjölskyldustærðar og lækkandi fæðingartíðni) hefur eftirspurn eftir minni íbúðum aukist.

Ef horft er til enn smærri eigna hefur raunverð íbúða undir 70 m² hækkað mest hvort sem horft er einn (73%) eða tvo (89%) áratugi aftur í tímann. Raunverð smærri íbúða er í sögulegu hámarki og er raunverð íbúða undir 70 m² um þessar mundir 17% yfir því sem það var hæst í síðustu uppsveiflu. Hver fermetri íbúða undir 70 m² er rúmlega þriðjungi dýrari (34%) en í eignum yfir 70 m² að meðaltali um þessar mundir.

Samhliða hækkunum á fasteignaverði hefur leiguverð einnig hækkað og fyrir ungt fólk á leigumarkaði getur reynst afar erfitt að safna fyrir útborgun í íbúð samhliða því að greiða húsaleigu. Þrátt fyrir þetta fer hlutfall fyrstu kaupa af heildarfjölda kaupsamninga vaxandi og hefur hlutfallið ekki mælst jafn hátt og það gerir nú.

Einnig er áhugavert að á sama tíma og hlutfall fyrstu kaupenda af heildarfjölda kaupsamninga fer vaxandi eru ekki merki um aukna skuldsetningu fyrstu kaupenda heldur hefur skuldsetning þeirra þvert á móti þróast með jákvæðum hætti.

Ríkisstjórn landsins hefur lagt sitt af mörkum til að aðstoða þá sem hyggjast kaupa sína fyrstu fasteign. Meðal annars með sérstöku fyrstu kaupa úrræði tengdu séreignarsparnaði og með afnámi ýmissa kostnaðarliða við kaup. Þetta hefur stutt við eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og þá aðallega minni íbúðum. Fasteignaverð hefur hins vegar hækkað vegna þess að framboð á smærri eignum hefur ekki aukist í takt við eftirspurn, meðal annars vegna þess að byggingartími nýbygginga er nokkuð langur. Til að ná jafnvægi á markaðinum þyrfti ríkisstjórnin ef til vill að auka aðkomu sína á framboðshliðinni eða að minnsta kosti setja saman heildræna stefnumótun í húsnæðismálum landsins.



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
19.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af dragböndum/ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 21. nóvember 2018

FRÉTTABLADID.IS frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

## Augun á boltanum

**Fyrir liggur** úttekt Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á starfsmannamálum Orkuveitu Reykjavíkur. Niðurstaðan er eitt, og umfjöllunin sem hún hefur fengið innan og utan Orkuveitunnar allt annað. Eðlilegt er að spurt sé hvort stjórnendur hafi getað einbeitt sér að því sem mestu máli hlýtur að skipta undanfarna mánuði. Sjálfum rekstrinum. Stjórn OR tók lán á síðustu dögum 2016 á óhagstæðari kjörum en félaginu almennt býðst til þess að uppfylla skilyrði um veltufjárhlutfall svo greiða mætti arð út úr félaginu. Þótt félagið hafi lækkað skuldir sínar talsvert hefur það verið gert með því að velta enn frekari byrðum yfir á borgarbúa; hækkun gjaldskrár, frestun innviðafjárfestinga og lántökum úr borgarsjóði.

**Stjórn félagsins,** með formann bankaráðs Seðlabankans fremstan í flokki, hefur verið dugleg að hrósa sjálfri sér og stjórnendum fyrir fádæma afrek í rekstri. Ef önnur fyrirtæki byggju við þann lúxus að geta endalaust sótt sér fé í vasa viðskiptavinanna, væri staðan önnur. Sú er ekki raunin, og því lenda fyrirtæki í rekstrarvandræðum. Sannleikurinn er að eina tiltektin sem átti sér stað í Orkuveitunni eftir hrun var að pína borgarbúa enn frekar. Engin sérstök tilraun til rekstrarhagræðis var gerð. Stöðugildum hefur fjölgað og meðallaun starfsfólks eru áfram með því hæsta sem gerist. Nú þegar eitthvert svigrúm virðist vera að skapast í rekstrinum á að sólunda því og greiða stjórnmálamönnum arð í stað þess að lækka gjaldskrár.

**Með þetta að leiðarljósi** var athyglisvert að heyra bráðabirgðaforstjóra OR gefa rekstri félagsins hæstu einkunn örfáum klukkustundum eftir að hún tók við störfum. Við blasir að á þeim tíma hafði hún annaðhvort ekki kynnt sér reksturinn eða hún hafi hreinlega ekki meiri rekstrarreynslu en ummælin gáfu til kynna. Raunar benda ummæli hennar í kjölfar útgáfu skýrslunnar góðu til þess síðarnefnda. Nú síðast sakaði hún eiginmann fyrrverandi starfsmanns félagsins um að hafa gert tilraun til að kúga félagið með því að gera ýtrustu kröfur fyrir hönd eiginkonunnar. Forstjórinn hefur miðað við það ekki mikla reynslu af viðskiptum, en þar er daglegt brauð að menn fari fram með slíkar kröfur, sem gagnaðilanum er einfaldlega frjálst að hafna.

**Liggur ekki í augum uppi** að bráðabirgðaforstjóranum var falið að kæfa mál í fæðingu sem var borgarstjórnarmeirihlutanum erfitt? Kannski tókst henni það hvað varðar vinnustaðamenninguna. Reksturinn talar hins vegar fyrir sig sjálfur. Þar er víða pottur brotinn.






# Meniga velti 1,8 milljörðum króna


**Georg Lúðvíksson, forstjóri Meniga.**

Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Meniga velti 12,6 milljónum evra, jafnvirði um 1.770 milljóna króna, á síðasta rekstrarári frá apríl í fyrra til mars síðastliðins. Tekjurnar jukust um 55 prósent frá fyrra rekstrarári þegar þær voru um 8,2 milljónir evra.

Þetta kemur fram í ársreikningi Meniga Limited sem skilað var til bresku fyrirtækjaskrárinnar fyrr í mánuðinum.

Rekstrartap íslenska hugbúnaðarfyrirtækisins nam 0,5 milljónum evra, sem jafngildir um 70 milljónum króna, á síðasta rekstrarári borið saman við rekstrartap upp á ríflega 3,8 milljónir evra á rekstrarárinu 2016 til 2017. Fram kemur í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningnum, að tap síðasta rekstrarárs hafi einkum skýrst af áframhaldandi fjárfestingum í markaðs- og greiningarlausnum. Rekstrargjöld Meniga námu 13,1 milljón evra á síðasta rekstrarári og jukust um 9 prósent frá fyrra rekstrarári. Um eitt hundrað manns starfa hjá hugbúnaðarfyrirtækinu á skrifstofum þess hér á landi, í Bretlandi, Póllandi og Svíþjóð. **– kij**

**15.11.2018**

**Um 65 prósent af verðmætasköpun fyrirtækja fara í launakostnað og af þeim kostnaði er það ekki nema önnur hver króna sem skilar sér í vasa launþegans.**


Ásta Sigríður Fjeldsted, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs




# Bíða enn eftir fyrsta sigrinum í undankeppninni

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið mætir Bosníu í Laugardalshöllinni í síðasta leik sínum í undankeppni EM 2019 í kvöld. Leikurinn hefst klukkan 19:45.

Ísland hefur tapað öllum fimm leikjum sínum í A-riðli með samtals 130 stigum. Á laugardaginn lutu Íslendingar í lægra haldi fyrir Slóvökum, 52-82, í næstsíðasta leik sínum í undankeppninni.

Sóknarleikurinn hefur verið höfuðverkur Íslendinga í undankeppninni. Ísland hefur aðeins skorað 280 stig, eða 56 stig að meðaltali í leik. Í síðustu tveimur leikjum hefur íslenska liðið einungis skorað 37 og 52 stig. Aðeins fimm lið hafa skorað minna en Ísland í undankeppni EM.

Bosnía vann fyrri leikinn á móti Íslandi í Sarajevó með þrjátíu stiga mun, 97-67. Helena Sverrisdóttir var stigahæst í íslenska liðinu með 32 stig. Þær Hildur Björg Kjartansdóttir skoruðu 48 af 67 stigum Íslands í leiknum. Þær hafa skorað bróðurpartinn af stigum Íslands í undankeppninni.

Ísland hefur tapað síðustu átta leikjum sínum. Síðasti sigurinn kom í vináttulandsleik gegn Írlandi í júní 2017, 69-63. – iþs



Hildur Björg Kjartansdóttir í leiknum gegn Slóvakíu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Helena lék sinn fyrsta landsleik árið 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Tímamót hjá Helenu

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir leikur sinn 70. landsleik þegar íslenska kvennalandsliðið í körfubolta mætir því bosníska í undankeppni EM í kvöld.

Helena, sem er þrítug, verður sú þriðja í sögu kvennalandsliðsins sem nær þessum áfanga. Hildur Sigurðardóttir er leikjahæsti leikmaður landsliðsins frá upphafi með 79 leiki. Birna Valgarðsdóttir kemur þar á eftir með 76 landsleiki.

Helena lék sinn fyrsta landsleik árið 2002, þá á 14. aldursári. Landsleikir Helenu ættu að vera mun fleiri en landsliðið hefur ekki verið starfsrækt allan tímann síðan hún þreytti frumraun sína með því.

Helena er langleikjahæst í íslenska hópnum. Sigrún Sjöfn Ámundadóttir, leikmaður Skallagríms, er næst á eftir henni með 52 landsleiki. Hún jafnar landsleikjafjölda Guðbjargar Norðfjörð og Helgu Þorvaldsdóttur í kvöld. – iþs



Þórey Rósa afar öflug í sigri Íslands á Kína í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Sex marka sigur gegn Kína

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta vann sex marka sigur á Kína 30-24 í æfingaleik í gær. Leikurinn sem fór fram í Noregi var hluti af undirbúningi íslenska liðsins fyrir undankeppni HM þar sem íslenska liðið hefur leik í Skopje, Makedóníu, þann 30. nóvember næstkomandi.

Var þetta í þriðja sinn sem íslenska kvennalandsliðið mætir því kínverska á handboltavellinum og höfðu liðin unnið hvort sinn leikinn fyrir gærdaginn.

Kínverska liðið byrjaði leikinn vel og hélt vel aftur af sóknum íslenska liðsins. Leiddi kínverska liðið með tveimur mörkum, 13-11, þegar liðin gengu til búningsklefanna. Íslenska liðinu gekk betur að finna glufur á varnarleik Kínverja í seinni hálfleik, náði að snúa leiknum sér í hag og vinna sex marka sigur.

Þórey Rósa Stefánsdóttir var atkvæðamest í íslenska liðinu með sjö mörk en Steinunn Hansdóttir sem kom stuttu fyrir leik inn í liðið í fjarveru Þóreyjar Önnu Ásgeirsdóttur var öflug með fjögur mörk.

Íslenska liðið mætir ríkjandi Evrópumeisturum Noregs undir stjórn Þóris Hergeirssonar á fimmtudaginn. – kpt



FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT



Maðurinn minn og besti vinur,

**Pétur Virgar Hansson**

lést 13. nóvember sl.
Útför hins látna hefur farið fram.
Fjölskyldan þakkar hlýju og samhug.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Sigurlína Valgeirsdóttir**

---



Elskaður eiginmaður minn,
faðir og afi,

**Jón Vídalín Halldórsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans
við Hringbraut miðvikudaginn
14. nóvember. Útför fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn
28. nóvember klukkan 13.

**Birna Á. Olsen**
**Guðrún H. Jónsdóttir**
**Guðrún Birna Jakobsdóttir**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Pálína Guðmundsdóttir**
kennari,
áður til heimilis að
Skeiðarvogi 111, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold Garðabæ,
17. nóvember sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigrún Sigurðardóttir** **Halldór M. Gunnarsson**
**Anna Svanhildur Sigurðardóttir**
**Guðrún Rósa Sigurðardóttir**
**Kjartan Sigurðsson** **Særún Jónasdóttir**
**Haraldur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Sveinsson**
vélstjóri,
áður til heimilis í Ljósheimum 2,

lést á dvalarheimilinu Grund þann
17. nóvember. Útförin fer fram í Áskirkju
mánudaginn 26. nóvember kl. 13.00.
Aðstandendur vilja þakka starfsfólki á Litlu
Grund alúðlega umönnun og hlýju.

**Guðrún Jónsdóttir**
**Þórunn Ósk Jónsdóttir** **Þorsteinn Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg föðursystir og vinkona okkar,

**Anna Borg**

sem andaðist þann 11. nóvember
á heimili sínu, Hrafnistu Boðaþingi
í Kópavogi, verður jarðsungin frá
Fossvogskirkju, fimmtudaginn
22. nóvember, klukkan 13.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag lamaðra og
fatlaðra og Gigtarfélagið.

**Anna Elísabet Borg** **Rein Norberg**
**Elín Borg** **Benedikt Hjartarson**
**Óskar Borg** **Berglind Hilmarsdóttir**
**Páll Borg** **Ingunn Ingimarsdóttir**

---

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

---



Frá vinstri á myndinni eru Arnþór Gunnarsson, höfundur bókarinnar, Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra og Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri glöð í bragði með bókina en hún kemur einnig út sem rafbók.

## Saga fyrir alla um flugvelli og flugleiðsögu á Íslandi

**Rafbókin Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi er komin út hjá Isavia. Opinn aðgangur er að bókinni á vefsíðum Landsbókasafnsins og Isavia en hún er þó einnig gefin út í gamla góða bókarforminu. Í bókinni er ýmissa tímamóta í flugsögu landsins minnst.**

Árið 2016 voru 70 ár liðin síðan Íslendingar fengu herflugvelli bandamanna í Reykjavík og Keflavík afhenta til eignar og höfu rekstur flugleiðsöguþjónustu á stórum hluta Norður-Atlantshafs. Árið 2017 voru 30 ár liðin frá opnun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem olli straumhvörfum í farþegaflugi um Keflavíkurflugvöll. Flugsamgöngur og innviðir sem þeim tengjast eru undirstaða sívaxandi ferðaþjónustu sem orðin er einn mikilvægasti atvinnuvegur þjóðarinnar. Isavia ákvað að minnast þessara merku tímamóta með ritun 70 ára sögu flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi sem leikið hefur lykilhlutverk í samgöngusögu þjóðarinnar. Bókinni Saga flugvalla og flugleiðsögu á Íslandi er ætlað að fagna þessum og öðrum merkum áföngum þessarar mikilvægu sögu. Verkið er nærri 550 blaðsíður og er tileinkað öllu því starfsfólki sem lagt hefur hönd á plóginn við uppbygginguna og rekstur, sem stuðlaði meðal annars að því að rjúfa einangrun í byggðum landsins.

Í tilkynningu frá Isavia segir að það sé við hæfi, þegar opinbert fyrirtæki lætur skrá svo merka sögu, að tryggja að hún nái til sem flestra landsmanna. Bókin er því gefin út í rafbókarformi í opnum aðgangi á vef Landsbókasafnsins og Isavia. Bókin verður líka til sölu í bókaverslunum.

Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, segir í tilkynningunni að þarna sé skráður mikilvægur hluti af sögu landsins. „Ég vil þakka öllum sem komu að gerð verksins og sérstaklega höfundinum, Arnþóri Gunnarssyni sagnfræðingi, fyrir afar metnaðarfullt starf. Þarna er skráður mikilvægur hluti af sögu Íslands sem ekki má gleymast.“

Arnþór er sjálfstætt starfandi sagnfræðingur. Hann lauk BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og MS-prófi í ferðamálafræði frá sama skóla árið 2011. Eftir Arnþór liggur fjöldi greina um sagnfræðileg efni í tímaritum, þar á meðal í Sögu, tímariti Sögufélagsins. **benediktboas@frettabladid.is**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Einar Valgeirsson**
Hólavegi 16, Siglufirði,
fæddur 30.07.39,

lést sunnudaginn 18.11.18.
Útför fer fram laugardaginn
24. nóvember kl. 11 í Siglufjarðarkirkju.

**Elísabet K. Matthíasdóttir**
**Jóna Matthildur Jónsdóttir** **Sigurður V. Skarphéðinsson**
**Halldór Kristján Jónsson** **Alina Kerul**
**Þórkatla Jónsdóttir** **Vakhtang Gabrosvili**
**Sigurlaugur Oddur Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir sendum við öllum
þeim sem sýndu okkur samúð,
vináttu og umhyggju við andlát og
útför ástkærs eiginmanns míns, sonar,
föður, tengdaföður og afa,

**Vals Harðarsonar**

**Þuríður Höskuldsdóttir**
**Sigfríð Hallgrímsdóttir**
**Sigrún K. Valsdóttir** **Lárus Örn Lárusson**
**Þórdís Valsdóttir** **Örvar Ásmundsson**
**Kristín Líf Örnudóttir** **Þórður Steinar Hreiðarsson**
**Bryndís Aðalbjörg, Arna og Þórhildur**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Guðríður Lillý**
**Guðbjörnsdóttir**
Strandvegi 2, 210 Garðabæ,

lést á Landspítalanum 14. nóvember.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju
fimmtudaginn 22. nóvember nk. kl. 11.00.

**Gunnar Þór Þórhallsson**
**Margrét Gunnarsdóttir**
**Vilborg Gunnarsdóttir**
**Þórhallur Gunnarsson** **Brynja Nordquist**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri

**Víglundur Þorsteinsson**

lést mánudaginn 12. nóvember.
Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju
í dag kl. 13.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á
Minningarsjóð líknardeildar og
heimahlynningar Landspítalans.

**Kristín María Thorarensen**
**Jón Þór Víglundsson** **Birna Ósk Björnsdóttir**
**Þorsteinn Víglundsson** **Lilja Karlsdóttir**
**Björn Víglundsson** **Helga Árnadóttir**
**Axel Örn Ársælsson** **Sigríður Sveinsdóttir**
**Ásdís María Thorarensen** **Þröstur Þórhallsson**
**og barnabörn.**

# BRAKANDI FERSK RITVERK

## 4 NÝJAR OG FLOTTAR BÆKUR




TILBOÐSVERÐ:
**4.999.-**
Verð áður:
6.999.-

Lifandilífslækur




TILBOÐSVERÐ:
**5.999.-**
Verð áður:
8.499.-

Stefán sterki




TILBOÐSVERÐ:
**4.999.-**
Verð áður:
6.999.-

Vertu stillt!




TILBOÐSVERÐ:
**3.799.-**
Verð áður:
5.499.-

Svarthol


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 22. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Hæg austlæg átt og skýjað með köflum og þurrt að kalla en norðvestlæg átt 5-10 og dálítil rigning NV-til síðdegis. Hiti 3 til 8 stig, en fer heldur kólnandi er líður á daginn, einkum um landið norðaustanvert.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 1° | 0° |
| ← 2 | ↗ 3 | ↖ 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 0° | 4° | -1° |
| ↑ 3 | ↓ 2 | ↑ 5 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | 2° | 3° |
| ← 3 | → 3 | ↖ 1 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 5° | -1° |
| ↗ 3 | ↓ 2 | ↗ 4 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | 5 | | | | 7 |
| | 1 | 6 | 4 | | 7 | | 5 | |
| | | 7 | 8 | | | | | |
| | | 9 | | | | 7 | | |
| 4 | | 3 | 9 | 6 | 1 | | | |
| 1 | | | | 7 | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | 2 | 5 | 8 | | 4 |
| | | | | 8 | 3 | | 2 | |
| 8 | 6 | | | 4 | | 1 | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | 2 | 6 | | | 7 |
| | 9 | | | | 7 | | 6 | 1 |
| | | 8 | | | | 9 | | |
| 4 | | | | | 9 | | | 2 |
| | 8 | 9 | 1 | | | | | 6 |
| 1 | | 3 | 5 | | | | | |
| | | | | | | 2 | | |
| | | | | | | | 1 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | | 1 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 7 | 2 | 4 |
| 4 | | 6 | | | 3 | | 5 | |
| | | | | 5 | | | | |
| | 5 | 8 | 2 | | | | | 6 |
| | 4 | | 6 | | | | | |
| 2 | | | | 4 | | | | |
| | | | | | | 6 | | |
| | 2 | 1 | 7 | | | 9 | | 8 |
| 6 | | 9 | 5 | 8 | | | | 7 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. frystihús
5. hversu
6. kind
8. áhrifamáttur
10. klafi
11. dauði
12. lap
13. snjór
15. ávöxtur
17. nýfallinn snjór

**LÓÐRÉTT**
1. innsveigja
2. prettur
3. hópur
4. fiskur
7. pennafærni
9. klaufi
12. skjótur
14. fugl
16. frá

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** íshús, **5.** hve, **6.** ær, **8.** virkni, **10.** ok, **11.** lát, **12.** sull, **13.** fönn, **15.** ananas, **17.** drift.
**LÓÐRÉTT:** **1.** íhvolfa, **2.** svik, **3.** her, **4.** sænál, **7.** ritlist, **9.** klunni, **12.** snar, **14.** önd, **16.** af.

## Skák Gunnar Björnsson

Loftur Baldvinsson (1.920), Skákdeild KR, átti leik gegn Atla Frey Kristjánssyni (2.177), b-sveit Hugins, á Íslandsmóti skákfélaga fyrir skemmstu.

**14. Hxd6! cxd6 (14...Dxd6 15. Dg4 Dg6 16. Dxg6 hxg7 17. Hh3#). 15. He7 bxc6 16. Hxg7 Dxg7 17. Bxg7+ Kxg7 18. Dg4+** og hvítur vann skömmu síðar. Níunda skák heimsmeistaraeinvígisins fer fram í dag.
**www.skak.is:** Allt um HM einvígið.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 6 | 1 | 2 | 5 | 8 | 4 |
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 4 | 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 2 | 6 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 9 | 6 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 9 | 6 | 8 | 5 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 8 | 6 | 9 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 6 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 5 | 3 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 5 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 |
| 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 1 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 9 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 5 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 3 | 6 | 9 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 6 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 2 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# ÁSTIN, PARÍS, REYKJAVÍK — OG KÓPAVOGUR

**KÓPAVOGSKRÓNIKA EFTIR KAMILLU EINARSDÓTTUR**

## „LÁTIÐ ÞESSA BÓK EKKI FRAMHJÁ YKKUR FARA!“






Móðir skrifar skrautlega sögu sína til dóttur sinnar. Sögusviðið er Kópavogur, bærinn sem er slys og átti aldrei að verða til.

**„ÞETTA ER ÁSTARSAGA NÚTÍMANS SÖGÐ AF KJAFTFORU KÆRULEYSI Í BLAND VIÐ UNDURBLÍÐA VIÐKVÆMNI.“**

**HALLDÓR GUÐMUNDSSON, BÓKMENNTAFRÆÐINGUR**

---

**AÐ EILÍFU ÁSTIN**
**EFTIR FRÍÐU BONNIE ANDERSEN**

## „HEILLANDI!“

París millistríðsáranna og Reykjavík í síðari heimsstyrjöld. Einlæg, grípandi og ögrandi skáldsaga sem heldur lesandanum föngnum í mögnuðum söguheimi.






**„HEILLANDI YNDISLESTUR. NJÓTIÐ ÞESS AÐ LESA BÓKINA, ÞAÐ GERÐI ÉG SVO SANNARLEGA.“**

**GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR**

VERÖLD

BJARTUR-VEROLD.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# MENNING

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

### 21. NÓVEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** 5. sellósvíta Bachs í Salnum
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Miðvikudaginn 21. nóvember klukkan 12.15 leikur Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari 5. svítu Bachs í Salnum, Kópavogi. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Tónleikar – Í hjarta Parísar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Kristján Karl Bragason píanóleikari flytja franska tónlist og frumflytja verk eftir Gísla J. Grétarsson „Les escaliers des rues de Paris.“

**Hvað?** Styrktartónleikar fyrir Söndru
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Styrktartónleikar fyrir Söndru Lind miðvikudaginn 21. nóvember á Hard Rock Café. Kynnar kvöldsins verða Nökkvi Fjalar og Aron Ingi. Fram koma: Stuðlabandið, Stefán Hilmarsson, Ívar, Úlfur Úlfur, Misty, Eyfi, Páll Rósinkranz, Hlynur Ben og Bjarni Ómar.

**Hvað?** Tómas Jónsson tríó á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hörpu
Haustdagskrá Múlans heldur áfram og á þessum tónleikum kemur fram tríó píanóleikarans Tómasar Jónssonar. Ásamt Tómasi koma fram gítarleikarinn Rögnvaldur Borgþórsson og Magnús Trygvason Eliassen sem leikur á trommur. Tríóið spilar tónlist eftir Tómas í opnum útsetningum.

### Viðburðir

**Hvað?** Guðrún Eva Mínervudóttir um biblíuna
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkju
Hvaða minningar á Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur um Biblíuna? Í haust mun hópur fólks tala um Biblíuna í Hallgrímskirkju, rifja upp persónulegar minningar og ræða um nútímagildi biblíuboðskapar. Guðrún Eva er síðust í röð frummælenda í Biblían – menning og minning.

**Hvað?** Ljóðakvöld í Iðu Zimsen



**Hermigervill verður með DJ set á bjórkynningu á Kex Hosteli í kvöld.**

**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Iða Zimsen, Vesturgötu
Skáldin Anton Helgi Jónsson, Birgitta Jónsdóttir, Björk Þorgrímsdóttir, Haukur Ingvarsson og Valdimar Tómasson lesa upp í Iðu Zimsen.

**Hvað?** Opnar vinnustofur listamanna Grósku
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Garðatorgi 1
Listamenn Grósku verða með vinnustofur sínar opnar fyrir gesti og gangandi miðvikudagskvöldið 21. nóvember kl. 17-22. Jafnframt verða verk eftir Gróskufélaga til sýnis og sölu í sýningarsal Grósku. Þarna gefst frábært tækifæri til að spjalla við listamennina sjálfa og eignast listaverk stór og smá. Vinnustofurnar eru bæði á jarðhæð og efri hæð í Gróskusalnum við Garðatorg 1 í Garðabæ.

**Hvað?** Fullveldi: Hvað er það?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Er til ein kjarnamerking hugtaksins fullveldi eða eru skoðanir skiptar um inntak þess? Hefur fullveldishugtakið breyst síðan 1918? Er skilningur Íslendinga á fullveldishugtakinu frábrugðinn því sem gerist í nágrannalöndum? Um þetta verður rætt á fundi í Norræna húsinu 21. nóvember kl. 17.00–18.15. Fundarstjóri er Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor í stjórnmálafræði.

**Hvað?** Jólabjórakynning Kex Brewing
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kex hosteli, Skúlagötu
Miðvikudaginn 21. nóvember, milli kl. 17 og 19 er þér og þínum boðið í hátíðlega bjórsmökkun á Kexi Hosteli. KEX Brewing kynnir til leiks þrjár tegundir af jólabjór sem gestum er velkomið að dreypa á. Hermigervill verður með DJ set á meðan leikar standa og tryggir að allir séu í banastuði.

**Hvað?** Áföll í æsku og streita á fullorðinsárum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fosshóteli, Þórunnartúni
Auður Harpa Andrésdóttir er með BA-próf í sálfræði frá Háskólanum á Akureyri og fjallaði lokaverkefni hennar um áföll í æsku en það heitir „Valda áföll í æsku heilsubresti seinna á ævinni?“. Auður Harpa er vinsæll þjálfari og kennir m.a. fólki á öllum aldri að dansa. Fyrirlesturinn er í boði Heilsuhússins.

**Hvað?** Griðastaður – Lokasýningar!
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Það er komið að lokasýningum á Griðastað. Síðustu sýningar verða í Tjarnarbíói miðvikudaginn 21. nóvember og laugardaginn 24. nóvember kl. 20.30. Ekki missa af þessum ljúfsára einleik í flutningi Jörundar Ragnarssonar.

**Hvað?** Tilraunakvöld #1
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Rýmd Völvufelli
Sviðið er opið: Skráið ykkur á lista og þið verðið kölluð upp. Þetta er kjörið tækifæri til að sýna verk í vinnslu eða eitthvað frekar illa út hugsað. Ekki samt láta fara of vel um ykkur því þið verðið rekin af sviðinu eftir 5 mínútur.

### Sýningar

**Hvað?** In Isolation - OPNUN
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Listastofunni, Hringbraut
Í samstarfi á ferðalögum sínum um afskekkta landshluta veitir hver listamaður einstöku sjónarhorni skjalfestu um friðsæla, djúpstæða, fallega, einangraða staði og eru þeir komnir hér saman til að búa til frásögn um ferð sína.


## Grundarfjarðarkirkja



**Laus er staða organista og kórstjóra við Grundarfjarðarkirkju frá og með 1. febrúar 2019**

Í Grundarfirði búa rúmlega 850 manns og er þar hefð fyrir miklu og góðu tónlistarlífi. Um er að ræða 50% starf. Laun eru greidd skv. kjarasamningi FÍH.

Í Grundarfjarðarkirkju er 13 radda pípuorgel smíðað af þýska orgelsmiðnum Reinhart Tzschöckel. Einnig er Atlas-flygill í kirkjunni.

Áhugasamir hafi samband við sóknarprest, sr. Aðalstein Þorvaldsson í síma 862 8415 eða formann sóknarnefndar Guðrúnu M. Hjaltadóttur í síma 899 5451. Umsóknir skulu sendar á netfangið skallabudir@simnet.is

**Umsóknarfrestur er til 10. janúar 2019**

*Sóknarnefnd*



## SKRIFBORÐSSTÓLAR



**Syrusson skrifstofuvörur**

Síðumúla 33 | Sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is


## Guð er suðurríkjamaður

**TÓNLIST**

**Hershöfðinginn (The General)**

★★★★★

**Norðurljós í Hörpu**

laugardaginn 17. nóvember

**Kvikmynd frá 1926, sýnd við lifandi tónlist Davíðs Þórs Jónssonar.**

**Flytjendur:** Davíð Þór og Lúðrasveitin Svanur undir stjórn Carlosar Caro Aguilera.

Í annarri Twin Peaks þáttaröðinni er maður nokkur búinn að missa vitið. Hann ver öllum tíma sínum í að endurskapa bandarísku borgarastyrjöldina með tindátum og tilheyrandi. Á táknrænan hátt er hann þannig að heyja sína innri baráttu. Á einum tímapunkti segir hann: „Aðeins Guð getur stoppað okkur nú, og ég trúi því að Guð sé suðurríkjamaður.“ Geðlæknirinn hans stendur hjá, hann tekur þátt í leiknum og hrópar: „Hallelúja!“

Mig langaði líka til að standa upp og hrópa hallelúja á tónleikum Lúðrasveitarinnar Svans í Norðurljósum í Hörpu á laugardaginn. Þar var sýnd kvikmyndin Hershöfðinginn með Buster Keaton, ein af perlum þöglu myndanna. Tónlistin var eftir Davíð Þór Jónsson og hann tók líka þátt í flutningi hennar, fyrst og fremst með píanóleik, en svo spilaði hann einnig á banjó. Myndin fjallar um tiltekin átök suður- og norðurríkjamanna með húmorísku ívafi, og þeir fyrrnefndu vinna þá baráttu. Lestir leika mikilvæga rullu og stór partur myndarinnar er eltingarleikur á teinunum þar sem lestunum er ekið fram og til baka með alls konar uppákomum. Það er ótrúlega magnað.



**Buster Keaton í meistaraverki sínu, Hershöfðingjanum.**

Margir hafa spreytt sig á því að semja tónlist við Hershöfðingjann á undanförnum árum. Tónlist Davíðs Þórs fyrir lúðrasveitina var stórskemmtileg, glannaleg og full af gleði. Hún var líka hófleg endurtekningarsöm til að skapa samfellu í stemningunni; þráðurinn slitnaði aldrei. Nema kannski þegar Davíð Þór fór að spila einn á píanóið, sem var nokkuð langsótt og virkaði a.m.k. ekki með myndinni. Sennilega hefði lúðrasveitin átt að leika allan tímann; það hefði skapað sterkari heildarmynd.

Sveitin stóð sig prýðilega. Hún samanstendur aðallega af ungu áhugafólki, og því var ekki hægt að ætlast til að allt væri fullkomið tæknilega séð. Leikgleðin, galsinn og krafturinn var þó afar smitandi. Myndin sjálf var líka fyndin, ekki síst að búið var að íslenska og staðfæra skjátextana. Til að mynda kom Hveragerði við sögu og persónurnar hétu íslenskum nöfnum. Ekki var talað um suður- og norðurríkjamenn, heldur Sunn- og Norðlendinga, og þar fram eftir götunum. Þessi skondni texti kallaði fram hláturgusur áhorfenda aftur og aftur.

Stjórnandi var Carlos Caro Aguilera, og var hann mjög nákvæmur því hljóðfæraleikurinn passaði ávallt við það sem sást á tjaldinu. Samspil Davíðs Þórs og hljómsveitarinnar var líka skemmtilega litríkt, og sérstaklega var gaman að heyra í banjóinu, sem framkallaði andrúmsloft villta vestursins einkar vel. Heildarútkoman var eftirminnileg og frumleg; meira svona mætti svo sannarlega vera í tónlistarlífinu á Íslandi. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Frumlegir tónleikar; skemmtileg kvikmynd með magnaðri tónlist og líflegum tónlistarflutningi.





**GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS**

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Juliusz (POLISH WITH ENGLISH SUB) | 17:45 | *Fashion Film Festival 2018* | |
| Hinn seki // Den skyldige (ICE SUB) | 18:00 | FFF: The True Cost (ICE SUB) | 20:00 |
| Kalt stríð // Cold War (ICE SUB) | 18:00 | Mæri // Border (ENG SUB) | 22:00 |
| Litla Moskva (ICELANDIC - NO SUB) | 20:00 | Blindspotting (ICE SUB) | 22:00 |
| Fjallakofinn+Holmlands: ALL IN | 20:00 | Undir Halastjörnu (ENG SUB) | 22:15 |





# Kalkúnaveisla á þakkargjörð

## KALKÚNAHLAÐBORÐ Á HÓTEL CABIN
## 22. OG 23. NÓVEMBER



Kalkúnahlaðborð Hótel Cabin er tilhlökkunarefni fjölda matgæðinga og það gleður okkur að blása til þessarar árvissu veislu **fimmtudaginn 22. og föstudaginn 23. nóvember.** Í boði er okkar margrómaði kalkúnn, ljúffengt meðlæti og eftirréttur sem fullkomnar frábæra máltíð. Spennandi kostur fyrir fjölskyldur, stærri hópa og fyrirtæki.



- **3.300 kr. í hádegi 22. og 23. nóvember**
- **4.400 kr. kvöldið 23. nóvember – djasstónar undir borðhaldi**
- **Frítt fyrir 5 ára og yngri og 50% afsláttur fyrir 6–12 ára börn**
- **Borðapantanir í síma 511 6030 eða á booking@hotelcabin.is**

**Hotel Cabin**

Borgartúni 32 | Sími 511 6030 | hotelcabin.is

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




### JAMIE COOKS ITALY
KL. 19:50

Sérlega smart og skemmtilegir matreiðsluþættir þar sem meistari Jamie Oliver leggur upp í spennandi ferð um Ítalíu í leit að klassískum uppskriftum og ekta ítölskum réttum eins og þeir gerast allra bestir.




**Frábær miðvikudagur**

Fáðu þér áskrift á **stod2.is**



### GREY´S ANATOMY
KL. 20:45

Það er allt að gerast á bráðadeildinni á Grey-Sloan spítalanum og nú hafa nýir læknar bæst við bráðadeildina sem eiga það til að flækja málin.

### THE GOOD DOCTOR
KL. 21:30

Dramatískir þættir um ungan einhverfan skurðlækni sem er ráðinn á barnadeild á mikilsvirtu sjúkrahúsi. Það mun hugsanlega draga dilk á eftir sér.



### CAMPING
KL. 22:15

Það úr vöndu að ráða þegar blása á í glæður hjónabandsins. Gráglettnir gamanþættir úr smiðju HBO með Jennifer Garner og David Tennant í aðalhlutverkum.




### WENTWORTH
KL. 22:45

Skemmtilegir og dramatískir spennuþættir um lífið innan veggja hættulegasta kvennafangelsis Ástralíu.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.

**stod2.is**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Ævintýri Tinna**
**07.45 Strákarnir**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Jamie's 15 Minute Meals**
**10.45 The Big Bang Theory**
**11.05 Spurningabomban**
**11.50 Deception**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Masterchef The Professionals Australia**
**13.40 Hugh's War on Waste**
**14.40 The Heart Guy**
**15.30 The Night Shift**
**16.15 PJ Karsjó**
**16.35 Léttir sprettir**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Fréttayfirlit og veður**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 I Feel Bad**
**19.55 Jamie Cooks Italy** Glæsilegir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver sem fer hér í sérlega spennandi ferð um gervalla Ítalíu í leit að uppskriftum að gómsætum réttum. Ítölsk matargerð á sér langa og margbrotna sögu og hér fer Jamie með okkur í heimsókn til kostakokka sem allir eiga það sameiginlegt að geta töfrað fram ekta ítalskan mat.
**20.45 Grey's Anatomy**
**21.30 The Good Doctor** Önnur syrpa þessara vönduðu og dramatísku þátta með Freddie Highmore í aðalhlutverki sem fjallar um ungan skurðlækni sem er bæði einhverfur og með savant-heilkenni og er ráðinn á barnadeild á mikilsvirtu sjúkrahúsi.
**22.15 Camping**
**22.45 Wentworth**
**23.35 Lethal Weapon**
**01.15 Alex**
**02.00 Humans**
**02.50 Next of Kin**
**03.35 Next of Kin**
**04.20 Next of Kin**
**05.05 American Ultra**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00 Svíþjóð - Rússland**
**09.40 Portúgal - Pólland**
**11.20 Þjóðadeildarmörkin**
**11.40 Valur - FH**
**13.10 Stjarnan - Akureyri**
**14.40 Seinni bylgjan**
**16.10 Katar - Ísland**
**17.50 Svíþjóð - Rússland**
**19.30 Portúgal - Pólland**
**21.10 Þjóðadeildarmörkin**
**21.30 New Orleans Saints - Philadelphia Eagles**
**23.50 Premier League World**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00 Huddersfield - West Ham**
**09.50 Southampton - Watford**
**11.35 Cardiff - Brighton**
**13.20 Leicester - Burnley**
**15.00 Formúla 1: Brasilía - Kappakstur**
**16.55 Stjarnan - Tindastóll**
**18.35 Domino's körfuboltakvöld**
**20.10 Newcastle - Bournemouth**
**21.55 Crystal Palace - Tottenham**
**23.35 Premier League Review**

## STÖÐ 3

**19.10 Baby Daddy**
**19.35 Schitt's Creek**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 It's Always Sunny in Philadelpia**
**21.15 All American**
**22.00 American Horror Story 8: Apocalypse**
**22.45 Supergirl**
**23.30 Arrow**
**00.40 Schitt's Creek**
**01.05 Seinfeld**
**01.30 Friends**
**01.55 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Pingu**
**07.55 Sumardalsmyllan**
**08.00 Strumparnir**
**08.25 Ævintýraferðin**
**08.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**08.48 Hvellur keppnisbíll**
**09.00 Stóri og Litli**
**09.13 Tindur**
**09.23 Mæja býfluga**
**09.35 K3**
**09.46 Grettir**
**10.00 Könnuðurinn Dóra**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Pingu**
**11.55 Sumardalsmyllan**
**12.00 Strumparnir**
**12.25 Ævintýraferðin**
**12.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**12.48 Hvellur keppnisbíll**
**13.00 Stóri og Litli**
**13.13 Tindur**
**13.23 Mæja býfluga**
**13.35 K3**
**13.46 Grettir**
**14.00 Könnuðurinn Dóra**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Pingu**
**15.55 Sumardalsmyllan**
**16.00 Strumparnir**
**16.25 Ævintýraferðin**
**16.37 Gulla og grænjaxlarnir**
**16.48 Hvellur keppnisbíll**
**17.00 Stóri og Litli**
**17.13 Tindur**
**17.23 Mæja býfluga**
**17.35 K3**
**17.46 Grettir**
**18.00 Könnuðurinn Dóra**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Frummaðurinn**

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Golfing World**
**08.50 The RSM Classic**
**12.15 PGA Highlights**
**13.10 CME Group Tour Championship**
**16.25 Golfing World**
**17.15 CME Group Tour Championship**
**20.20 Golfing World**
**21.10 CME Group Tour Championship**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15 A Late Quartet** Tónlistarmynd frá 2012 með Philip Seymour Hoffman, Catherine Keener og Christopher Walken. Fjórar ólíkar manneskjur sem skipa saman heimsfrægan og virtan strengjakvartett þurfa að horfast í augu við að aldurinn sé að færast yfir.
**14.00 Manglehorn** Dramatísk mynd frá 2014 með Al Pacino og Holly Hunter. A.J. Manglehorn er fáskiptinn og sérvitur lásasmiður í Texas sem eyðir deginum aðallega í að annast köttinn sinn, vinna og syrgja konu sem hann elskaði eitt sinn og missti.
**15.35 Sundays at Tiffanys**
**17.05 A Late Quartet**
**18.50 Manglehorn**
**20.30 Sundays at Tiffanys**
**22.00 Girl, Interrupted**
**00.10 Flatliners**
**02.00 Woodshock**
**03.40 Girl, Interrupted**

## RÚV

**13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2010-2011**
**13.50 Úr Gullkistu RÚV: Maðurinn og umhverfið**
**14.20 Úr Gullkistu RÚV: Gott kvöld**
**15.15 Úr Gullkistu RÚV: Ferðastiklur**
**16.00 Úr Gullkistu RÚV: Fjórar konur**
**16.30 Úr Gullkistu RÚV: Sjónleikur í átta þáttum**
**17.15 Sítengd - veröld samfélagsmiðla**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Gló magnaða**
**18.17 Sígildar teiknimyndir**
**18.24 Sögur úr Andabæ**
**18.45 TRIX**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Kiljan**
**20.40 Við getum þetta ekki**
**21.15 Rívíeran**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Oslóardagbækurnar**
**00.00 Kveikur**
**00.35 Kastljós**
**00.50 Menningin**
**01.00 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.47 The Tonight Show**
**09.34 The Late Late Show**
**10.20 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.24 King of Queens**
**12.46 How I Met Your Mother**
**13.09 Dr. Phil**
**13.55 Ally McBeal**
**14.43 LA to Vegas**
**15.09 A Million Little Things**
**16.01 Everybody Loves Raymond**
**16.23 King of Queens**
**16.49 How I Met Your Mother**
**17.12 Dr. Phil**
**18.05 The Tonight Show**
**18.50 The Late Late Show**
**19.35 Survivor**
**20.25 Líf kviknar**
**21.00 New Amsterdam**
**21.50 Station 19**
**22.35 Elementary**
**23.20 The Tonight Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 9-1-1**
**02.25 Law & Order: Special Victims Unit**
**03.15 Trust**
**04.15 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

GEÐVEIKT MEÐ KÖFLUM EFTIR SIGURSTEIN MÁSSON

# TVÍSÝN GLÍMA!

„ÉG VAKNA EINN UPP Á ÓKUNNUM STAÐ
OG HEF ENGA HUGMYND UM HVAR ÉG ER.“






Í bókinni ***Geðveikt með köflum*** fjallar Sigursteinn Másson af einlægni og hispursleysi – en líka kankvísi – um lífshlaup sitt og andleg veikindi, hvernig hann sá samsæri í hverju horni, og meðal annars um þátt Guðmundar- og Geirfinnsmála í veikindunum.

**ÁHRIFAMIKIL FRÁSÖGN AF GLÍMU VIÐ ERFIÐAN SJÚKDÓM OG TVÍSÝNA LEIÐ TIL BATA.**

BJARTUR

BJARTUR-VEROLD.IS

# Frægir í fangelsi

Rapparinn umdeildi Takashi 6ix9ine gæti fengið að dúsa næstu 30 árin í fangelsi ef hann verður dæmdur sekur fyrir nýjustu ákærurnar. Þetta fræga fólk er alltaf í einhverju veseni og hér eru nokkrir frægir í fangelsi.



## Jared Fogle

Fyrrverandi talsmaður samlokukeðjunnar Subway dúsir nú í 15 ára fangelsi fyrir að eiga barnaklám og fyrir að hafa ferðast yfir fylkjamörk til að borga fyrir kynlíf með manneskjum undir aldri.



## Shelley Malil

Leikarinn úr 40 Year Old Virgin réðst á kærustuna sína árið 2008 og stakk hana 20 sinnum. Ástæðan fyrir árásinni var sú að hún var að drekka vín með öðrum manni. Hann fékk reynslulausn snemma á þessu ári þrátt fyrir að hafa verið dæmdur í lífstíðarfangelsi.

## Joe Son

Þekktastur fyrir að hafa leikið Random Task í Austin Powers-myndunum. Hann keppti einnig í UFC en frammistaða hans þar vakti mikla athygli þar sem Keith Hackney, mótherji hans, vann bardagann með því að kýla hann margoft í hið allra heilagasta – en það var leyfilegt á þessum tíma (UFC 4 árið 1994). Hann situr nú í fangelsi fyrir ýmsa hræðilega glæpi en hann tók þátt í að ræna og nauðga konu árið 1990. Fyrir það hlaut hann lífstíðardóm. Eftir að hafa setið inni í einn mánuð myrti hann klefafélaga með, eins og segir í dómnum, „hnefahöggum og spörkum“.





## Ricardo Medina

Það veit enginn hver Ricardo Medina er en hann lék víst í einhvers konar samurai-útgáfu af Power Rangers. Hann situr nú í fangelsi eftir að hafa stungið herbergisfélaga sinn með... jú, samuraí-sverði auðvitað. Það væri kannski fyndið ef félaginn hefði ekki látist.



## Phil Spector

Einn frægasti pródúsent tónlistarsögunnar er líka morðingi. Hann myrti leikkonuna Lönu Clarkson árið 2003 með köldu blóði og situr nú inni fyrir það og mun líklega ekkert yfirgefa steininn.



## Oscar Pistorius

Spretthlauparinn Oscar Pistorius skaut Reevu Steenkamp til bana árið 2013 eftir rifrildi. Hann var upphaflega dæmdur í 5 ára fangelsi fyrir manndráp en því var svo árið 2015 breytt í morð og dómur hans lengdur. Réttarhöldin yfir Pistorius vöktu mikla athygli um allan heim á sínum tíma.



## Suge Knight

Hann mætti á settið á kvikmyndinni Straight Outta Compton og keyrði þar yfir tvo menn með þeim afleiðingum að annar þeirra lést. Hann mun eyða næstu 30 árum í fangelsi fyrir vikið – en hann verður þá orðinn 80 ára.

SKRÍTIN HEGÐUN Á HLUTABRÉFAMARKAÐI?

Opinn fundur í stofu M102 í aðalbyggingu Háskólans á Akureyri föstudaginn 23. nóvember kl. 12-13



Stefán Gunnlaugsson
Hagfræðingur



Vilhjálmur Bjarnason
Viðskiptafræðingur

Allir velkomnir!

HÁSKÓLI ÍSLANDS VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD
Háskólinn á Akureyri
Samtök sparifjáreigenda

ALDREI AFTUR! - FUNDARÖÐ SAMTAKA SPARIFJÁREIGENDA

ORIGAMI SUSHI

Í HAGKAUP

BÚIÐ TIL DAGLEGA

NÝTT FRÁ ORIGAMI



## VOLCANO

4 bitar djúpsteikt tempura makirúlla, spicy surimisalat, tempura rækja, gúrka og avocado
4 bitar insideout makirúlla , með tempura rækju, spicy tuna, gúrka og avocado

1.299 kr 8 bitar

## OKKAR VINSÆLUSTU MAKI RÚLLUR



## SURF AND TURF

Hvítlaukshumar, nautalundir, avocado, salat, tempuraflögur, spicy majónes, teriyaki og steinselja

1.599 kr 8 bitar

## TERIYAKI KJÚKLINGUR

Teriyaki kjúklingur, avocado, klettasalat, teriyaki sósa, tempuraflögur og spicy majónes

1.399 kr 8 bitar



HAGKAUP *Meira svona alla daga*










Arnmundur ofan á rúmfötunum góðu í Betra bak þar sem hægt er að fá sængur- og koddaverið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Verndarvængur á sængurver

Börn Eddu Heiðrúnar Backman hafa í samstarfi við Betra bak látið setja eina af þekktustu myndum hennar, Verndarvæng, á sængurver. Sonur hennar segist hlakka til að hjúfra sig undir sænginni.

Það stóð alltaf til að gera eitthvað með myndirnar hennar mömmu. Hún var vinur og í miklum samskiptum við fjölskylduna sem á Betra bak. Upphaflega byrjar spjallið þar. Þau höfðu gert svipaða hluti með Tolla á sínum tíma og eftir að ég sá það fannst mér það alveg kjörið að slá til,“ segir Arnmundur Backman, sonur Eddu Heiðrúnar Backman sem lést árið 2016.

**NAFNIÐ ER LÍKA VIÐ HÆFI – VERNDARVÆNGUR. ÞAÐ Á SVO VEL VIÐ ÞETTA VERKEFNI.**

Edda greindist með MND-sjúkdóminn og fann sköpunarkraftinum farveg með því að mála með munninum. Ein af hennar þekktustu myndum, Verndarvængur, er nú komin á sængurver sem fæst hjá Betra baki í Faxafeni. Arnmundur og systir hans Unnur Birna standa að verkefninu en upprunalega verkið hangir inni hjá Arnmundi.

„Myndin sjálf er ekki að fara þaðan. Þetta er sú mynd sem ber hennar listrænu einkenni hvað mest segja mér fróðari menn,“ segir hann og bætir við að hann hlakki til að hjúfra sig undir Verndarvængnum áður en hann sofnar. „Það er falleg hugsun. Nafnið er líka við hæfi – Verndarvængur. Það á svo vel við þetta verkefni.“

Arnmundur sást síðast á skjáum landsmanna í þáttaröðinni Venjulegt fólk sem sýnd var við góðan orðstír í Sjónvarpi Símans. Næst mun hann sjást í Ófærð og svo á sviði í Þjóðleikhúsinu í febrúar. Þar verður hann undir stjórn Benedikts Erlingssonar í sýningu Jóns Gnarrs, Súper. „Það er mikil tilhlökkun. Svo er ég sjálfur að skrifa handrit í frítíma mínum og fæ góð ráð frá góðum vinum,“ segir hann glaður.

**benediktboas@frettabladid.is**



Edda Heiðrún Backman málaði ótrúlegar myndir með munninum. Hér með pensilinn að vinna að einu meistaraverkinu þar sem spói er myndefnið.

### Verndarvængur

Verndarvængur kemur úr sérlega mjúku bómullarsatíni, segir á vef Betra baks. Rúmfötin eru framleitt fyrir Betra bak af þýska merkinu Elegante. Fást 140×200 cm, extra löng (140×220 cm) og sem stök koddaver.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

TILBOÐ DAGSINS GILDA AÐEINS Í DAG, MIÐVIKUDAG, OG Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST





BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
35%
AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN



RELIEVE
Hægindastóll og skemill.
Svart Fantasy- eða grátt Bolzano-leður.

Svart Fantasy leður
172.244 kr. ~~264.990 kr.~~
Skemill
50.044 kr. ~~76.990 kr.~~

Grátt bolzano leður
178.744 kr. ~~274.990 kr.~~
Skemill
51.994 kr. ~~79.990 kr.~~

VIÐ TELJUM NIÐUR Í SVARTAN FÖSTUDAG

BLACK FRIDAY TILBOÐ DAGSINS



BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
40%
AFSLÁTTUR

CLARKSTON
Leður La-Z-Boystóll. Svartur, vínrauður eða brúnn. Stærð: 97 × 102 × 118 cm
119.994 kr. ~~199.990 kr.~~



BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
50%
AFSLÁTTUR

OBVIOUS
Sjónvarpsskápur, svartur.
Stærð: 151 x 40 cm H: 49,8 cm.
19.995 kr. ~~39.990 kr.~~



BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
40%
AFSLÁTTUR

MATI
Hornsófi frá Furninova. Svart Catren áklæði.
Hægri eða vinstri tunga. Stærð: 284 x 213 x 80 cm
239.994 kr. ~~399.990 kr.~~

BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
50%
AFSLÁTTUR



IVV IROKO
Glös 30 og 40 cl. og
13 cm skál. Glært ítalskt gler.

Glas 30 cl
795 kr.
~~1.590 kr.~~

Glas 40 cl
895 kr.
~~1.790 kr.~~

Skál
895 kr.
~~1.790 kr.~~

BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
60%
AFSLÁTTUR



ACURA
Borðstofustóll. Dökkgrátt
áklæði eða svart leður með svörtum stálfótum.

Áklæði
14.396 kr.
~~35.990 kr.~~

Leður
15.996 kr.
~~39.990 kr.~~

BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
50%
AFSLÁTTUR



IVV CONVIVIUM
Svart 40 cl. rauðvínsglas
á glærum fæti
1.245 kr. ~~2.490 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR



Davíðs Þorlákssonar

## Út bakdyramegin?

Eins drepleiðinlegt og það kann að hljóma þá kemst enginn upplýstur kjósandi hjá því að setja sig aðeins inn í þriðja orkupakka Evrópusambandsins sem Ísland þarf að innleiða vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Til að einfalda þér lífið þá er þetta það sem þú þarft að vita: Þriðji orkupakkinn mun ekki hafa nein áhrif á almenning á Íslandi, felur ekki í sér framsal á forræði yfir auðlindum, felur ekki í sér framsal valds til ESB og skyldar okkur ekki til að leggja sæstreng. Samt er þessu öllu haldið fram í umræðunni.

Það var gæfuspor að ákveðið var að orkumál yrðu hluti af EES. Fyrsti og annar orkupakkinn hafa fært okkur grundvöll fyrir markað og samkeppni í framleiðslu og sölu á rafmagni. Enda ættu ekki önnur lögmál að gilda um rafmagn en aðrar neysluvörur. Samkeppni lækkar verð og bætir þjónustu. En af hverju er þá þessi hiti út af orkupakkanum? Sumir virðast nota hann sem tylliástæðu til þess að skapa umræðu um útgöngu Íslands úr EES án þess að segja það berum orðum. Og skyldi engan undra enda er vandséð að mikill stuðningur væri við það.

Innganga Íslands í EES er það besta sem hefur komið fyrir Ísland í mjög langan tíma. Útflutningsfyrirtækin, sem eru grundvöllur lífsgæða okkar allra, hafa í gegnum EES aðgang að innri markaði Evrópu. Það er því mikilvægt að ríkið innleiði orkupakkann og standi vörð um veru Íslands í EES en láti það ekki gerast að okkur verði laumað út bakdyramegin.










*Aðra leið með sköttum. Valdir áfangastaðir og takmarkað sætaframboð. Skilmálar gilda: wowair.is/smattletur
WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS